


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Bækur




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
10. nóvember 2010
264. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Töff tískusýning

*Nemendur á fataiðnbraut Tækniskólans sýna hönnun sína á Unglist.*

fólk 30

## Ver doktorsritgerð

*Lárus Guðmundsson hefur fundið tengsl milli mígrenis og hjartasjúkdóma.*

tímamót 20



## Léttari riðillinn

*Íslenska 21 árs liðið er með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi í riðli á EM næsta sumar.*

sport 26

## veðrið í dag




**HVASST Í KVÖLD** Vaxandi A-átt á landinu í dag, hvassast SA-til. Snjókoma N- og A-lands en bjartviðri V-til. Frost víðast 0-6 stig.

VEÐUR 4



**Í MORGUNSKÍMUNNI** Morgunsólin brosti sínu fegursta yfir íbúa höfuðborgarinnar í gær. Þó er hætt við að geislar hennar hafi truflað margan bílstjórann sem ók Hringbrautina til austurs. Við þessar aðstæður er réttast að fara að öllu með gát, en samkvæmt ráðleggingum Umferðarstofu skiptir þá mestu að framrúðan sé hrein og sólgleraugun við höndina. Ökumenn eru þá hvattir til að horfa vel fram á veginn þannig að þeir viti hvað er fram undan ef sólin blindar þá skyndilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vegagerð fyrir tugi milljarða í sjónmáli

**Vel hefur miðað í viðræðum ríkisins og lífeyrissjóðanna um fjármögnun á tugmilljarða vegaframkvæmdum. Meginforsendur liggja fyrir en ósamið er um vexti. Vaxtalækkun Seðlabankans í síðustu viku liðkaði fyrir viðræðunum.**

**FRAMKVÆMDIR** Mjög hefur dregið saman með kröfum ríkisins og lífeyrissjóðanna um vexti í viðræðum um fjármögnun sjóðanna á vegaframkvæmdum fyrir á fjórða tug milljarða króna.



ARNAR SIGURMUNDSSON

Formlegar viðræður hafa staðið frá því í júlí. Talsvert er um liðið síðan aðilar náðu saman um allar meginforsendur og í nokkurn tíma hafa viðræðurnar einskorðast við vexti. Viðræðunefndirnar funda í dag.

„Það er eðlilegt að mikið hafi borið í milli en menn hafa verið að þétta netið og töluvert hefur áunnist," segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða.

### Verkefnin

Verkefnin sem um ræðir eru tvöföldun Suðurlandsvegar austur fyrir Selfoss, tvöföldun Reykjanesbrautar suður fyrir Straum, lagning 2+1 vegar á Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum og göng gegnum Vaðlaheiði.

Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, sem stýrir viðræðunum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, tekur í sama streng. Að hans sögn fékk verkefnið byr undir báða vængi í síðustu viku.

„Það er engin launung á því að við biðum eftir síðustu vaxtaákvörðun og funduðum ekki í tvær vikur fram að henni. Ákvörðunin varð svo til þess að liðka fyrir málum." Seðlabankinn lækkaði vexti um 0,75 prósentustig á miðvikudag sem varð til þess að samkomulag náðist við lífeyrissjóðina um vaxtakjör á lánum til framkvæmdanna.

Heildarkostnaður er metinn rúmir 30 milljarðar króna og rúmir 38 milljarðar með virðisaukaskatti.

Samhliða viðræðum um fjármögnun hefur Vegagerðin unnið að undirbúningi þriggja afmarkaðra verka. Áætlanir miða að því að hægt verði að leita eftir verktökum stuttu eftir að samningar um verkefnið í heild hafa náðst. Þá verði hægt að efna til útboðs vegna tveggja kafla á Suðurlandsvegi og forvals vegna Vaðlaheiðarganga.

Gangi allt eftir geta framkvæmdir hafist snemma á næsta ári og er reiknað með að þeim ljúki um mitt ár 2015. Hyggst ríkið endurgreiða lífeyrissjóðunum lánið, sem ekki nýtur ríkisábyrgðar, með innheimtu veggjalda.

- bþs

Sýnir þakklæti sitt í verki:

## Prjónar handa vökudeildinni

**FÓLK** Mörg hundruð manns ætla að prjóna húfur handa fyrirburum á vökudeild. Hugmyndin er komin frá Hafdísi Priscillu Magnúsdóttur en hún eignaðist barn fyrir tímann í fyrra.

Hafdísi fannst erfitt að finna húfur á litla kollinn. Þá datt henni í hug að prjóna húfur handa börnum sem dvelja á vökudeildinni. Hafdís sagði frá húfunum á Facebook og nú vilja mörg hundruð manns prjóna með.

- ka / sjá síðu 30

Einlæg og áhrifamikil
Ævisaga stórsöngvarans er komin út







Kynngimögnuð
PBB / FT
FB / FBL



## SPURNING DAGSINS



*Jón, er Dior ekki að sækja vatnið yfir lækinn?*

„Nei, þeir eru að sækja það yfir hafið, bláa hafið.“

Franska snyrtivörufyrirtækið Christian Dior hefur samið við fyrirtækið Icelandic Water Holdings um að framleiða krem úr vatni úr Ölfusi. Jón Ólafsson er stjórnarformaður Icelandic Water Holdings.

Réttarhöldum í máli Glitnis gegn sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs frestað:

# Brynjari Níelssyni skipt út

**DÓMSMÁL** Réttarhöldum í máli slitastjórnar Glitnis gegn svokallaðri klíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar var frestað í gær. Til stóð að tekist yrði á um frávísunarkröfu sjömenninganna fyrir dómi í New York, en dómari veitti þeim frest til að skila inn frekari athugasemdum vegna nýrra gagna sem slitastjórnin hefur lagt fyrir dóminn.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



BRYNJAR NÍELSSON



STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, frétti af frestuninni með eins dags fyrirvara. Ný dagsetning hefur ekki verið ákveðin. „Við erum að vona að þetta verði ekki mjög langur frestur,“ segir hún.

Þá hafa stefndu í málinu ákveðið að draga til baka lögfræðiálit Brynjars Níelssonar þess efnis að íslenskir dómstólar séu í stakk búnir til að takast á við svo stórt mál. Deilt hefur verið um álitið vegna þess að Brynjar hafði, sem fyrrverandi ráðgjafi slitastjórnarinnar, aðgang að trúnaðargögnum hennar. Þeir hyggjast leggja fram nýja yfirlýsingu frá íslenskum sérfræðingi og verður nafn hans kynnt síðar. - sh

Bandarískir hermenn:

# Hafa hringt of oft í lögregluna

**ÞÝSKALAND, AP** Hermönnum í bandarískri herstöð skammt frá Kaiserslautern í Þýskalandi hefur verið tilkynnt að þeir þurfi ekki að hringja í þýsku lögregluna þótt þeir sjái fólk í arabískum klæðum sniglast í kringum herstöðina vopnað rifflum af gerðinni AK-47.

Umrætt fólk mun nefnilega vera þátttakendur í æfingum á vegum bandaríska herliðsins. Í tölvupósti, sem hermönnunum var sendur, er þeim þökkuð árveknin, en vinsamlegast beðnir um að láta símann samt eiga sig. - gb



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Sameiningarviðræðum við HR hefur verið slegið á frest. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sameining í uppnámi:

# Slitu viðræðum HR og Bifrastar

**MENNTUN** Sameiningarviðræðum Háskólans í Reykjavík (HR) og Bifrastar hefur verið hætt í bili.

Í viðtali við RÚV segir rektor HR, Ari Kristinn Jónsson, að þessum óformlegu viðræðum sé lokið, meðal annars vegna harðra viðbragða Magnúsar Árna Magnússonar, rektors á Bifröst, í síðustu viku.

Eins og fram hefur komið að undanförnu var Magnús Árni ekki reiðubúinn til að samþykkja sameiningu sem fæli í sér að allt staðnám að Bifröst yrði lagt niður og flutt til HR. Yfirlýsing hans kom þá flatt upp á stjórn Bifrastar. - þj

Kosið til stjórnlagaþings:

# Byrjað að kjósa utan kjörfundar

**STJÓRNLAGAÞING** **Utankjörfundarkosning til stjórnlagaþings hefst í dag hjá sýslumönnum landsins og ræðismönnum og sendiráðum erlendis.**

**Hægt er að kynna sér frambjóðendurna 523 á sérstökum vef dómsmálaráðuneytisins, kosning.is. Þar er enn fremur hægt, með einföldum hætti, að raða frambjóðendum á hjálparkjörseðil, sem síðan er hægt að prenta út og taka með sér í kjörklefann.**

**Kjördagur er 27. nóvember og hafa sumir lýst áhyggjum af því að þá gæti orðið örtröð á kjörstöðum, enda taki lengri tíma að skrifa 25 númer á blað en að setja kross við eitt framboð.** - sh

# Banna gamla fólkinu að fóðra villikattaher

**Urmull af villiköttum er í hrauninu við Hrafnistu í Hafnarfirði. Gamla fólkið laumaði til þeirra mat en það hefur nú verið harðbannað. Opinberir aðilar neita að eyða köttunum. Elliheimilið situr uppi með vandann og kostnaðinn.**

**DÝRAHALD** „Í fyrra var þetta orðin alger plága svo við fengum meindýraeyði og hann tók tólf stykki. Þetta voru allt saman kolvitlausir villikettir,“ segir Björgvin Þórðarson, húsvörður hjá Hrafnistu í Hafnarfirði, um kattaplágu í hrauninu við hjúkrunarheimilið.

Hrafnista er á bæjarmörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Björgvin segist hafa óskað eftir því við bæði sveitarfélögin að þau leystu málið en hvorugt vilji sinna því.

„Bæjarfélögin segja að þetta séu ekki meindýr. Það yrði talsverður kostnaður fyrir stofnunina að fara að uppræta þessa villiketti sem í rauninni koma okkur ekki við,“ segir Björgvin.

Meðlimir í Kattavinafélagi Íslands blanda sér í málið. „Sum þessi dýr eru slösuð, einnig eru þarna ung dýr sem lifa ekki veturinn af þarna. Vistmenn á Hrafnistu hafa hingað til laumað til þeirra mat en nú er búið að banna þeim það,“ skrifar Ragnheiður Gunnarsdóttir til Hafnarfjarðarbæjar og bætir við að koma þurfi köttunum undir læknishendur og inn á ný heimili ef mögulegt sé.

Eygló Guðjónsdóttir, sem situr í stjórn Kattavinafélagsins, segir hins vegar í sínu bréfi til bæjaryfirvalda að í þessu tilfelli geti það varla flokkast undir annað en líknandi aðgerð að aflífa dýrin. „Vandamálið á ekkert eftir að gera nema stækka, kettirnir fjölga sér og að lokum verður ástandið óviðráðanlegt með öllu,“ varar Eygló við.

Að sögn Björgvins henta aðstæður í hrauninu við Hrafnistu villiköttunum. Í augnablikinu sé ein læða með kettlinga undir sólpalli við eitt húsið.

„Svo var eitthvað um það að gamla fólkið var að gefa þeim,“ segir Björgvin, sem staðfestir að slíkt hafi nú verið bannað á Hrafnistu. „Það var náttúrulega orðið ófært þegar það voru tíu til fimmtán kettir gónandi inn um glugga hjá fólki að biðja um mat. Villikettir eru náttúrulega ekki geltir svo þetta eru breimandi kvikindi sem fjölga sér eins og kanínur,“ segir húsvörðurinn á Hrafnistu. „Um tíma var kattaumferðin hér svo mikil að það voru komnir troðningar eins og kindastígar umhverfis aðra blokkina.“

Þrátt fyrir að vistmönnum á Hrafnistu hafi nú verið bannað að fóðra kettina eru þeir ekki alveg vinalausir. „Síðan við heyrðum þetta förum við nokkrar konur af og til og leggjum út mat handa þeim,“ segir Eygló Guðjónsdóttir.

gar@frettabladid.is



**UNGIR VILLKETTIR VIÐ HRAFNISTU** Elliheimilið vill losna við villiketti í nágrenninu og bannaði vistmönnum að fóðra dýrin, sem þó eiga aðra vini sem færa þeim mat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KATTASTÍGUR** Fjöldi kattanna er svo mikill að þeir hafa myndað stígakerfi.

Hryðjuverkamaður játar:

# Áætluðu hryðjuverk í Danmörku

**DANMÖRK Einn af valdamestu mönnum hryðjuverkanetsins al Kaída, Ilyas Kashmiri, er talinn hafa lagt á ráðin um árásir í Kaupmannahöfn.**

**Danmörk hefur lengi verið talin eitt af helstu skotmörkum hryðjuverkamanna, en meðal þeirra staða sem átti að ráðast á voru aðalbrautastöðin, Ráðhústorgið og Rósenborgarkastali.**

**Þetta kemur fram í frétt Jótlandspóstsins og er vitnað í yfirheyrslur yfir David Headley, sem er pakistansk-bandarískur hryðjuverkamaður og hefur verið í haldi lögreglu frá því á síðasta ári.** - þj

Takmarkar transfitu í mat:

# Hefur óveruleg áhrif á neyslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Settar verða reglur sem takmarka magn transfitusýra í matvælum hér á landi að danskri fyrirmynd, að því er fram kemur í tilkynningu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.



BJARNI HARÐARSON

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir að það sé mat þeirra sem ráðuneytið hafi rætt við um þessi mál að reglurnar rúmist innan þeirrar lagaheimildar sem nú þegar er til staðar.

Hann telur að breytingarnar innan íslensks matvælaiðnaðar verði óverulegar. Bjarni segir að neytendur muni ekki verða varir við verulegar breytingar og telur ólíklegt að þær muni hafa þær afleiðingar að verð á vörum hækki. - sv

SVAR VIÐ BRÉFI HELGU EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON




★★★★★
Jón Yngvi, Fréttablaðið

„dásamlega fallega skrifuð ...fyndin og sorgleg.“
Þórdís Gísladóttir, Druslubækur og doðrantar

★★★★
Einar Falur, Morgunblaðið

TILNEFNDUR TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA 2003

BJARTUR

Skilanefnd Landsbankans telur að um 93 prósent fáist upp í Icesave-kröfurnar:

# Um 92 milljarðar falla á ríkið

**EFNAHAGSMÁL** Skilanefnd Landsbankans telur nú að um 93 prósent fáist upp í kröfur í þrotabú Landsbankans vegna Icesave. Verði það niðurstaðan munu um 92 milljarðar króna falla á íslenska ríkið vegna Icesave.

Samkvæmt tilkynningu frá bankanum hefur verulegur árangur náðst í endurheimtum á eignasafni hins fallna banka á þriðja ársfjórðungi. Raunverðmæti eignasafns bankans hefur hækkað um tæplega 130 milljarða króna í erlendum gjaldmiðlum frá 30. apríl 2009 til 30. september 2010.

Heildareignir bankans voru metnar á 1.138 milljarða króna í lok september. Forgangskröfur í þrotabúið eru 1.319 milljarðar króna. Mestur hluti þeirra krafna er vegna Icesave-reikninga banka í Bretlandi og Hollandi. Út af standa 180 milljarðar króna.

Sé miðað við eignir í erlendum gjaldmiðlum og að 93 prósent endurheimtist af forgangskröfum standa um 92 milljarðar út af.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis er í athugun að gera kröfur í þrotabúið upp í erlendum gjaldmiðlum. - ghh




**ATKVÆÐI** Gengið var til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana í mars síðastliðnum. Þar höfnuðu 93,2 prósent frumvarpi stjórnarinnar um Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

# Að aka meira og meira, meira í dag en í gær




## Ökum betur í vetur – Engin vandamál, bara lausnir

Nú er sértilboð á rafgeymum, rúðuþurrkum og ljósaperum hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | Kópavogi | Sími: 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | Sími: 460-4300 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | Sími: 420-6600 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | Sími: 480-8000 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | Sími: 455-4570 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | Sími: 577-7080 |
| Bílatangi Ísafirði | Suðurgata 9 | Ísafirði | Sími: 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | Akranesi | Sími: 431-5050 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | Sími: 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstaðir | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today Tomorrow Toyota

## GENGIÐ 09.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,32 | 110,84 |
| Sterlingspund | 178,27 | 179,13 |
| Evra | 153,65 | 154,51 |
| Dönsk króna | 20,609 | 20,729 |
| Norsk króna | 19,000 | 19,112 |
| Sænsk króna | 16,510 | 16,606 |
| Japanskt jen | 1,366 | 1,374 |
| SDR | 173,89 | 174,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3617

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan biður almenning að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum og fletta ofan af brotamönnum:

# Skorar á fólk að ljósmynda innbrotsþjófa

**LÖGREGLUMÁL** Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir innbrotaöldu ríða yfir og biður almenning um aðstoð.

„Ef fólk sér bíla keyra hægt og rólega um hverfið eða menn sem eru að sniglast og gefa ákveðnum húsum auga og jafnvel taka af þeim myndir þá á það að láta okkur vita,“ segir Geir Jón. Flestir farsímar séu nú búnir myndavélum og fólk þannig iðulega með myndavél á sér.

Geir Jón biður fólk að fylgjast með og tilkynna um allt óvenjulegt. „Við biðjum fólk auðvitað að fara varlega og láta ekki sjá sig ef það er að taka svona myndir – það má ekki skapa sér hættu við að afla sér upplýsinga. Við hvetjum ekki til þess að fólk hlaupi fram fyrir menn úti á götu og taki mynd. Það getur tekið myndir út um glugga án þess að það sé tekið eftir því,“ segir yfirlögregluþjóninn, sem kveður almenning margoft hafa hjálpað til. „Fólk lét okkur til dæmis hafa númer á bíl sem stóð fyrir utan einbýlishús. Þegar við fórum að kanna málið reyndist þetta vera sendibíll sem var fullur af þýfi úr viðkomandi húsi,“ segir Geir Jón.

Innbrotsþjófarnir eru stundum „fastir kúnnar“ lögreglunnar. „Þá höfum við verið að taka gengi erlendra borgara sem við höfum ekki þekkt til áður. Lögreglan hefur í auknum mæli lagt til að mönnum sem eru hér eingöngu í skipulagðri brotastarfsemi sé vísað úr landi og það hefur gengið eftir,“ segir Geir Jón, sem kveður um tug útlendinga hafa verið vísað úr landi frá því að reglum hafi verið breytt í vor.

Geir Jón segir að trúlega fari hluti af þýfinu úr landi. „En það sem okkur svíður skelfilega er að þeir ná að selja þýfið hér í gegnum ýmsar netsíður. Af verðlagningunni mega allir gera sér grein fyrir að það er verið að selja þýfi en ekki vel fengna hluti.“ **- gar**



**GEIR JÓN ÞÓRISSON** Flestir eru með myndavél í farsímanum og geta sent ábendingar á netfangið abending@lrh.is.



**Í VATNSMÝRI** Samgönguráðherra vill halda flugvellinum innan Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vill halda flugvellinum:

## Miðstöð flugs í Reykjavík

**SAMGÖNGUR Ögmundur Jónasson samgönguráðherra telur að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera áfram á Reykjavíkurflugvelli um langa framtíð. Sagði Ögmundur þetta í ræðu sinni á Alþingi á mánudag og vonaðist til að fá niðurstöðu um smíði samgöngumiðstöðvar á fundi með borgarstjóra á morgun. „Afstaða mín er skýr. Hún er sú að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera á Reykjavíkurflugvelli,“ sagði Ögmundur í svari við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks. - sv**

Kynferðisbrotamál safnaðar:

## Verklagsreglur sagðar í lagi

**SAMFÉLAGSMÁL** Ekkert er athugavert við verklagsreglur Votta Jehóva á Íslandi um meðferð og tilkynningar kynferðisbrotamála, að sögn Braga Guðbrandssonar, forstöðumanns Barnaverndarstofu.

Bragi segir í samtali við Vísi að hann hafi átt fund með forsvarsmönnum safnaðarins vegna umfjöllunar Fréttatímans og RÚV um kynferðisbrotamál innan Votta Jehóva. Nauðsynlegt hafi verið að átta sig betur á verklagsreglum safnaðarins og eftir fundinn hafi Barnaverndarstofa ekki betur séð en að öll slík mál væru í lagi. **- sv**

# Málið er eins og sápuópera

**Lögregla rannsakar hvort ágóðinn af svikamyllu Helgu Ingvarsdóttur og kærasta hennar hafi runnið til Íslands. Þau neita sök. „Maður les frásögnina og hugsar: Ertu að grínast?“ segir upplýsingafulltrúi saksóknara.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í New York-ríki rannsakar nú hvort hluti ágóðans af lygilegri svikamyllu Helgu Ingvarsdóttur og kærasta hennar, Vickram Bedi, hafi verið fluttur til Íslands. Þetta segir upplýsingafulltrúi saksóknaraembættisins í Westchester-sýslu, sem lýsir málinu sem sápuóperu. „Maður les frásögnina og hugsar: Ertu að grínast? En fólk er eins og það er,“ segir upplýsingafulltrúinn Lucian Chalfen.

Bedi og Helga eru talin hafa svikið allt upp undir 20 milljónir dollara, jafnvirði um 2,2 milljarða, út úr Roger Davidson, þekktum djasspíanista og erfingja olíurisans Schlumberger Ltd. Davidson hefur hlotið Grammy-verðlaun fyrir rómanska tónlist. Bæði hafa þau neitað sök í málinu.



**TRÚGJARNI DJASSPÍANISTINN** Roger Davidson er vellauðugur erfingi olíufyrirtækis og nokkuð þekkt tónskáld og djasspíanisti. Fréttablaðið reyndi að ná sambandi við Davidson í gær án árangurs.

Málavextir eru allir með nokkrum ólíkindum. Davidson leitaði árið 2004 til tölvufyrirtækisins Datalink, sem parið rak, vegna tölvuvíruss. Parið laug í kjölfarið að honum að vírusinn ætti upptök sín á hörðum diski í þorpi í Hondúras og að frændi Bedis, indverskur hermaður, hefði farið í þorpið til að eyðileggja diskinn. Þar hafi frændinn hitt fyrir pólska presta með tengsl inn í trúarreglluna Opus Dei, sem hafi viljað vinna Davidson mein og ræna völdum í Bandaríkjunum.

Þessu virðist Davidson hafa trúað eins og nýju neti og til að verja diskinn, sem á var öll hans tónlist, og líf sitt lagði hann til Datalink jafnvirði tæplega 200 milljóna íslenskra króna á ári í sex ár.

Davidson og parið áttu í kjölfarið náin samskipti. Málið komst hins vegar upp eftir að viðskiptafélagar þremenninganna kærðu Davidson til lögreglu fyrir að njósna um þá með því að koma GPS-tækjum fyrir á bílum þeirra.





**NEITA SÖK** Helga Ingvarsdóttir og Vickram Bedi hafa verið saman um nokkurt skeið. Bedi hefur heimsótt Ísland og var á leið þangað aftur þegar hann var handtekinn í síðustu viku.

Fólkið var handtekið í síðustu viku. Það átti flugmiða til Íslands seinna um kvöldið. Helga var handtekin á heimili þeirra en móðir Bedis lét hann í hendur lögreglu eftir að hafa ekið um með hann náttfataklæddan í aftursæti bíls síns til að fela hann.

Saksóknari telur sig hafa sannanir fyrir því að sex milljónir dollara, um 660 milljónir króna, hafi verið sviknar af Davidson, en líklega sé fjárhæðin hærri. Jafnvirði 660 milljóna íslenskra króna hefur verið fryst á bankareikningi Bedis og um 180 milljónir á reikningi Helgu. Þá fundust 16,5 milljónir í reiðufé undir rúmi þeirra.

> Aðferðin sem þau beittu kerfisbundið í sex ár til að hafa fé af fórnarlambinu endurspeglar fullkomið miskunnarleysi.
>
> **JANET DIFIORE**
> SAKSÓKNARI

„Sakborningarnir tveir sátu um fórnarlamb sitt, blekktu það og notfærðu sér ótta þess á á skipulagðan og kaldrifjaðan hátt,“ er haft eftir Janet DiFiore saksóknara ytra. Hún segir parið hafa heilaþvegið Davidson. „Aðferðin sem þau beittu kerfisbundið í rúmlega sex ár til að hafa fé af fórnarlambinu endurspeglar fullkomið miskunnarleysi.“

Íslenska utanríkisþjónustan hefur liðsinnt Helgu með að verða sér úti um lögmannsþjónustu. Þá er faðir hennar á leið utan til að hitta hana.

Réttarhöld í málinu hefjast 2. desember. Skötuhjúin gætu átt yfir höfði sér 25 ára fangelsi verði þau fundin sek.

stigur@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**KULDALEG KORT**
Það hvessir á landinu í dag einkum sunnan og vestan til en búast má við stormi við suður- og suðausturströndina seint í kvöld og til morguns. Á morgun verður víða allhvasst og áfram snjókoma norðan og austan til en bjart syðra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 7° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 12° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Can-Am 2011 fjórhjólið er komið í Ellingsen. Hjálmar, aukahlutir frá Scott og annar búnaður í miklu úrvali.





**CAN-AM**

**Renegate 800R X xc**

Hjólið er sérstaklega hannað fyrir torfarnar leiðir enda getur fátt stoppað jafn kraftmikið hjól. Hjólið er mjög stílhreint og með 71 hestafls vél, sérstyrktum felgum og rafstýrðu aflstýri.

Verð **3.390.000 kr.**



**CAN-AM**

**Outlander Max 800R LTD**

Tveggja manna hjól sem hefur margsannað sig hvað varðar áreiðanleika og þægindi. Blásanserað, sérstaklega stílhreint og fallegt með 71 hestafls vél, loftdemparafjöðrun, rafstýrðu aflstýri, Garmin GPS, loftdælu og spili.

Verð **3.490.000 kr.**

# ALVÖRU ÚTIVIST
## Í ELLINGSEN

**20% AFSLÁTTUR AF SCOTT VÖRUM**



SCOTT
**Lambhúshetta**
Verð **2.152 kr.** Verð áður 2.690



SCOTT
**Buxur**
Verð **22.320 kr.** Verð áður 27.900



SCOTT
**Jakki**
Verð **47.920 kr.** Verð áður 59.900



SCOTT
**Vettlingar**
Verð **6.792 kr.** Verð áður 8.490



SCOTT
**Hjálmur fyrir börn**
Verð **14.392 kr.** Verð áður 17.990



SCOTT
**Hjálmur**
Verð **19.992 kr.** Verð áður 24.990



SCOTT
**Sólgleraugu**
Verð **11.192 kr.** Verð áður 13.990



SCOTT
**Skíðagleraugu**
Verð **11.920 kr.** Verð áður 14.900

**Reykjavík**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

**KJÖRKASSINN**




*Ætlar þú að kjósa í kosningum til stjórnlagaþings 27. nóvember?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,3% |
| NEI | 48,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú eðlilegt að sendiráð starfræki eftirlitshópa líkt og bandaríska sendiráðið gerir?*

Segðu þína skoðun á visir.is
Vísir

Byggðastofnun samdi við rækjufyrirtæki um að lán og veð yrðu færð í ný félög:

# Stofnunin lánaði ekki skúffufyrirtækjum

**ALÞINGI** Stjórnendur Byggðastofnunar telja að „nokkuð vel“ hafi tekist að gæta hagsmuna stofnunarinnar vegna lána til fyrirtækja í rækjuiðnaði.

Þetta kemur fram í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar Samfylkingunni.

Tilefni fyrirspurnarinnar voru fréttir fyrr á árinu af lánum vegna rækjuveiða til skúffufyrirtækja.

Í svarinu segir að umrædd lán hafi verið veitt rækjuverksmiðjum í fullum rekstri með mikið eigið fé. Rekstrargrundvöllur þeirra hafi brostið vegna hruns í greininni á árunum 2005 og 2006.


**RÆKJA** Hrun varð í rækjuiðnaðinum 2005 og 2006.

Byggðastofnun gekk að veðum í fasteignum og tækjabúnaði en taldi ekki skynsamlegt, vegna takmarkaðs verðgildis við ríkjandi aðstæður, að ganga að skipum og kvóta.

Samið var um að eftirstöðvar lánanna, ásamt þeim veðum sem fyrir þeim voru, yrðu færðar í ný félög og myndu eigendur þeirra halda lánunum í skilum. Var það gert í ljósi þess að bæði eigendur félaganna og starfsmenn Byggðastofnunar gerðu sér vonir um að aðstæður greinarinnar myndu batna.

Í „stórum dráttum“ hafa eigendurnir staðið skil á skuldbindingum sínum og Byggðastofnun fengið hátt í 300 milljónir króna greiddar inn á eftirstöðvar lánanna, að því er fram kemur í svarinu.

„Það er því álit Byggðastofnunar að nokkuð vel hafi tekist að gæta hagsmuna hennar að þessu leyti,“ segir í svarinu. - bþs

**RÝMINGARSALA!**



SELJUM ÖLL GARÐHÚSGÖGN, ÚTIELDSTÆÐI, BLÓMAPOTTA OFL.
MEÐ 40-70% AFSLÆTTI Í NOKKRA DAGA! FRÁBÆRT TÆKIFÆRI
TIL AÐ KAUPA VANDAÐA VÖRU Á PALLINN EÐA SVALIRNAR.

Signature ••• húsgögn

Opið:
Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

# Lagst gegn friðlýsingu hluta Geysissvæðisins

**Bláskógabyggð vill fresta friðlýsingu skika í eigu ríkisins við Geysi. Reynt sé að semja við aðra landeigendur um kaup alls svæðisins. Friðun þess litla hluta sem ríkið eigi geti haft neikvæð áhrif á þá vinnu. Geysir hefur aldrei verið friðaður.**

**UMHVERFISMÁL** Áætlun um að friða þann hluta Geysissvæðisins sem er í eigu ríkisins hefur verið gerð hjá Umhverfisstofnun. Bláskógabyggð leggst gegn friðun á svæðinu þar til samkomulag næst milli allra sem eiga þar land.

„Þarna eru mjög margir eigendur og mismunandi hagsmunir í gangi,“ segir Drífa Kristjánsdóttir, oddviti Bláskógabyggðar.

Sá hluti Geysisvæðisins sem ríkið á ekki eitt og sér er í óskiptri sameign fjölmargra einstaklinga auk ríkisins. Um langt árabil hefur ríkið viljað kaupa þessa meðeigendur út. Snemma árs 2008 voru samningar komnir á lokastig. Meðal annars lá fyrir samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur um að veita heitu vatni til íbúanna frá Efri-Reykjum enda vill ríkið stöðva notkun á heitu vatni af Geysissvæðinu.

„Hrunið gerði það að verkum að það bökkuðu allir út úr því. Það er ákveðin þreyta í sumum með það að það verði aldrei neinar niðurstöður,“ segir Drífa.

Stefnt er að því að friðlýsa allt Geysissvæðið sem er tæpir tuttugu hektarar en nú er ætlunin að friðlýsa aðeins þá ríflega tvo hektara sem ríkið á eitt. Sá skiki nær utan um hverina Geysi, Strokk og Blesa. Markmiðið er meðal annars að stuðla að varðveislu hvera, örvera og sérstæðs gróðurs.

Byggðaráð Bláskógabyggðar telur að bíða eigi með friðunina. „Ég sá bara ekki tilganginn í því að búa til leiðindi og ögra. Á meðan við erum að tala saman er óþarfi að taka pínulítið frímerki út úr svæðinu og friðlýsa það. Menn geta gert það þegar þeir vilja en eignarhaldið þarf að lagfæra,“ segir Drífa oddviti.




Hverasvæðið á Geysi — Séreignarsvæði ríkisins MYND/LOFTMYNDIR EHF

**GEYSIR** Hverasvæðið á Geysi er tæpir tuttugu hektarar. Um tveir hektarar er skiki sem alfarið er eign ríksins. Hinn hlutann á ríkið í óskiptri sameign með fjölda annarra eigenda. Samtals svarar eignarhlutur ríkisins til um sjö hektara.


**KRISTÍN LINDA ÁRNADÓTTIR**


**DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR**

„Þetta svæði er hálf móðurlaust og staðreyndin er sú að það er ekki friðlýst. Vegna þess hversu langan tíma tekið hefur að friða svæðið í heild lögðum við þessa friðlýsingu á skika ríkins til við umhverfisráðuneytið, segir Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, sem kveðst skilja afstöðu Bláskógabyggðar og að ekki verði gengið gegn vilja sveitarfélagsins:

„En jafnframt viljum við taka málið upp aftur ef það lítur ekki út fyrir að þetta muni nást fram innan skynsamlegra tímamarka. Það má ekki gleyma því að ríkið á þarna ákveðna spildu og okkur finnst eðlilegt að sá hluti sé þá að minnsta kosti friðlýstur þannig að Umhverfisstofnun hafi skýra aðkomu og skyldur á svæðinu.“

Þórður Ólafsson, formaður nefndar um Geysi, segist bjartsýnn á að þráðurinn um uppkaup landsins og jarðhitaréttindanna verði tekinn upp að nýju.

gar@frettabladid.is

Náttúruleg vellíðan

ERTU MEÐ
**VIÐKVÆMA HÚÐ?**

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?
Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.



natracare®
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is

Sjávarútvegsfyrirtæki greiða hæstu launin samkvæmt tölum Frjálsrar verslunar:

# Bakkavör er stærsta fyrirtækið

**VIÐSKIPTI** Bakkavör Group er stærsta fyrirtæki landsins að því er fram kemur í riti Frjálsrar verslunar „300 stærstu“. Bakkavör velti í fyrra 332,7 milljörðum króna samkvæmt tölum blaðsins.

Í næstu sætum á eftir Bakkavör koma Actavis Group með veltu upp á 266,9 milljarða og Icelandic Group sem velti 179,4 milljörðum.

Tvö stærstu fyrirtækin eru þau sömu og í fyrra en Icelandic Group velti Landsbankanum úr þriðja sætinu og er hann nú í því fjórða með veltu upp á 116,9 milljarða króna árið 2009.

Þá eru í ritinu bornir saman fleiri þættir í rekstri 300 stærstu fyrirtækja landsins, svo sem hver þeirra greiddu hæst laun á síðasta ári.

Hæst laun greiddi útgerðarfyrirtækið Stálskip í Hafnarfirði. Heildarlaunagreiðslur yfir árið námu 521 milljón, en starfsmenn voru að jafnaði 30 talsins. Meðalárslaun starfsmanna fyrirtækisins námu því tæpum 17,4 milljónum króna, eða sem nemur tæplega einni og hálfri milljón króna á mánuði.

Í öðru sæti er útgerðarfyrirtækið Eskja á Eskifirði, en árslaun þar námu að jafnaði 16,6 milljónum króna.

Í þriðja sæti er svo fjarskiptafyrirtækið Farice, sem að hluta til er í opinberri eigu, en þrír starfsmenn þess deildu sín á milli 43 milljónum króna, eða meðalmánaðarlaunum upp á 1.186 þúsund krónur. - óká

**Tíu stærstu fyrirtæki landsins**

| Nafn | Velta 2009 | Meðalfjöldi starfsfólks |
|---|---|---|
| Bakkavör Group | 332,7 milljarðar króna | 18.938 |
| Actavis Group | 266,9 milljarðar króna | 10.037 |
| Icelandic Group | 179,4 milljarðar króna | 4.071 |
| Landsbankinn | 116,9 milljarðar króna | 1.166 |
| Alfesca | 95,8 milljarðar króna | 3.349 |
| Promens | 94,9 milljarðar króna | 4.784 |
| Íslandsbanki | 92,0 milljarðar króna | 1.039 |
| Marel Food Systems | 91,8 milljarðar króna | 3.590 |
| Arion Banki | 85,7 milljarðar króna | 1.131 |
| Icelandair Group | 80,3 milljarðar króna | 2.182 |

*Heimild: 300 stærstu 2009, sérrit Frjálsrar verslunar*




SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík
Opið: 9-18:30 virka daga.

# 30-40% AFSLÁTTUR

# NÝTT BAÐ

## Eitt flottasta úrval landsins

**EININGARKERFI Í STÆRÐUM 30,40,60 og 80 sm**



Hvítt háglans 162 x 48 sm



122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm

**til afgreiðslu af lager**



HVÍTTUÐ EIK 142 x 48 sm



HLYNUR 120 x 48 sm



104 Hvítt 122 x 48 sm



TONA HNOTA, TEKK og SVART LAKK



104 Epli 120 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR — KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** - fyrir þitt heimili

**www.i-t.is**

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir íslenska konan sem er ákærð fyrir fjárkúgun í Bandaríkjunum?*

2 *Hversu mörg eintök af bókum sínum hefur Arnaldur Indriðason selt á heimsvísu?*

3 *Hvaða íslensku mjólkurvörur fengu gullverðlaun í norrænni samkeppni í Herning?*

**SVÖR**

*1. Helga Ingvarsdóttir. 2. Sjö milljónir eintaka. 3. Hleðsla, Skyr.is og Ab-drykkur frá MS.*

Tveir grunaðir þjófar teknir á Suðurnesjum og úrskurðaðir í gæsluvarðhald:

# Með myndavélar og skartgripi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn, á þrítugsaldri, voru í gær úrskurðaðir í viku langt gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þeir eru grunaðir um innbrot og þjófnaði úr heimahúsum í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum, sem handtók þá í fyrradag.

Við húsleit sem gerð var heima hjá mönnunum, sem báðir eru af erlendu bergi brotnir, fannst nokkurt magn muna sem lögregla telur tengjast innbrotunum sem hún hefur rannsakað að undanförnu. Þar á meðal mátti finna myndavélar, skartgripi og fleiri muni.



**LÖGREGLAN Á SUÐURNESJUM** Handtók mennina tvo í fyrradag.

Að sögn Óla Ásgeirs Hermannssonar, saksóknarfulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum, bar handtöku mannanna að með þeim hætti að árvökull borgari tilkynnti um grunsamlegar mannaferðir í Reykjanesbæ. Lögregla hafði áður beint þeim tilmælum til fólks að það léti vita af slíkum tilvikum og kom tilkynningin nú lögreglunni á sporið.

Mennirnir hafa dvalist í umdæminu að undanförnu. Þeir hafa báðir komið við sögu lögreglu hér á landi áður og verið staðnir að þjófnaðarbrotum, en beðið er gagna frá heimalandi þeirra um hvort þeir eigi afbrotaferil þar. **- jss**

Hollenska lögreglan:

# Íbúar beðnir að beita þefskyni

**HOLLAND, AP Hollenska lögreglan greip nú í vikunni til óvenjulegs ráðs í baráttunni gegn fíkniefnum.**

**Lögreglan sendi samtals 30 þúsund íbúum í Rotterdam og Haag sérstök þefkort, sem eiga að gera þeim kleift að þekkja lyktina af kannabisplöntum.**

**Íbúarnir eru jafnframt kurteislega beðnir um að beita þefskyni sínu til að kanna hvort kannabisrækt sé stunduð í nágrenninu. Þetta er í fyrsta sinn svo vitað sé sem þessi aðferð er notuð í Hollandi. - gb**



**ÞJÓÐIN FUNDAR 2010** Þjóðfundurinn kostaði íslenska skattgreiðendur um 92 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kostnaðurinn við Þjóðfund:

# Tæpar hundrað milljónir króna

**ALÞINGI** Þjóðfundurinn sem haldinn var í Laugardalshöll síðastliðinn laugardag kostaði 91,7 milljónir króna. Kom þetta fram á fundi allsherjarnefndar Alþingis á mánudag.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók málið upp á þingfundi í gær og sagðist ekki hafa verið að gagnrýna starf fundarins. En tók þó fram að hann hefði ekki slíkt hugmyndaflug til að ímynda sér að einn fundur gæti kostað skattgreiðendur jafn mikið og raun bar vitni, sérstaklega í ljósi þess mikla niðurskurðar sem væri yfirvofandi. **- sv**

# Stjórnvöld styrki stjórnsýslu

**Fátt kemur á óvart í fyrstu framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Bæði er bent á jákvæða þróun hér á landi og ýmislegt sem bæta ætti úr. Laga verður veikleika sem komu í ljós í hruninu.**

**EVRÓPUMÁL** Fyrstu mánuðirnir af aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið hafa gengið vel, og ekkert óvænt komið upp, segir Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi. Hann kynnti fyrstu framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um Ísland í gær.

„Eins og áður hefur komið fram uppfyllir Ísland öll pólitísk skilyrði fyrir inngöngu í Evrópusambandið, en við hvetjum samt til þess að bætt verði úr ákveðnum atriðum og bendum einnig á jákvæða þróun sem orðið hefur í ákveðnum málaflokkum í skýrslunni,“ segir Summa í samtali við Fréttablaðið.

Meðal þess sem bent er á í skýrslunni er að styrkja þurfi stjórnsýsluna, til dæmis hvað varðar opinber innkaup, eftirlit með fjármálageiranum, tollamál og fleira.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar segir að margt af því sem fram komi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um vankanta á íslenskri stjórnsýslu hafi þegar verið tekið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum. Önnur atriði bíði.

Summa segir að meðal þess jákvæða sem gerst hafi hér á landi frá hruninu sé breytt fyrirkomulag við skipan dómara. Þá hafi að nokkru leyti verið tekið á spillingu í kjölfar bankahrunsins.

„Við fögnum þessum aðgerðum sem stjórnvöld hafa gripið til, en bendum jafnframt á að fylgjast verði með því að niðurstaðan verði sú sem stefnt var að með þessum breytingum. Þessu munum við fylgjast vel með í framtíðinni,“ segir Summa.

„Ísland er sterkt lýðræðisríki með öflugar stofnanir, en það eru veikleikar sem við sáum í hruninu og hafa komið í ljós eftir hrunið. Við hvetjum til þess að áfram verði unnið að því að laga þá veikleika,“ segir Summa.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur undir með niðurstöðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmálin hér á landi, segir Summa. Kreppunni sé ekki lokið, ástandið sé vissulega orðið stöðugra en hagvöxtur sé afar mikilvægur til að heimilin í landinu og lítil og meðalstór fyrirtæki nái jafnvægi.

Ekki ætti að koma á óvart að lítið nýtt sé í þessari fyrstu árlegu framvinduskýrslu, segir Summa. Viðræðurnar hafi aðeins verið í gangi síðan aðildarumsókn Íslands var samþykkt í febrúar og rýnivinna sem varpi ljósi á það sem þurfi að laga í íslenskum lögum, ætli landið sér að ganga í ESB, sé ekki hafin.

Rýnivinnan mun raunar hefjast í næstu viku, og standa fram á næsta sumar, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær.

**brjann@frettabladid.is**



**FRAMVINDA** Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, kynnti fyrstu framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar sambandsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Umræðan orðin málefnalegri

Timo Summa, sendiherra ESB, segir umræðuna hér á landi um Evrópusambandið farna að verða málefnalegri en hún var fyrir nokkrum mánuðum.

„Við höfum tekið eftir því að nú, þegar sumarfríin eru búin, þá er meira jafnvægi í umræðunni. Fleira fólk lætur skoðun sína í ljós, hvort sem það eru fjölmiðlar, bloggarar, hagsmunasamtök eða óháð félagasamtök,“ segir Summa.

„Þetta er góðs viti. Íslendingar eru farnir að þekkja Evrópusambandið betur, byrjaðir að átta sig á því hvað það er og hvað það er ekki, hvað er gott og hvað er slæmt og leggja það á vogarskálarnar. Umræðan er orðin virkari og uppbyggilegri en hún var til dæmis í apríl eða maí eða júní.“

Summa segir eðlilegt í lýðræðisríki að skoðanaágreiningur sé uppi, svo hafi verið í öllum löndum sem rætt hafi verið við. **- gb**


**Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!**

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum. Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.




BORGUN

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

VISA VISA ELECTRON DISCOVER

Vefhýsing og lén - allt á sama stað

# LÆKKAÐU HÝSINGAR-KOSTNAÐINN




Ein hýsing — Margar heimasíður — Eitt lágt verð

| Vefhýsing | Vefhýsing og .is lén | Vefhýsing og .com lén |
|---|---|---|
| 628 kr. á mánuði* | 1.288 kr. á mánuði* | 774 kr. á mánuði* |

## Við stækkum pakkann!
## Pantaðu núna á www.1984.is

### Hýsingartilboð:*

| | |
|---|---|
| með .is léni | 1.288 kr. á mánuði |
| með .com léni | 774 kr. á mánuði |
| með .org léni | 764 kr. á mánuði |
| með .net léni | 774 kr. á mánuði |
| með .biz léni | 764 kr. á mánuði |
| með .info léni | 764 kr. á mánuði |
| með .name léni | 764 kr. á mánuði |
| með .me léni | 1.046 kr. á mánuði |
| með .bz léni | 957 kr. á mánuði |
| með .wz léni | 785 kr. á mánuði |
| með .cc léni | 934 kr. á mánuði |
| með .tv léni | 1.062 kr. á mánuði |
| með .mn léni | 1.287 kr. á mánuði |
| með .mobi léni | 914 kr. á mánuði |
| með .cn léni | 802 kr. á mánuði |
| með .in léni | 862 kr. á mánuði |

### Hýsing innifelur:

- Netföng: ótakmarkað
- Mysql gagnagrunnar: ótakmarkað
- Netumferð: ótakmarkað
- Aukalén og undirlén: ótakmarkað
- DNS þjónusta: ótakmarkaður lénafjöldi
- Diskpláss: 10.000 Megabæti
- Vefpósthús: Val um tvennskonar vefpósthús
- Tölfræði síðunnar
- FTP aðgangur
- PHP5
- IMAP og POP3 stuðningur
- DAGLEG AFRITUN GAGNA

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

*Miðað við 3ja ára hýsingarsamning

P.o. Box 126 ::: 121 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is

**FRÉTTASKÝRING:** Ríkisstjórnin kemur til móts við Suðurnesjamenn

# Boða aukna samvinnu í atvinnumálum

**Ríkisstjórn kynnti í gær verkefni til að örva atvinnulíf á Suðurnesjum. Til greina kemur að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur og Þróunarfélagið verður eflt. Ekkert er ákveðið um stóriðju eða einkasjúkrahús. Sveitarstjórnarfólk er ánægt með samstarfsvilja stjórnar.**

Mögulegt er að Landhelgisgæslan verði flutt til Keflavíkurflugvallar á næstunni og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar getur stóraukið verkefni sín á næstunni. Þetta er meðal helstu atriða sem ríkistjórnin kynnti á blaðamannafundi í Reykjanesbæ í gær. Þar var rætt um hvernig bæta mætti stöðu mála á Suðurnesjum. Hagkvæmnisathugun á flutningi Gæslunnar verður kynnt 1. febrúar næstkomandi.

Þrátt fyrir að stjórnin gæfi lítið út um stöðu ýmissa atvinnumála sem hafa verið í umræðunni, svo sem álver og kísilverksmiðju í Helguvík, flugstarfsemi ECA og nýtt einkarekið sjúkrahús að Ásbrú, voru ráðherrar og sveitarstjórnarfólk jákvæð varðandi framhaldið.

Aðgerðirnar voru samþykktar á fundi ríkisstjórnar í gær en um morguninn hafði stjórnin fundað með fulltrúum sveitarstjórna.

Mikil ólga hefur verið á svæðinu undanfarið þar sem atvinnuleysi er hvergi meira en einmitt þar. Heimamenn hafa því þrýst á stjórnvöld að taka af skarið, sérstaklega í atvinnumálum.

Meðal annarra verkefna sem kynnt voru til sögunnar voru að stofnað verður til samráðsvettvangs ríkisstjórnar og sveitarfélaga til að vinna að málum svæðisins, stutt verði við klasaverkefni á sviði líforku, sveitarfélögin hafi með sér samstarf í félagsmálum og umboðsmaður skuldara opni útibú á Suðurnesjum. Þá verður einnig stutt við menntunarverkefni á svæðinu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að dregin hefði verið upp glögg mynd af stöðu Suðurnesja.

„Staðan á þessu svæði er með þeim hætti að atvinnumál þarf að taka mjög föstum tökum,“ sagði Jóhanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra tók undir þau orð og boðaði meðal annars breytingu á skattalögum til að greiða fyrir framgangi gagnavers að Ásbrú og auknum fjárveitingum til Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar til að flýta verklegum framkvæmdum við húsakost á svæðinu.

Steingrímur bætti því við að þar myndi fjölgun starfa fyrst koma í ljós. „Strax í vetur ætti það að geta skilað störfum fyrir iðnaðarmenn og fleiri.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, sagði í lok fundar að hann væri ánægður með vilja stjórnarinnar til að vinna með sveitarfélögunum.

„Það er meira virði heldur en að telja upp hversu mörg störf komi út úr einstaka verkefnum á þessari stundu. Við erum saman á þessu skipi og erum vonandi að róa í sömu átt.“



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



**Á SAMA BÁTI** Ríkisstjórnin kynnti í gær fjölmargar aðgerðir til hagsbóta fyrir Suðurnesjamenn. Meðal annars er íhugað að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aðgerðir ríkisstjórnar fyrir Suðurnes

1. Að myndaður verði formlegur samráðsvettvangur stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga á svæðinu um atvinnu-, mennta- og velferðarmál.
2. Að skoðaðir verði vandlega kostir þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggisvæðið við Keflavíkurflugvöll.
3. Að lagt verði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem geri samkeppnisstöðu gagnavera hér á landi samkeppnisfæra við gagnaver í löndum innan ESB.
4. Að veita Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 250 milljónir aukalega til að hraða framkvæmdum og auka nú þegar möguleika til frekari atvinnuuppbyggingar á þróunarsvæðinu.
5. Að hrundið verði af stað kynningar- og markaðsátaki á ónotuðum fasteignum Þróunarfélagsins á varnarsvæðinu.
6. Að Þróunarfélaginu verði falið að setja á stofn Hersetusafn á gamla varnarsvæðinu í einu af fjölmörgum húsum félagsins.
7. Að unnið verði með starfshópi um atvinnumál á Suðurnesjum sem iðnaðarráðherra hefur skipað og ný verkefni verði lögð fyrir starfshópinn sem rýnir þau og metur. Jafnframt muni starfshópurinn vinna nýjar tillögur í samstarfi við heimamenn og leggja fyrir ráðherra og stofnanir.
8. Að stutt verði við verkefni sem Nýsköpunarmiðstöð hefur verið falið að hefja undirbúning að um klasasamstarf á sviði líforku sem tengist jarðvarmaverum á Reykjanesi.
9. Að hámarkstímabil greiðslu bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði lengt tímabundið úr þremur árum í fjögur ár.
10. Ríkisstjórnin leggi fram fjármagn til að ráðinn verði starfsmaður/verkefnisstjóri sem haldi utan um formlegt samstarf sveitarfélaga um velferðarmál á Suðurnesjum.
11. Umboðsmaður skuldara fái aðstöðu á Suðurnesjum og taki þar á móti fólki sem þarf á þjónustu embættisins að halda. Til að byrja með þarf að setja tvo starfsmenn í verkið þar sem nauðungarsölur eru hlutfallslega mjög margar á Suðurnesjum m.a. tífalt fleiri en á höfuðborgarsvæðinu.
12. Rekstrargrundvöllur menntastofnana á Suðurnesjum verði tryggður og samstarf þeirra styrkt með sérstakri fjárveitingu.
13. Fisktækniskóla Íslands verði tryggt eitt stöðugildi.


Léttari greiðslur

- til skemmri tíma

**Viðskiptavinum með lán hjá Landsbankanum standa til boða nokkrir kostir til að lækka mánaðarlega greiðslubyrði sína til skemmri tíma.**

**Fastar greiðslur**
· Greidd er föst fjárhæð af láninu í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem eru með íbúða- eða fasteignalán

**Frestun afborgana**
· Einungis eru greiddir vextir af láni í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem hafa orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu eða ófyrirséðum breytingum á aðstæðum

**Frestun afborgana og vaxta**
· Greiðslum af íbúða- eða fasteignalánum er frestað í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem hafa orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu eða ófyrirséðum breytingum á aðstæðum

**Lækkun yfirdráttar**
· Skammtímaskuldir í formi yfirdráttar og kreditkortaskuldar eru endurfjármagnaðar á hagstæðari kjörum
· Fyrir þá sem vilja losna við skammtímaskuldir

Við tökum vel á móti þér um land allt.

LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM44272

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.



989kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Líka til í Hnotu

**Eik 3ja stafa**
Plastparket 6mm,
líka til í hnotu
146956

EGGER



3.790kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Sænskt gæðaparket

**3ja stafa Eik Robust**
Viðarparket, lakkað.
146800

Tarkett

# KLÁRT FYRIR JÓLIN
## LÆGRA VERÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

Vegg og gólfflísar
ein bestu kaupin í dag!



1.990kr/m²

Pékin sería inniflís
Veggflísar, 25x36,5 sm
Gólfflísar, 31,6x31,6
8611007-12



48.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Öryggisgler

Blöndunartæki fylgja með

**Sturtuklefi**
Gler 80 cm
öryggisgler
8028612

MORALT



Yfirfelld eikarhurð 80 cm

26.990,-
~~29.990,-~~

**Þýskar yfirfelldar hágæðahurðir**
Karmsett með gerefti 22.500 kr.
Heildarverð hurð/karmsett/gerefti 49. 490 kr.
161006-8



16.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Hvít hurð slétt/Hurðarfleki**
60, 70, 80, 90 cm.
Karmsett 8.500 kr.
Gereftasett 4.700 kr.
93332

SWEDOOR JELD WEN

TILBOÐSVERÐ Í NÓVEMBER
SÉRVINNUM ALLT EFNI
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM



**Sólbekkir**
Breidd 20-40 sm. hvítt, beyki,
ljós marmari, svartur marmari
173120-175959

Verð frá
1.890

**Borðplötur**
Breidd 61, 64 og 90 sm.
hvítt, eik, beyki, ljós marmari,
koksgrátt, grá-hvítt, yrjótt,
steingrátt yrjótt.
173120-175959

Verð frá
3.990




4.495,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Innimálning**
Góð veggmálning. Gljástig 10.
7119961

HÚSASMIÐJAN

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fátt kemur á óvart í skýrslunni um aðildarviðræður Íslands og ESB.

## Staðreyndirnar eða óttinn

Í skýrslu um aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins, sem kynnt var í gær, kemur fátt á óvart. Ísland uppfyllir öðrum ríkjum betur pólitísk og efnahagsleg skilyrði fyrir aðild að sambandinu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins telur hins vegar að Ísland þurfi að laga margt í regluverki sínu og stjórnsýslu, áður en það geti orðið aðildarríki sambandsins.

Framkvæmdastjórnin tekur fram að sumu hafi þegar verið kippt í liðinn. Til dæmis hafi nú reglum um skipan dómara verið breytt og tekið fyrir geðþóttaákvarðanir ráðherra í þeim efnum. Þannig hafi sjálfstæði dómsvaldsins verið betur tryggt.

Margt af því, sem breyta þarf í íslenzkri stjórnsýslu eigi Ísland að ganga í Evrópusambandið, þarf að breytast hvort sem er. Sumt er nauðsynlegt vegna skuldbindinga sem við höfum tekið á okkur vegna EES-samningsins en hafa ekki komizt í framkvæmd. Ýmislegt snýr að atriðum sem voru gagnrýnd í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Fyrir þá, sem eru ósammála niðurstöðum nefndarinnar um veikleika stjórnsýslunnar og telja að íslenzk stjórnsýsla beri af í evrópskum samanburði, er sú aðlögun vafalaust þungbær. En flestir aðrir ættu að fagna því að stjórnsýsluhættir hér verði lagaðir að því sem gerist í nágrannalöndunum, jafnvel þótt þeir séu andsnúnir aðild að ESB.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sumir láta eins og Evrópusambandið ætli ekkert að semja við Ísland, heldur bara krefjast þess að Ísland lagi sig einhliða að öllum reglum ESB. Þetta verður þó ekki ráðið af grein Stefans Füle, stækkunarstjóra sambandsins, hér í blaðinu í gær. Hann skrifar þar: „Okkur ber skylda til að vinna með opnum hug og jákvæðni að lausnum sem báðir aðilar hafa ávinning af. Í samningaviðræðunum framundan munum við taka tillit til sérstöðu Íslands og væntinga og standa um leið vörð um grundvallarreglur Evrópusambandsins.“

Hinar eiginlegu samningaviðræður við ESB hefjast ekki fyrr en um mitt ár 2011. Fram að því mun fara fram svokölluð rýnivinna, þar sem farið verður rækilega yfir muninn á íslenzkri löggjöf og löggjöf ESB. Að því ferli loknu setur Ísland fram samningskröfur sínar og þá hefjast hinar raunverulegu samningaviðræður.

Fram að þeim tíma er í raun alveg þarflaust að komast í geðshræringu yfir hinu eða þessu, sem íslenzk stjórnvöld eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setja fram í samskiptum sín á milli, en þess hefur gætt dálítið að undanförnu að orðalag í gömlum plöggum á netinu veldur uppnámi. Einkum og sér í lagi andstæðingar ESB-aðildar Íslands virðast velja vondan tíma til að fara á taugum, því að það er satt að segja ekki tímabært fyrr en hinar eiginlegu samningaviðræður hefjast og samningskröfur Íslands liggja fyrir.

Fram að því þarf að fara fram rækileg upplýsingamiðlun og umræða, jafnt um galla sem kosti Evrópusambandsins og hvað Ísland geti grætt eða tapað á aðild. Eins og Stefan Füle segir er æskilegt að það ferli byggist á „staðreyndum og tölum fremur en ótta og goðsögnum“.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gamalt mál – ný staða

Ríkisstjórnin kynnti í gær nokkur mál til eflingar atvinnu og byggðar á Suðurnesjum. Eitt þeirra er að kanna hagkvæmni þess að færa starfsemi Landhelgisgæslunnar frá Reykjavík til Suðurnesja. Sú hugmynd er fín en um leið gömul. Áratugir eru síðan því var fyrst hreyft að flytja Gæsluna suður eftir. Líklega eru samt ekki nema nítján ár síðan þingmál þar um var fyrst flutt á Alþingi. Tillagan hefur nokkrum sinnum verið borin upp en aldrei hefur orðið af flutningi. Nú ber svo við að dómsmálaráðherrann er úr kjördæminu. Það gæti aukið líkurnar á að þessi langþráði draumur Suðurnesjamanna rætist.

### Sígilt

Það var Árni R. Árnason Sjálfstæðisflokki sem lagði þingsályktunina fram á sínum tíma. Sama vetur bar hann upp fyrirspurn til forsætisráðherra. Hún var svohljóðandi: „Hverra aðgerða er að vænta sem bætt geta atvinnuástand á Suðurnesjum í bráð til langframa.“ Þetta var í nóvember 1991. Fyrir sléttum nítján árum.



### Fiskréttirnir

Davíð Oddsson var þá forsætisráðherra.



Í svari hans kom fram að töluverðar vonir hefðu verið bundnar við að framkvæmdir við fyrirhugað álver myndu bæta úr ástandinu en framkvæmdum hefði seinkað. Kvaðst hann telja eðlilegt að ríkisvaldið, sveitarfélögin og aðilar vinnumarkaðarins færu yfir stöðu atvinnumála. Davíð sagði líka að því færi fjarri að algert vonleysi hefði gripið um sig, til dæmis væri fiskréttafyrirtæki að taka til starfa. Þar hefur hann líklega átt við Bakkavör, sem árið 1991 var enn þá pínulítið fyrirtæki. Í gær kom fram að það væri stærsta fyrirtæki landsins.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR



# ESB stuðlar að friði

Ísland og ESB



Anna Pála Sverrisdóttir
meðlimur í samtökunum Sterkara Ísland

Nei, það verður enginn Evrópuher með herskyldu fyrir börnin okkar. Þegar og ef Íslendingar ákveða að ganga alla leið inn í Evrópusambandið verður herskylda ekki áhyggjuefni.

Auðvitað er mjög þægilegt fyrir andstæðinga Evrópusamvinnunnar að halda fram herskyldurökum. Íslendinga skiptir almennt miklu að Ísland sé herlaust ríki. Vopnleysið er hluti af sjálfsmynd okkar svo við erum viðkvæm fyrir hugmyndum um breytingu þar á.

Á opnum umræðufundi í október, þar sem fjallað var um ESB og friðar-/hernaðarmál, var frábært að þurfa ekki að eyða púðri í að rökræða herskyldubullið.

Evrópuvakt Samfylkingarinnar stóð fyrir fundinum en til hans mætti fjöldi fólks úr mismunandi áttum. Ég hefði búist við að eyða mestum hluta umræðutímans í að ræða til dæmis hvernig leiðtogaráð ESB útskýrði á síðasta ári að Lissabon-sáttmálinn (uppfærsla á stofnsáttmálum ESB) mælir *ekki* fyrir um stofnun Evrópuhers. Þetta var gert í lagalega bindandi yfirlýsingu frá 19. júní 2009. Í henni kemur fram á svona sjö mismunandi vegu hvernig það getur ekki orðið, en meðal annars með þessum orðum: „[S]ameiginleg öryggis- og varnarstefna ESB ... hefur ekki áhrif á öryggis- og varnarstefnu hvers aðildarríkis ... eða skyldur neins aðildarríkis.“

Skýrara getur það varla orðið. Öll aðildarríki ESB hafa að auki neitunarvald þegar kemur að utanríkismálum. Mörg standa utan NATO.

Ég er þeirrar einlægu skoðunar að samvinna Evrópuríkja undir merkjum Evrópusambandsins, stuðli að friði. Sambandið var beinlínis stofnað í þeim tilgangi að stilla til friðar í stríðshrjáðri álfu og sú tilraun hefur heppnast. Þetta þýðir augljóslega minni hernaðarvæðingu og færri hermenn innan ESB, svo sem á landamærum ríkja. Sameiginlega utanríkisstefnan byggir á lýðræði og mannréttindum. Sambandið tekur þannig þátt í friðargæsluverkefnum um heiminn, aðallega borgaralegum og auðvitað samkvæmt forskrift SÞ.

Á fyrrgreindum fundi um ESB og friðarmál náðum við að ræða örlítið þau málefni sem þarfnast alvöru umræðu. Til dæmis um eðli friðargæsluaðgerða sambandsins. Höldum því áfram.

Ég vil að Ísland taki beinan þátt í umræðu um hvernig ESB beitir sér í þágu friðar utan landamæra aðildarríkjanna. Ekki síður finnst mér verkefnið Friður í Evrópu vera verkefni sem við Íslendingar berum ábyrgð á eins og aðrir Evrópubúar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til varnar Jóhönnu

Stjórnmál

Ellert B. Schram

fyrrv. alþingismaður



Í öllum þeim óróa og óvissu sem enn er fyrir hendi í samfélaginu er ýmsu kastað fram í fljótfærni, reiði og hugarangri. Þetta skil ég. Ég skil líka mótmæli og vanstillingu þeirra sem eiga um sárt að binda. Örvænting er skiljanleg hjá því fólki sem missir húsnæði sitt eða á ekki lengur fyrir lífsnauðsynjum.

Reiðin og gagnrýnin beinist nú sem endranær að ríkisstjórn og ráðherrum og reyndar að þeim flokkum sem að ríkisstjórninni standa. Það sést í skoðanakönnunum og tónninn er gefinn á mótmælafundum, svo ekki sé talað um öll pólitísku skúmaskotin. Ekki hjálpa heldur blaða-, sjónvarps- og útvarpsfréttir, sem dag eftir dag og kvöld eftir kvöld draga upp nýjar hryllingsmyndir af ástandinu.

Það gleymist hinsvegar að núverandi ríkisstjórn var mynduð eftir hrun. Hún ber ekki ábyrgð á öllu því sem aflaga fór. Núverandi ríkisstjórn undir forystu þeirra Jóhönnu og Steingríms er að taka til. Hún er að moka flórinn. Það er ekki áhlaupaverk í miðjum rústunum.

Það þarf engum að koma á óvart enda þótt ýmislegt misfarist í þeirri allsherjarhreingerningu sem nauðsynleg er. Eða að tiltektin dragist. Eða að mismunandi skoðanir séu uppi á leiðum og stefnu og hraða endurreisnarinnar. Það eru engar töfralausnir til og það er ekki líklegt til vinsælda þegar draga þarf úr útgjöldum eða hækka skatta. Því miður hafa stjórnmálaflokkarnir á þingi grafið undan trausti á sjálfum sér með því að sitja enn í gömlu skotgröfunum, í þeirri ímynd sinni, að það kunni að hafa áhrif á fylgið! Með öðrum orðum eru þessi flokkaátök birtingarmynd af þeirri staðreynd að pólitíkin á Íslandi snúist enn um völdin þeirra í milli eða hvers um sig. Þar liggur meinið. Og misskilningurinn. Baráttan þessar vikurnar og mánuðina framundan snýst um þjóðarhag. Ekki flokksfylgi. Sem Samfylkingarmaður er mér ekki efst í huga kjörfylgi þess flokks í næstu kosningum, svo framarlega sem hann hefur þjóðarhagsmuni í fyrirrúmi í starfi sínu á þingi eða annars staðar. Við erum að reyna að bjarga þjóð en ekki flokkum. Það er verkefnið sem Alþingi á að sameinast um.

> Hún er að moka flórinn. Það er ekki áhlaupaverk í miðjum rústunum.

Dapurlegast er þó að upplifa það umtal, þá gagnrýni og þann áróður að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra valdi ekki verkefni sínu og allri skuld sé skellt á ríkisstjórn hennar. Rétt eins og tilvera hennar í ráðherrastólnum sé upphaf og endir þeirrar efnahagskreppu sem yfir okkur dundi. Fólk heimtar utanþingsstjórn eða þjóðstjórn og öflugt dagblað, sem ég nefni ekki einu sinni á nafn, hefur þá ritstjórnarstefnu að hæða forsætisráðherra og gera lítið úr henni, þessari konu, sem tekið hefur að sér að stýra því óumræðanlega erfiða verki, að rétta þjóðarskútuna við. Bloggsíður eru uppfullar af vandlætingu og orðbragði, sem er fyrir neðan alla virðingu. Úrtölumenn heimta nýtt fólk til forystu, eins og það bíði í biðröðum eftir að komast í stól forsætisráðherra. Eða sé til þess hæft.

Hvað sem segja má um Jóhönnu Sigurðardóttur, þá er hún heiðarleg, hugrökk og forkur dugleg. Á þrjátíu ára ferli sínum sem stjórnmálamaður hefur hún verið sjálfri sér samkvæm, verið fulltrúi jafnréttis, heiðarleika og minni máttar. Mannorð hennar er óflekkað. Þvergirðingur segja sumir, en það er af því að hún hefur aldrei hvikað frá þeirri pólitísku köllun sinni að rétta hjálparhönd þeim sem minna mega sín. Hún er ekki fulltrúi neinna sérhagsmuna, hún er ekki í pólitík til að maka sinn eigin krók. Mér finnst leitun að slíkum einstaklingi eða hverskonar manneskju viljum við frekar til að stýra þjóðarskútunni út úr brimgarðinum? Ég segi: Það var lán að eiga hana að, þegar þessi ósköp öll dundu yfir.

Þetta er ekki sagt af því að hún er flokkssystir mín. Þetta er sagt vegna fimmtíu ára reynslu af kynnum við fólk í félagsmálastörfum mínum, stjórnmálastörfum og úti um víðan völl. Ég tek hattinn ofan fyrir Jóhönnu og Steingrími, sem bæði hafa lagt allt undir til að takast á við verkefni, sem var og er í rauninni ofurmannlegt. Ég auglýsi að minnsta kosti eftir þeim einstaklingi, sem vill kasta sér út í þennan flór og fá skítkastið allt yfir sig.

Að öðru leyti læt ég svo öðrum eftir að karpa um það sem gert er eða ógert. Hægt og sígandi munu hjólin snúast á nýjan leik. Þetta er þolinmæðisverk, björgunarstarf sem tekur sinn tíma og sinn toll.






# Álitsgerð forseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík

Dómsmál

Brynjar Níelsson
formaður Lögmannafélags Íslands



Þórður Gunnarsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, ritaði grein í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins til að skýra nánar álitsgerð sína fyrir slitastjórn Glitnis banka hf. þess efnis að íslenskir dómstólar séu illa í stakk búnir til að leysa úr jafn flóknu og umfangsmiklu máli og stefnt var fyrir dóm í New York á hendur sjö íslenskum aðilum. Jafnframt segir forseti Lagadeildar HR að það sé rangt hjá mér að hann hafi sagt að íslenskir dómstólar geti ekki leyst úr jafn viðamiklu skaðabótamáli og hér um ræðir. Í niðurlagi greinar sinnar lýsir forseti lagadeildar HR vonbrigðum með að formaður Lögmannafélagsins skuli ekki sjá sér fært að taka undir þá ályktun hans að íslenskir dómstólar séu illa undir svona mál búnir af skipulagslegum ástæðum og vegna fjárskorts og undirmönnun.

Það er enginn ágreiningur á milli formanns Lögmannafélagsins og forseta Lagadeildar HR um fjölgun dómsmála á komandi misserum í tengslum við hrun bankanna. Á þeim tíma sem forseti lagadeildar ritar undir álitsgerð sína hafði heildarmálum fyrir dómi ekki fjölgað og þegar verið brugðist við fyrirsjáanlegri aukningu mála frá slitastjórnum með fjölgun dómara í héraði.

Ég hef frá því snemmsumars unnið náið með starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins, fulltrúum dómstólaráðs, Dómarafélagsins og Hæstaréttar, þar sem lagt hefur verið mat á hvernig álag á dómstólana muni aukast. Hefur verið aflað upplýsinga frá slitastjórnum bankanna og sérstökum saksóknara um fjölda mála, stærð þeirra og hvenær líklegt væri að málin komi til kasta dómstólanna. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að stjórnvöld geti brugðist við auknu álagi hjá dómstólum. Ástæðan er sú að í stjórnarskrá Íslands og í mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur er á Íslandi eru ákvæði sem kveða á um réttláta málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Þótt fyrir liggi að fjölgun verði á dómsmálum vegna slitameðferðar bankanna er ekki hægt að draga þá ályktun að fjölgun verði í öðrum tegundum mála. Þó svo að aukning eða eðli mála verði til þess að hægist á meðferð dómsmála er ekki þar með sagt að málsmeðferð brjóti gegn framangreindum reglum stjórnarskrárinnar og MSE.

Með hliðsjón af framangreindum staðreyndum er undarlegt að forseti lagadeildar HR skuli draga þá ályktun að íslenskir dómstólar séu illa í stakk búnir til að leysa úr skaðabótamáli slitastjórnarinnar gegn sjömenningunum. Virðist forseti lagadeildar HR hvorki vita hvað hefur verið gert til þess að bregðast við fyrirsjáanlegri aukningu mála né hvað stjórnvöld hyggjast gera ef hætta er á að málin dragist um of á langinn.

> Þar sem ég tel álit forseta lagadeildar HR rangt þótti mér rétt og skylt sem starfsmanni og þjóni íslenska réttarkerfisins að andmæla því með yfirlýsingu.

Forseti lagadeildar HR telur það rangt hjá mér að hann hafi sagt í áliti sínu að íslenskir dómstólar „geti ekki" leyst mál af þessari stærðargráðu. Hér er hártogun um hárfína merkingu orða sem skiptir engu máli í umræðunni. Í mínum huga er lítill munur á því í þessu samhengi að „vera illa í stakk búinn" og „geta ekki" leyst úr málum. Þegar lesin er álitsgerð forseta lagadeildar HR í heild sinni verður hún ekki skilin öðru vísi en svo að íslenskir dómstólar séu ekki færir um að leysa úr svona flóknu og umfangsmiklu máli af skipulagslegum ástæðum og vegna fjárskorts og undirmönnunar.

Ekki veit ég hver tilgangur slitastjórnarinnar var með því að leita álits forseta lagadeildar HR um stöðu dómstólanna og getu þeirra til að leysa úr flóknum og umfangsmiklum málum. Mér vitanlega hefur forseti lagadeildar HR ekki flutt eitt einasta dómsmál svo árum skiptir eða stundað rannsóknir á stöðu dómstóla og getu þeirra til að leysa úr málum. Þó má ætla að forseti lagadeildar viti, eins og allir aðrir sem stundað hafa lögfræðistörf og kennslu, að málshraði fyrir íslenskum dómtólum er meiri en í þeim réttarríkjum sem við berum okkur saman við. Ekki er ástæða til að ætla að málshraði breytist eins og hendi sé veifað án þess að við því verði brugðist eða málsmeðferð verði ekki jafnvönduð og áður.

Þar sem ég tel álit forseta lagadeildar HR rangt þótti mér rétt og skylt sem starfsmanni og þjóni íslenska réttarkerfisins að andmæla því með yfirlýsingu. Skiptir þá engu máli að ég hafði áður unnið fyrir slitastjórn Glitnis banka hf. enda þau störf ótengd efni yfirlýsingar minnar. Ég veit ekki hvað slitastjórninni og forseta lagadeildar HR gekk til með því að leggja fram þetta álit sem er til þess fallið að rýra traust og trúverðugleika íslenskra dómstóla úti í hinum stóra heimi að ófyrirsynju. Ef slitastjórnin virkilega trúir því að íslenskir dómstólar séu illa í stakk búnir til að leysa úr þessu flókna og umfangsmikla skaðabótamáli af skipulagslegum ástæðum og vegna fjárskorts og undirmönnunar verður að teljast undarlegt að hún hyggist leggja fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur önnur flókin og umfangsmikil ágreiningsmál sem komið hafa upp í tengslum við slitameðferðina í stað þess að leita úrlausna hjá dómstólum erlendis.

Það kann vel að vera að einhver haldgóð rök standi til málshöfðunar slitastjórnar á hendur þessum íslensku mönnum úti í New York. Ég skal ekkert um það segja en þau rök að íslenskir dómstólar séu illa í stakk búnir til að leysa úr málinu standast ekki skoðun.

Alþjóðadagur sykursjúkra



BLÁI HRINGURINN
ALÞJÓÐADAGUR UM SYKURSÝKI
14.NÓVEMBER
KAUPUM HRINGINN
TIL STYRKTAR SAMTÖKUM SYKURSJÚKRA
FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
vísir.is

ATHUGIÐ AÐ SÖLU LÝKUR NÚ KL. 17
Þrefaldur 1. vinningur
350.000.000
+200.000.000
550.000.000
ÞÚ TALDIR RÉTT:
550 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 350 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 200 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 10. NÓVEMBER 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!






**299**
PIPARKÖKUR - 400 GR



pr. pk
**199**
SÚKKULAÐIDAGATAL
75 gr



pr. stk
**349**
PAKKABAND
10 mm x 250 m



pr. stk
**359**
GJAFAPAPPÍR - 2 M
Pakkaband, 20 m, kr 359
Pakkamiðar, 6 í pk, kr 359



pr. pk
**990**
HÁRLITIR



pr. stk
**1290**
HERRASKYRTUR
Flanel



**1990**
AÐVENTULJÓS
33ja ljósa



**3590**
ÚTVARP
Með geislaspilara



**2490**
OFNPANNA M/RIST
42x31x6 cm
Steikarmælir, kr 2990

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri




799 pr. pk
ÞVOTTAEFNI - MULTI COLOR
5 kg




199
SALERNISPAPPÍR - 8 RÚLLUR
MiljøSpar




199
ELDHÚSRÚLLUR - 3 RÚLLUR
3ja laga




1390 pr. pk
BIO-TEX, 5 KG
Fyrir hvítan og litaðan þvott




499 pr. stk
SVITALYKTAREYÐIR
Dove / Rexona

2 pk saman




499
NATUSAN BABY - BLAUTKLÚTAR
2 x 64 stk




249 pr. stk
NOPA ÞVOTTAEFNI
Fljótandi þvottaefni
Fyrir hvítan og litaðan þvott
1 ltr




199 pr. stk
HANDSÁPA
500 ml




299
SÓTTHREINSANDI GEL
500 ml




149
KAFFI
Fínmalað
250 gr

100 í pk




499 pr. pk
TE
100 stk í pk
Þrjár gerðir




79
HVEITI - 1 KG




199
SYKUR - 1 KG




89 pr. stk
FAXE - 33 CL
Appelsínu
Sítrónu
Faxe Kondi, orkudrykkur



**Tveir jólamarkaðir** eru fyrirhugaðir í Mosfellsbæ í ár, innimarkaður og útimarkaður. Útimarkaðurinn verður haldinn í Álafosskvos á laugardögum og sunnudögum kl. 12-17 í desember. Innimarkaðurinn verður haldinn á föstudögum á torginu í Kjarna – sem mun fá heitið Torg hins himneska friðar meðan á markaðnum stendur. www.mos.is




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


**Stundaði brimbrettakennslu á Havaí eftir eina kennslustund á brimbretti**

# Havaí eðlilegt framhald af hruninu

Friðrik Guðjónsson var verðbréfamiðlari í banka fram á mitt ár 2009. Þá var bankanum lokað, hann atvinnulaus og ekki annað í stöðunni, að hans sögn, en að kaupa miða aðra leiðina til Havaí þar sem hann endaði með að kenna á brimbretti, þrátt fyrir að hafa aldrei reynt fyrir sér á bretti áður. Hvernig vildi það til? „Mér fannst það bara eðlilegt framhald á bankahruninu að fara til Havaí,“ segir Friðrik og hlær. „Stuttu eftir að ég kom til Maui réð ég mér einkakennara á brimbretti og honum leist svo vel á mig að hann ákvað


;Á FERÐINNI | 5




Friðrik hefur aldrei farið á bretti á Íslandi, segir það alltaf á dagskrá en veðurlagið þessa dagana freisti manna ekki beint til að vaða í sjóinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Rita

Opið virka daga kl. 10-18
Opið laugardaga,
í Bæjarlind kl. 10-16
í Eddufelli kl. 10-14.

Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730




Jafnvægi fyrir líkama og sál
heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi




Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

**Vetrarhátíð** verður haldin í Landnámssetrinu í Borgarnesi annað kvöld klukkan 20. Þar gefst fólki kostur á að kynna sér það fjölbreytta úrval vöru og þjónustu sem hentar til jólagjafa og er að finna í heimabyggð. Aðgangur ókeypis.





Paul skreytir kökuna með marsipani og flórsykursbráð rétt fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólakaka sem endist út janúar

**Paul Newton gerir árlega enska jólaköku. Hann byrjar á henni í lok október og vökvar hana með koníaki öðru hverju fram að jólum.**

„Ég hef gert svona köku árlega, allt frá því ég flutti hingað til Íslands árið 1983," segir Paul Newton, eigandi verslunarinnar Pipar og salt á Klapparstíg 44, sem gefur uppskrift að klassískri enskri jólaköku.

„Ég hef notað sömu uppskriftina öll árin en þó þróað hana eitthvað," segir Paul en margir viðskiptavina hans hafa fengið uppskriftina og fylgst með kökugerðinni hjá honum í gegnum tíðina. Paul byrjaði á kökunni 23. október og þarf síðan að vökva hana reglulega fram að jólum. „Þá sný ég henni á hvolf, sting með prjónum í botninn og helli nokkrum matskeiðum af koníaki yfir," segir Paul en kakan er skreytt skömmu fyrir jól og síðan smakkað á henni á annan í jólum. „Svo endist hún oft út janúar enda mjög saðsöm," segir hann glaðlega.

## ENSK JÓLAKAKA

### Sem best er að gera mörgum vikum fyrir jól

350 g ósaltað smjör
350 g púðursykur
450 g hveiti
6 egg
salt á hnífsoddi
½ tsk. kanill
½ tsk. múskat
½ tsk. negull
300 g sykraðir blandaðir ávextir
450 g ljósar rúsínur
450 g kúrenur
125 g rúsínur
125 g möndluflögur
30 ml síróp
1 bolli koníak
1 krukka hreint apríkósumauk
450 g möndlumarsípan

*Paul segir undirbúning skipta miklu máli. Þannig sé gott að láta rúsínur og kúrenur liggja yfir nótt í koníaki.*

*Takið springform, annaðhvort eitt 23 cm í þvermál, eða tvö 18 cm. Setjið þrjú lög af smjörpappír á botninn og smyrjið með smjöri. Þetta er gert svo kakan brenni ekki. Setjið einnig þrjú lög af pappír í hliðar formsins. Brúnum maskínupappír er vafið utan um formið og bundið með bómullargarni. Á bökunarplötuna eru sett tvö lög af brúnum maskínupappír.*

***Deig:** Blandið saman í skál kúrenum, rúsínum, ávöxtum, möndluflögum og kryddi. Þeytið í annarri skál smjör og púðursykur uns létt og ljóst og bætið svo einu og einu eggi í. Sigtið hveitið og blandið í eggjahræruna. Blandið henni svo saman við ávextina. Að lokum er afgangi af koníaki bætt*



*saman við og sírópinu. Deigið er tilbúið ef það dettur af sleif.*

*Deigið er sett í form. Sumir geyma kökuna í ísskáp fram á næsta dag en einnig má baka hana strax. Úðið yfir kökuna með vatni og hyljið svo með tveimur lögum af smjörpappír sem hefur verið smurður með smjöri og klippið á loftgat.*

*Kakan er bökuð við 140 gráðu hita í 6 klukkustundir (en 3 klukkutíma ef formin eru tvö). Þegar kakan er bökuð þarf að pakka henni í tvöfalt lag af smjörpappír og pappírinn er festur vel með gúmmíteygjum. Svo er álpappír pakkað utan um hana og hún sett í loftþétt kökubox. Þar fær kakan að standa óhreyfð í nokkra daga. Vikulega er kakan tekin fram, gerðar litlar holur í botn og topp með grillprjóni og tveimur, þremur matskeiðum af koníaki hellt yfir.*

*Hálfum mánuði fyrir jól er kakan pensluð með hreinu apríkósumarmelaði sem er hitað fyrst. Það er gert svo marsípanið festist betur við kökuna. Marsípanið má kaupa tilbúið í stórmörkuðum eða hjá bakara. Það er rúllað út og lagt yfir kökuna.*

*Viku fyrir jól er kakan skreytt með flórsykursbráð. Sumir lita aðeins marsípanið hvítt því bráðina getur verið vandasamt að gera.*

**Flórsykursbráð**
675 g flórsykur
4 eggjahvítur
1 msk. sítrónusafi
2 tsk. glýserín

*Flórsykurinn sigtaður, eggjarauður þeyttar vel. Bætið við einni msk. af flórsykri í einu ofurhægt og þeytið vel á milli. Sítrónusafa og glýseríni bætt út í og þeytt uns blandan er orðin eins og marengs.*

*Skálin er hulin með rökum klút og geymd í einn til tvo tíma. Bráðina má lita með matarlit.*

*Flórsykursbráðin er borin á marsípanhúð kökunnar. Fyrst er borið á topp kökunnar, þegar það hefur þornað er bráðin sett á hliðar hennar. Kökuna má síðan skreyta með marsípanskrauti.*


Jólahlaðborð við Skólabrú
Potturinn og pannan



**Kaldir réttir**
Úrval af síld, reyktur og grafinn lax, gæsa carpaccio, hreindýra- og sjávarrétta paté, birkireykt hangikjöt og léttsöltuð drottningarskinka.

**Heitir réttir**
Villigæsa- eða humarsúpa, villikryddað lambalæri, ofnbakaður saltfiskur, hunangsristaður kalkúnn, gufusoðinn silungur og fyllt purusteik.

**Meðlæti**
Gljáðar kartöflur, bakaðar kartöflur, gufusoðið grænmeti, rauðrófur, rauðkál, ristað grænmeti, rauðvínssósa, kryddjurtasósa, citrus sósa, sveppasósa, osta sósa, waldorf salat, ferskt salat, kartöflusalat, rúgbrauð og laufabrauð. Sítrónu-, hvítlauks-, og piparrótar dressing, hunangs-sinnep sósa.

**Eftirréttir**
Súkkulaðikaka, skyrkaka, ris a la mande, hvít súkkulaði mús, ferskir ávextir og súkkulaði gosbrunnur.

**Verð kr. 4.990.-**

**Borðapantanir í símum: 511 1690 og 865 3886**

P&P við Skólabrú • Pósthússtræti 17 - 101 Reykjavík • skolabru@potturinn.is • www.potturinn.is



skapalon.is



Jólaskrautið er af ýmsum toga og jólasveinarnir íslensku spila sinn þátt.



Anne Helene Lindsay stofnaði Litlu jólabúðina fyrir tíu árum í bakhúsi á Grundarstíg. Síðustu fimm árin hefur hún verið á Laugavegi 8. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eins og að búa í dótabúð allt árið

**Anne Helene Lindsay er innan um jóladót allan ársins hring en hún rekur Litlu jólabúðina á Laugavegi 8. Þar selur hún meðal annars íslenskt jólahandverk eftir hátt í þrjátíu handverks- og listamenn sem hún segir erlenda ferðamenn vera mjög hrifna af.**



„Traffíkin hefur verið góð í allt sumar. Ferðamennirnir koma hér mikið við og skoða íslenskt handverk. Íslendingar koma lítið á sumrin, nema ferðafólk utan af landi en nú eru Íslendingarnir farnir að streyma inn, það er allt á fullu hér,“ segir Anne Helen Lindsay, eigandi Litlu jólabúðarinnar á Laugavegi 8.

„Hér er mikið skoðað og mikið spáð. Mér finnst fólk skoða meira en áður og velta fyrir sér áður en það kaupir,“ segir Anne Helen en hún hefur rekið Litlu jólabúðina í bráðum tíu ár. Fyrst í bakhúsi á Grundarstíg en síðustu fimm árin á Laugaveginum. „Þegar ég opnaði hana á sínum tíma hélt ég að þetta yrði bara lítil búð í bílskúrnum hjá mér.“

Í Litlu jólabúðinni selur Anne Helen meðal annars íslenskt jólahandverk eftir hátt í þrjátíu handverks- og listamenn. Munirnir eru úr íslenskri ull, gleri og tré og fleiru. En er hún þá í jólaskapi allan ársins hring?

„Já já, en það er auðvitað ööruvísi á sumrin í viðskiptum við ferðamennina. Svo kemst ég í alvöru jólaskap þegar ég finn gleðina í Íslendingunum. Þetta er bara eins og að búa í lítilli dótabúð og ég segi stundum að mér finnist ég ekkert hafa unnið síðustu tíu árin, bara verið að leika mér.“

*heida@frettabladid.is*



Íslenskt handverk er áberandi í Litlu jólabúðinni.



Tveir reykkarlar, ættaðir frá Erzgebirge í Þýskalandi.

## Karlar spúa jólareyk

RÄUCHERMANN KALLAST TÝPÍSKT ÞÝSKT JÓLASKRAUT SEM HEFUR NÁÐ FÓTFESTU VÍÐA UM HEIM.

Erzgebirge er fjallgarður milli Saxlands og Böhmen í Þýskalandi. Það svæði er heimsþekkt fyrir jólahefðir sínar og jólaskraut en sumir vilja meina að Erzgebirge sé sannkallað jólaland. Þar eru meðal annars framleiddar hefðbundnar útskornar jólastyttur sem heita Räuchermann. Þær eru í raun reykelsi í líki útskorins karls eða kerlingar og hafa fylgt handverksmönnum í langan tíma, eða allt frá 1830.

Reykelsið sem notað er í karlana er keilulaga. Botninn er tekinn neðan af karlinum, reykelsinu komið fyrir á honum og kveikt í. Karlinum er svo tyllt ofan á en þá kemur reykurinn út úr munninum á honum, en iðulega eru karlarnir látnir vera með pípu.

Nokkrar gerðir af reykkörlunum eru til. Þeir eru oft í líki handverksmanna héraðsins; skógarhöggsmenn, námumenn og hermenn. Þeir eru þó til í mun fleiri útgáfum. Sumir geta setið á hillum, en einnig eru til reykkerlingar sem kallast þá Räucherfrauen.







HERRA-
KULDASKÓR

Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.



Stærðir: 41 - 47
Verð: 23.700.-

Misty skor Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

VIÐ BJÓÐUM BETUR
SANNKALLAÐ
JÓLAVERÐ Á ÖLLUM
INNRÉTTINGUM
LÁTTU REYNA Á ÞAÐ

nettoline Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Fallega
jólaskeiðin
frá Ernu
Verð 17.600

ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is



ALLT TIL GJAFAINN-PÖKKUNAR

KÖRFUR Í MIKLU ÚRVALI

EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA

OPIÐ 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500



Sia-vörurnar fást í öllum helstu blóma og gjafavöruverslunum

sia HOME FASHION

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is




Erling Jóhannesson er einna þekktastur fyrir leik sinn á sviði og á hvíta tjaldinu en Erling er einnig menntaður gullsmiður og starfaði meðal annars hjá Georg Jensen í Danmörku í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Upphaf á framhaldsseríu

**Leikarinn og gullsmiðurinn Erling Jóhannesson hefur í nokkur ár gert servíettuhringi fyrir hver jól sem hann laumar í jólapakkann til vandamanna. Í ár kemur hann servíettuhringunum á almennan markað.**

Servíettuhringirnir sem Erling Jóhannesson, gullsmiður og leikari, hannaði eru stílaðir inn á jólin og ætlunin er að gera nýjan servéttuhring með nýju mynstri á hverju ári þannig að hægt sé að safna ólíkum hringum. Erling ríður á vaðið með servéttuhringum með útskornu jólaepla-mynstri.

„Undanfarin ár hef ég smíðað nokkur eintök af servéttuhringum til að gefa vinum og ættingjum í jólagjafir. Hringirnir hafa vakið lukku og ég ákvað fyrir þessi jól að taka þetta skrefi lengra og framleiða hringina í stærra upplagi,“ segir Erling.

Leiklist og gullsmíði fara afar vel saman að sögn Erlings sem menntaði sig sem gullsmiður sextán ára gamall, hér heima og úti á Ítalíu. Að því loknu nam Erling leiklist og stofnaði meðal annars Hafnarfjarðarleikhúsið áður en hann svo sneri sér aftur að gullsmíði í þrjú ár og starfaði meðal annars hjá Georg Jensen í Danmörku.

„Leiklist er vinna með miklu félagslegu áreiti, í hóp, sem er jú mjög gaman, en þá er líka voðalega þægilegt að geta farið út úr því umhverfi inn á milli og vinna með fingrunum og Rás 1 í útvarpinu. Ég hef alltaf verið svo heppinn að félagi minn, Þórbergur Halldórsson, rekur ágætis verkstæði og af því að ég er svona klofinn í minni vinnu hef ég getað sinnt leiklistinni og fengið að vinna hjá honum verkefni inn á milli.“

Servíettuhringir Erlings eru úr stáli og fást í nokkrum verslunum: Kraumi, Epal, Kokku og Aurum.

*juliam@frettabladid.is*



Hringirnir eru stílhreinir og fallegir, með útskornum jólaeplum.

Elstu heimildir um skreytt tré í heimahúsum á jólum eru frá suðurhluta Þýskalands á 16. öld en ekki eru nema tvö hundruð ár síðan farið var að festa kerti á þessi grenitré. Allra fyrstu jólatrén munu hafa sést á Íslandi í kringum 1850, en þó helst hjá dönskum eða danskmenntuðum fjölskyldum.



www.julli.is/jol


Nóvembertilboð
á hreinsun

Við hreinsum fjórar flíkur
en þú greiðir aðeins fyrir þrjár

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík •Sími 553 1380

# BÆKUR

SÉRBLAÐ • MIÐVIKUDAGUR 10. NÓVEMBER 2010



KYNNING






## Snið og sniðteikningar

### Herrafatnaður

Höf.: Inger Öberg og Hervor Ersman
Þýð.: Ásdís Jóelsdóttir

Bókin er skipulögð sem námsefni til kennslu en í henni er að finna fjölbreytt grunnsnið fyrir herrafatnað, m.a. buxur, skyrtur, staka jakka o.fl. Markmið höfunda er að sýna fjölbreytt-ar, sígildar og einfaldar lausnir við útfærslu sniða þannig að hver og einn eigi auðvelt með að finna sínar eigin. Bókin ætti að gagnast kennurum og nemendum í fatagerðar- og fatahönnunarnámi en einnig þeim sem vanir eru að sauma og hafa sjálfir löngun til að útfæra snið. Bókinni fylgja grunnsnið fyrir mismunandi fatagerðir. 182 bls.
Útg. IÐNÚ




## Trésmíði

### Hönnun, útfærsla, verkskipulag

Ritstj.: Wolfgang Nutsch
Þýð.: Sigurður H. Pétursson

Ný bók um trésmíði þar sem tekið er mið af því besta sem áunnist hefur innan trésmíðafagsins undanfarin ár. Bókin skiptist í þrjá hluta, Útfærsla og verkskipulag, Verkefnabanki og Hönnun, og veitir svör við ótal spurningum allt frá teikniáhöldum og teikningum til hönnunar, smíði húsgagna, innréttinga o.fl. Öll framsetning er augljós og skýr og efni og útfærslur sýndar í þrívídd. Bókin hentar vel til kennslu í iðn- og fjölbrautaskólum en einnig fólki í atvinnulífinu, þeim sem búa sig undir smíðanám og öllum áhugamönnum um trésmíðar. Fjöldi smíðaverkefna er í bókinni.
316 bls. Útg. IÐNÚ

IÐNÚ
BÓKAÚTGÁFA




## Ísland Vegaatlas

Í Vegaatlasinum eru auk venjulegra korta á 50 blaðsíðum ýmis þemakort, s.s. um gististaði, tjaldsvæði, söfn, sundlaugar og golfvelli. Þá er í bókinni ítarleg nafnaskrá með yfir 15.500 örnefnum. Sérstaða bókarinnar felst meðal annars í skemmtilegu formi hennar, en samanbrotin er hún aðeins 16 x 31 cm og því handhæg í bílinn. Vegaatlasinn er í vandaðri öskju. Mælikv.: 1:200 000.
Tungumál: íslenska, enska, þýska og franska. 82 bls.




## Ferðakort - Ísland

Vinsælasta og mest selda ferðakort af Íslandi síðastliðinn aldarfjórðung sem hefur verið endurskoðað og uppfært reglulega í gegnum tíðina. Kortið sýnir allt landið á einu blaði (78 x 110 cm) með helstu upplýsingum fyrir ferðamenn, m.a. um vegi landsins, vegalengdir og veganúmer. Ferðakortið er í hentugu broti og því fylgir örnefnaskrá með yfir 3.000 örnefnum. Ný útgáfa 2010. Mælikv.: 1:500 000.
Tungumál: Íslenska, enska, þýska og franska.

IÐNÚ Ferðakort
www.ferdakort.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010



Prentstofa Iðnú er fyrst og fremst fyrir eigin útgáfu en hún tekur líka að sér verkefni fyrir aðra. Hér skoðar Erling prentörk í prentstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heppilegar bækur fyrir handlagna lesendur

**Iðnú í Brautarholti 8 í Reykjavík er allt í senn útgáfa, prentstofa og verslun. Það gefur út kennslubækur fyrir margs konar iðngreinar sem almenningur getur líka nýtt sér til gagns.**

„Við seljum í bókabúðir eins og aðrar útgáfur en okkar útgáfubækur eru ódýrari hér en í öðrum búðum,“ segir Erling R. Erlingsson. Hann er framkvæmdastjóri Iðnú í Brautarholti 8 sem hefur að geyma útgáfu, prentstofu og verslun.

„Lengi vel voru eingöngu gefnar hér út kennslubækur fyrir iðnskóla og aðra framhaldsskóla. En í seinni tíð höfum við víkkað út útgáfuna og þær bækur sem við gefum út eru ekki bara nothæfar sem kennslubækur heldur eru þær heppilegar fyrir handlagna og þá sem hafa áhuga á handmennt,“ segir Erling og nefnir til dæmis nýútkomna bók sem nefnist Trésmíði. „Þar er allt sem atvinnumaðurinn eða áhugamaðurinn þarf að vita um trésmíði. Hvernig á að teikna, hanna, smíða og svo framvegis. Fjallað er um innréttingar, klæðningar, húsgögn, glugga, hurðir. Allt sem mönnum dettur í hug.“

Sniðug jólagjöf! skýtur blaðamaður inn í. „Já, alveg tilvalin fyrir bílskúrsdundarann,“ tekur Erling undir. „Þarna eru einfaldir hlutir sem fólk sem er að vinna við trésmíði hefur kannski ekki haft aðgang að áður, eins og hvað eldhúsborðið á að vera hátt, hversu mikil fjarlægð á að vera milli efri og neðri skápa og svona ýmis grundvallaratriði. Þetta er bók sem gæti nýst mörgum. Hún er þýdd úr þýsku og Þjóðverjar eru þekktir fyrir að gefa út vandað efni.“

Erling nefnir líka nýútkomna bók með sniðum og um sniðteikningar. „Þessi bók fjallar um karlmannsföt en við höfum áður gefið út sambærilega bók um kvenfatnað,“ tekur hann fram og bendir á að með bókunum opnist möguleikar fyrir fólk að spara og sauma sjálft. „Þessar bækur eru hugsaðar fyrst og fremst fyrir þá sem eru að læra en þær eru einnig þannig að almenningur getur auðveldlega nýtt sér þær.“

Iðnú hélt upp á 60 ára afmæli fyrirtækisins í fyrra þótt nafn þess sé mun yngra. „Þetta hét Samband iðnmenntaskóla lengi og síðar Iðnskólaútgáfan en fyrir ellefu árum var nafninu breytt í Iðnú,“ upplýsir Erling. Hann segir prentstofuna fyrst og fremst fyrir eigin útgáfu en taki einnig að sér verkefni fyrir aðra. „Eins sjáum við um prentkennslu fyrir Tækniskólann,“ segir hann. „Hér eru alltaf ungir prentnemar á hverjum vetri að læra vinnubrögðin og það er skemmtilegt.“

# Nýtt og vandað vegakort

Í bókaverslun Iðnú, Brautarholti 8, er sérstök kortadeild í rúmgóðu húsnæði. Þar fæst meðal annars nýtt og vandað vegakort af Íslandi í glæsilegri öskju. Þetta er gormabók í nokkuð stóru broti sem auðvelt er að ferðast eftir.

„Landakort eru hluti af útgáfu Iðnú,“ útskýrir Erling Erlingsson framkvæmdastjóri. „Við tókum á sínum tíma við útgáfunni sem Landmælingar Íslands voru með og höfum verið að prjóna við hana. Nýi vegaatlasinn er dæmi um það. Hann er sá nákvæmasti sem gefinn er út á Íslandi. Eins er að koma ný uppfærsla af yfirlitskorti af Íslandi, sem hefur til þessa verið eitt mest selda kortið af landinu.“



Í kortadeildinni er úrval af veggkortum, yfirlitskortum og vegakortum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Iðnú er bæði heildsala og smásala auk þess sem útgáfan heldur úti netverslun. Erling tekur fram að gerður hafi verið samningur við Bóksölu stúdenta um netsölu á landakortunum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson bfj@365.is s. 512 5411

# NÝJAR BÆKUR

Unga ástin mín
– Þroskandi barnabækur

Ný heimasíða
ungaastinmin.is



Sjá sölustaði á ungaastinmin.is

## Nýjar hljóðbækur




+1

Í þessari verðlaunabók kynnast börnin 10 krúttlegum sveitakrílum og hljóðum þeirra auk þess að læra tölustafina frá 1-10.




+3

Börnin njóta þess að heyra hljóðin og kynnast dýrunum og farartækjunum í þessum fallegu og fjörugu bókum.

## Nýjar krílabækur




Fallegar, mjúkar og „nagvænar" bækur fyrir yngstu krílin með fallegum ljósmyndum af dýrum og hlutum úr heimi barnsins.

+1




+1

## Aðrar nýjar bækur

Dýrin á Brellubæ og Í Gæludýragarði stara á eitthvað óvænt sem kemur í heimsókn. Hvað ætli það sé? Fyndnar og fallegar myndabækur með texta í bundnu máli.




+1




+3

Fílamamma þráir fimm mínútna frið frá börnum og annasömu heimili. En slíkar sælustundir eru fátíðar þegar börnin krefjast athyglinnar öllum stundum.




+1

Þessi fallega verðlaunabók fær börnin til að skemmta sér vel við að uppgötva dýrin sem eru falin undir flipunum. Fallegar myndir af dýrum úr öllum heimshornum.




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

Bókatíðindi koma út 15. nóvember.

## NOTALEG NOSTALGÍA

● Það er fagnaðarefni að nú séu bækur um Múmínálfana fáanlegar aftur. Á dögunum var bókin Halastjarnan endurútgefin en von er á kvikmynd byggðri á þeirri sögu á næsta ári. Sögurnar um fólkið og furðuverurnar í Múmíndalnum, eftir finnska rithöfundinn og myndskreytinn Tove Jansson, hafa hrifið lesendur um allan heim og eru aðdáendur sagnanna á öllum aldri. Bækur Jansson um múmínálfana komu fyrst út á íslensku fyrir fjórum áratugum í þýðingu Steinunnar Briem. Nýja bókin geymir nákvæma endurgerð af útgáfu Arnar og Örlygs á Halastjörnunni frá 1971.




● Blaðasnápurinn Tinni er ekki síður kær lesendum frá 7-77 ára. Í vor var byrjað að endurútgefa myndasögurnar ástsælu um ævintýri hans og hins orðljóta Kolbeins kafteins.




Nú eru komnar út alls fjórar bækur: Leyndardómar Einhyrningsins, Skurðgoðið með skarð í eyra, Fjársjóður Rögnvaldar rauða og Krabbinn með gylltu klærnar. Nýja útgáfan er í minna broti en þær eldri og hefur sú nýbreytni mælst misvel fyrir hjá hörðustu aðdáendunum. Innihaldið stendur þó ávallt fyrir sínu og það er gaman að rifja upp kynnin af Tinna!

● Aðdáendur myndasagnaflokksins Goðheima eru ófáir en bækur þær nutu gríðarlegra vinsælda hér á landi á síðari hluta síðustu aldar og má til sanns vegar færa að margir hafi lært sína norrænu goðafræði af þessum rómuðu bókum danska teiknarans Peters Madsen. Nú hefur verið ákveðið að endurútgefa seríuna vinsælu, vegna fjölda áskorana og er fyrsta bókin, Úlfurinn bundinn, komin út en þar segir af ævintýrum þrumuguðsins Þórs.




● Strumparnir koma síðan öllum í gott skap. Þessar litlu bláu verur, sem eru í senn afar krúttlegar og uppátækjasamar, hafa tekið sér bólfestu í hérlendum hjörtum og nú eru loksins komnar út nýjar bækur um Strumpana, bæði lesbækur og vinnubækur. Sögubækurnar fjalla um Öðruvísistrump og Strympu en þrautabækurnar tvær eru stútfullar af skemmtilegri dægradvöl. En gætið ykkar þó, Kjartan galdrakarl er aldrei langt undan!






„Allar uppskriftirnar eru þannig úr garði gerðar að krakkar geta eldað þær sjálfir," segir Nanna Rögnvaldardóttir sem þýðir bókina.




Í bókinni er að finna skýrar leiðbeiningar með hverri uppskrift þar sem matreiðsluaðferðinni er lýst skref fyrir skref.

# Vönduð matreiðslubók fyrir börn og byrjendur

**Það er ekki öllum gefið að töfra fram dásemdir í eldhúsinu. Sumir kunna ekki einu sinni að sjóða egg! Sem betur fer má ýmislegt læra af góðum bókum.**

Bókin Þú getur eldað! er kjörin fyrir alla þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í matargerðarlistinni. Höfundur bókarinnar er Annabel Karmel sem hefur um árabil skrifað um næringu og mataræði barna og hafa bækur hennar komið út víða um heim en nú er fyrrgreind bók komin út í þýðingu Nönnu Rögnvaldardóttur.

„Þetta er mjög handhæg og sniðug bók fyrir alla byrjendur," útskýrir Nanna. „Allar uppskriftirnar eru þannig úr garði gerðar að krakkar geta eldað þær sjálfir – þó að stundum geti verið gott að hafa einhvern fullorðinn viðstaddan líka."

Í bókinni eru skýrar leiðbeiningar með hverri uppskrift þar sem matreiðsluaðferðinni er lýst skref fyrir skref. „Foreldrar vita stundum ekki hvað þeir geta leyft krökkunum að gera í eldhúsinu, hvernig uppskriftir henta þeim, en í þessari bók eru alls konar skemmtilegar hugmyndir fyrir krakka og aðra byrjendur til að prófa í eldhúsinu," segir Nanna.

Í bókinni eru meðal annars leiðbeiningar um hvernig sjóða skal egg, steikja pönnukökur, baka brauð, útbúa pestó og piparkökur og meira að segja uppskrift að æðislegum berjaís. Nanna bendir á að oft séu krakkar viljugri að smakka það sem þeir hafa sjálfir gert og þannig getur þeirra eigin matseld hjálpað til við sigrast á matvendni. Auk uppskriftanna og skýringarmyndanna er líka að finna upplýsingasíður í bókinni sem auðveldar notendum hennar að þekkja hráefnin og áhöldin sem notuð eru í eldhúsinu sem og leiðbeiningar um hollt mataræði.

Í tilefni af útkomu bókarinnar efnir Eymundsson til uppskriftasamkeppni fyrir áhugasama krakka. Þátttakendur á aldrinum 8-13 ára eru hvattir til að senda inn uppskrift, ásamt ljósmynd af réttinum, á netfangið eymundsson@eymundsson.is og eru vegleg verðlaun í boði. Nánari upplýsingar um keppnina má finna á heimasíðu Eymundsson.




**Bókin Þú getur eldað inniheldur fjölda uppskrifa sem henta krökkum og öðrum sem eru að stíga sín fyrstu skref í matargerðarlistinni. Höfundurinn Annabel Karmel hefur um árabil skrifað um næringu og mataræði barna.**

# Bókin fyrir strákana … og stelpurnar



Í bókinni má meðal annars lesa um bernskuár Loga í Hafnarfirði, hvernig hann vann sig út úr feimninni og ákvað að verða atvinnumaður í handbolta.

Handboltahetjan Logi Geirsson er ekki háaldraður maður. Hann er nýorðinn 28 ára en á dögunum kom út bók sem ber undirtitilinn „atvinnumannasaga Loga Geirssonar" og er líkast til fyrsta bindið í bókaflokki um líf hans. Hann hefur í það minnsta komið nógu víða við nú þegar til þess að fylla rúmar 250 síður af afar spennandi efni.

Henry Birgir Gunnarsson er höfundur bókarinnar um Loga en í henni má meðal annars lesa um bernskuár hans í Hafnarfirðinum, hvernig hann vann sig út úr feimninni og ákvað að verða atvinnumaður í handbolta og síðan um sorgir hans og sigra bæði í Þýskalandi og með íslenska handboltalandsliðinu. Smáatvik í leik árið 2007 átti eftir að skipta sköpum fyrir hann og leiðin niður af toppnum var að sögn ísköld. Og Logi lætur allt flakka! Hvort sem það eru spaugilegar frásagnir af glæfraskap og partíum eða einlægar frásagnir af því hvernig honum leið þegar hann fékk fyrsta samninginn sinn eða þegar sonur hans fæddist.




Bókin 10.10.10, sem kom út 10. október síðastliðinn á afmælisdegi Loga, er afar opinská og óvenjuleg þroskasaga sem á ekki síst erindi við ungt fólk, hvort sem það stundar íþróttir eða ekki. Boðskapur bókarinnar er ekki síst sá gullvægi sannleikur að hugurinn beri mann hálfa leið og með elju og vinnusemi geti allir náð markmiðum sínum.



Svíarnir Hans Rosenfeldt og Michael Hjorth eru mennirnir bak við Manninn sem var ekki morðingi. MYND/BJARTUR VERÖLD

# Maðurinn sem var ekki morðingi

**Maðurinn sem var ekki morðingi hefur slegið í gegn um allan heim. Bókin er sögð næsta sprengja á eftir Stieg Larsson.**

Maðurinn sem var ekki morðingi eftir Svíana Hans Rosenfeldt og Michael Hjorth er ein eftirsóttasta bók síðari ára á Norðurlöndunum. Útgáfurétturinn á sögunni var seldur fyrir metfé út um allar jarðir og sló strax í gegn í heimalandi sínu. Nú eru fyrstu erlendu útgáfurnar að líta dagsins ljós og er ekki að sökum að spyrja, Maðurinn sem var ekki morðingi hefur selst í gámavís í Danmörku á liðnum vikum.

Sagan hefst á því að sextán ára piltur er horfinn. Líklega stunginn af til Stokkhólms, heldur lögreglan. Skömmu síðar finnst hann myrtur norður af bænum. Hjartað hefur verið fjarlægt úr líkinu.

Sebastian Bergman er réttarsálfræðingur og aðalsérfræðingur lögreglunnar í að draga upp mynd af óþekktum ódæðismönnum. Hann er eldklár, en líka ögrandi, hrokafullur og hreinasta martröð fyrir samstarfsmennina. Bergman var eiginlega hættur störfum eftir harmleik í fjölskyldunni en fyrir tilviljun dregst hann inn í rannsóknina á morðinu á þessum sextán ára pilti. Bergman hefur sínar ástæður fyrir því. Hann ætlar sér að komast yfir trúnaðarupplýsingar sem hann veit að er að finna í skýrslum lögreglunnar.




### PIRRANDI OG HEILLANDI Í SENN

Maðurinn sem var ekki morðingi er fyrsta bókin í væntanlegri röð glæpasagna með Sebastian Bergman í aðalhlutverki. Spennandi, trúverðugur og hrikalega skemmtilegur sænskur krimmi og hefur verið kallaður næsta sprengja á eftir Stieg Larsson.

„Sá áhugi, ákefð og kraftur sem einkennt hefur uppboðin á útgáfuréttinum er ótrúlegur,“ segir Linda Altrov Berg hjá umboðsskrifstofu Norstedts, sem sá um samninga við Bjart fyrr á þessu ári. „Við vorum sannfærð um að erlendir útgefendur myndu sýna bókinni áhuga en viðbrögð þeirra hafa farið fram úr okkar björtustu vonum; menn eru á einu máli um að lesendur eigi eftir að halda mjög upp á aðalpersónu sögunnar, Sebastian Bergman.“ Persóna Sebastians Bergman þykir einmitt sérlega vel heppnuð og skemmtileg – pirrandi og heillandi í senn. Sebastian Bergman „hefur margar hliðar og mann langar að kynnast þeim öllum“, segja þeir sem lesið hafa.

# Dönsk systkini ákváðu að skrifa saman krimma

Þegar Sören Hammer flutti heim til Lotte systur sinnar fannst honum að þau þyrftu að gera eitthvað uppbyggilegt saman. Og hvað liggur beinna við en að skrifa saman glæpasögu?

Þau settust niður og sömdu í sameiningu bókina Svívirðu og sendu handritið til útgáfurisans Gyldendal. Skipti þá engum togum að menn þar á bæ stukku á gripinn og voru óðara búnir að selja útgáfuréttinn til 90 landa víðs vegar á jarðarkúlunni. Bjartur gefur Svívirðu út hér á landi.

Lík af fimm karlmönnum finnast í íþróttasal grunnskóla að morgni dags. Engu er líkara en fram hafi farið opinber aftaka. Það kemur í hlut Konrads Simonsen yfirlögregluþjóns og félaga að reyna að finna ódæðismennina. Hvers vegna var líkunum stillt upp með þessum hætti? Hvernig var þetta hægt? Og hvað liggur þarna að baki?



Sören og Lotte Hammer systkini sem skrifuðu saman metsölubókina Svívirðu.

Svívirða þykir einstök glæpasaga um það þegar menn taka lögin í sínar hendur, hvernig hægt er að spila á mannfjöldann og skapa yfirþyrmandi múgæsingu.

## „Stephanie Meyer án vampíra“

Undir fögru skinni eftir Rebeccu James er áhrifamikill og þéttur sálfræðitryllir sem gerði höfundinn samstundis að alþjóðlegum metsöluhöfundi. Wall Street Journal lét til dæmis svo um mælt að þetta væri „heillandi sálfræðitryllir ... Frábærlega fléttuð ... Stephanie Meyer án vampíra.“




Í kjölfar fjölskylduharmleiks ákveður Katherine að flytja að heiman og hefja nýtt líf í Sydney þar sem enginn þekkir hana. Í nýjum skóla heldur hún sig út af fyrir sig og nýtur þess að renna saman við í fjöldann. Þá birtist Alice. Hún er umhyggjusöm, heillandi og hrókur alls fagnaðar. Þessi stelpa, sem virðist svo fullkomin, sækist eftir vináttu Katherine og hjálpar henni að takast á við lífið á nýjan leik.

En Alice á sér myrkari hliðar og eftir því sem lesandinn fær meira að vita um fortíð hennar tekur sagan ískyggilegri stefnu sem nær hámarki í dramatískum endi.

„Er sagan jafn góð og allt fárið í kringum hana benti til? Í einu orði sagt: Já – hún er það. Undir fögru skinni er virði hverrar þeirrar krónu sem útgefendur um allan heim greiddu fyrir réttinn á henni. Svo góð er hún.“
**Australian Women Online**

## Fyrst komu Drekafræði. Þá Sjóræningjafræði. Og nú Vampírufræði.




UNGIR FRÆÐIMENN bíða spenntir eftir þessari glæsilegu myndskreyttu bók, sem segir dagsanna sögu hinna föllnu. Hver er saga vampíra? Hvernig verða þær til? Hver er máttur þeirra? Hvernig er hægt að verjast þeim? Er hægt að eyða þeim? Hver er saga Drakúla og hverjar voru vampírur fyrri tíma? Er satt að Ríkarður III hafi verið vampíra? Eru þær enn á meðal vor?

NAUÐSYNLEG bók, fyrir þá sem trúa, þá sem efast og þá sem spá fyrir um framtíðina.

ATHUGASEMD ÚTGEFANDA: útgefandinn vill koma því á framfæri að fátt styður hinar klúru sögur af blóðsvelgjum sem eru skráðar á síður þessarar bókar. En sakir þess að undanfarið hefur borið á miklum áhuga á vampírum og tengslum þeirra við fólk þótti einsýnt að þetta rit gæti varpað nokkru ljósi á uppruna þeirra og eðli. Því hefur verið ráðist í þessa sérstöku endurútgáfu á bókinni fyrir þá sem trúa, þá sem efast og þá sem spá fyrir um framtíðina.

## Einvígi varúlfs og dreka

**Skrímslabræðurnir Skúli og Skjöldur**




SGIMS er mjög merkileg stofnun: Það er stofnun gegn illri meðferð á skepnum. SGIMS er athvarf fyrir alls kyns skepnur; tröll og álfa, sjávarsnáka og púka.

Úlfur hefur búið á SGIMS allt sitt líf. Hann er nefnilega varúlfur.Dag nokkurn ber dreka að garði og Úlfur kemst að svolitlu HRIKALEGU! Hann á í höggi við einhvern skelfilegasta skepnuveiðara í heimi.
Hrikalega skrýtnar skepnur heitir hrikalega skemmtileg og stundum hrikalega hræðileg, alltaf hrikalega spennandi en umfram allt hrikalega skemmtileg ...
bókaröð: Um hrikalega skrýtnar skepnur. EINVÍGI VARÚLFS OG DREKA er fyrsta bókin í röðinni, sem er eftir skrímslabræðurnar Skúla og Skjöld (Matthew Morgan, David Sindan og Guy MacDonald) og í íslenskri þýðingu Ingunnar Snædal af Jökudal, fulltrúa Bjarts og Fljótsdalshéraðs í Útsvari.

## Næstum fimm stjörnu barnabók!

**Breki og Dreki í leikskóla**




„Hér er mjög skemmtileg barnabók á ferð fyrir breiðan aldurshóp ... Hverja mynd er hægt að skoða endalaust því mikið er af skemmtilegum smáatriðum sem fengu mig til að skella upp úr,“ sagði Ingveldur Geirsdóttir um Breka og Dreka í Morgunblaðinu á dögunum og gaf bókinni fjóra og hálfa stjörnu. Breki og Dreki eru á leið í baðhúsið Kropp. Þeir hafa unnið dekurdag í happdrætti og hlakka til að njóta þæginda og slökunar allan daginn. En strákarnir villast og fara í staðinn í leikskólann Kopp. Ekkert er eins og þeir bjuggust við en dagurinn í leikskólanum verður ævintýralegur og miklu skemmtilegri en þeir hefðu nokkurn tíma getað ímyndað sér.

Breki og Dreki kitla hláturtaugar lesenda hvað eftir annað og litskrúðugar myndir með aragrúa sniðugra smáatriða er endalaust hægt að skoða. Bækurnar um Breka og Dreka hafa farið sigurför um heiminn, en þetta er fyrsta bókin sem kemur út á íslensku.



**PAUL AUSTER MEÐ NÝJA SKÁLDSÖGU** Metsöluhöfundurinn Paul Auster hefur sent frá sér nýja skáldsögu, Sunset Park, sem hefur fengið rífandi dóma í erlendum blöðum undanfarna daga.

Sagan segir frá Miles Heller sem býr í sjálfskipaðri útlegð í Flórída og hefur ekki haft samband við fjölskyldu sína síðan hann hætti í háskóla fyrir sjö árum. Hann verður ástfanginn af ungri stúlku en fjölskylduleyndarmál úr fortíðinni gera honum erfitt fyrir í sambandinu. Þótt Miles búi í Flórída er það að sjálfsögðu Brooklyn sem er aðalsögusviðið enda Auster stundum nefndur „þjóðskáld Brooklyn“.

Auster er einn mikilvirtasti höfundur samtímans og ný bók frá honum vekur alltaf eftirvæntingu bókmenntaáhugafólks. Nýja skáldsagan virðist standa undir þeim væntingum ef marka má dómana.

Margar bækur hans hafa verið þýddar á íslensku og má nefna Mynd af ósýnilegum manni, Bresti í Brooklyn og Glerborgina. *- fsb*



Vinsælt er að fjalla um New York-borg í skáldskap. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Bækurnar höfðu orðið fyrir miklum rakaskemmdum hjá skáldinu en starfsmenn Þjóðarbókhlöðunnar hafa tekið þær í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bækur Einars Ben

Sýning er hafin á bókum úr safni þjóðskáldsins Einars Benediktssonar í handritadeild Landsbókasafnsins á Þjóðarbókhlöðunni. Hún hefur ekki verið opnuð formlega og uppsetningunni er ekki lokið en fólki er heimilt að skoða það sem búið er að ganga frá.

Alls er um að ræða 600 bóka safn sem Einar gaf Háskóla Íslands árið 1935, ásamt jörðinni Herdísarvík og húsgögnum. Gjöfin var í minningu föður hans, Benedikts Sveinssonar alþingismanns. Bækurnar voru ekki færðar í Háskólabókasafn fyrr en í mars 1950 og voru hafðar í geymslu þar til það flutti í Þjóðarbókhlöðuna.

Bókasafnið er að mestum hluta sagnfræði um Ísland og Norðurlöndin. Einnig eru grískar og latneskar bækur og rit um fornklassískar bókmenntir. Bækurnar eru nær einvörðungu á erlendum tungum og meginhluti þeirra er prentaður fyrir 1850, mjög margar á 17. og 18. öld og nokkrar á 16. öld.

Á vormánuðum 2009 var hafist handa í Landsbókasafni við hreinsun og frágang á bókum úr Einarssafni og lauk því verki á þessu ári.

Áður en Einar fluttist með bækurnar til Herdísarvíkur höfðu þær rétt áður orðið fyrir miklum rakaskemmdum og hafði þeim lítið verið sinnt fyrr en núna. *- gun*

# Lestur fyrir ferðalanga og þá sem heima sitja

**Ferðalangar sem ætla að heimsækja stórborgir geta tekið skemmtilegan snúning á ferðalagið með því að lesa skáldsögur sem gerast í umræddum borgum. Eða setið heima í stofu og látið sér líða eins og þeir séu á ferðalagi.**

Sumar bækur eru þannig að lesendur finna fyrir umhverfinu á næstum áþreifanlegan hátt, lyktina, hitastigið og veðrið. Hér eru nokkrar bækur valdar af handahófi sem gaman er að lesa til að komast inn í borgarlífið í Barcelona annars vegar og New York hins vegar.

Margir kannast við Skugga vindsins eftir Carlos Ruiz Zafón sem kom út í íslenskri þýðingu Tómasar R. Einarssonar árið 2005 og gerist í Barcelona. Önnur frábær bók fyrir Barcelona-fara er smásagnasafnið From Barcelona: Stories Behind The City Vol 1 sem kom út á síðasta ári. Sögurnar eru skrifaðar af Bandaríkjamanninum Jeremy Holland sem fluttist til Barcelona árið 2002, þá rétt slarkfær á spænsku. Bókin inniheldur tíu smásögur sem tengjast borginni, sögu hennar og fólkinu sem býr í henni. Einnig má benda á bækur Aliciu Gimenez-Bartlett sem er Barcelonabúi og skrifar spennubækur sem gerast allar í borginni, sögurnar þykja bæði fyndnar og femíniskar.



Nokkrar bækur hafa verið skrifaðar inn í sögusviðið Barcelona.

Manhattan Transfer eftir John Dos Passos fjallar um lífið í New York á fyrstu áratugum síðustu aldar og þrátt fyrir að sögupersónurnar tilheyri fortíðinni þykir höfundi takast einstaklega vel upp við að fanga andrúmsloft New York og sagt hefur verið um bókina að hún hafi svip kvikmyndar um borgina. New York-þríleikur Pauls Auster sem kom út í íslenskri þýðingu undir titlunum Glerborgin, árið 1993, Draugar, 1994 og Lokað herbergi 1995 er líka frábær lestur um New York borg þar sem persónur Austers þvælast um borgina á ólíkum tímabilum síðustu aldar.

Benda má ferðalöngum á að á veraldarvefnum eru nokkrar skemmtilegar síður sem greina frá bókum er gerast í tilteknum borgum, fyrir utan wikipediu er þar til dæmis síðan bibliotravel.com. *- jma*

Auglýsingasími
512 50 50


Allt sem þú þarft…



**VALD KVIKMYNDANNA** Nýlega kom út í Bretlandi bókin Reel Power – Hollywood Cinema and American Supremacy eftir Matthew Alford.

Í kynningu segir að oft sé Hollywood skilgreind sem vígi vinstrisinnaðra og frjálslyndrar hugmyndafræði en raunin sé þveröfug. Alford heldur því fram og færir rök fyrir því að Hollywood þjóni eingöngu íhaldssömustu öflunum í pólitík og viðskiptum og tekur dæmi úr fjölmörgum vinsælum kvikmyndum síðari ára.

Matthew Alford er breskur blaðamaður sem hefur skrifað fyrir The Guardian, New Statesman og unnið við breska útvarpið BBC. Hann er einnig stundakennari við háskólana í Bath og Bristol.



Kristrún á von á því að Martröð millanna eftir Óskar Hrafn Þorvaldsson muni skekja einhverja.



Morgunengill er besta bók Árna Þórarinssonar að mati Kristrúnar.



„Þessi nýja bók er algjört dúndur, ég fer ekki ofan af því," segir Kristrún um Furðustrandir eftir Arnald Indriðason.

# Krimmar koma manni í jólaskap

**„Er eitthvað jólalegra en Arnaldur?" spyr Kristrún Heiða Hauksdóttir, kynningarstjóri Forlagsins, sem er komin á kaf í krimmana. Hún kemst í jólaskap 1. nóvember líkt og fleiri sem ekki bíða jólanna heldur byrja að lesa strax.**

„Það eru forréttindi að mega og þurfa að lesa jólabækurnar snemma," segir Kristrún Heiða. „Mér finnst fátt skemmtilegra en að tæta plast utan af nýjum bókum." Þær hafa verið ófáar að undanförnu og þar á meðal eru fjórar nýjar íslenskar spennusögur sem koma út á vegum Forlagsins.

„Fyrst má þar nefna hinn ógnarspennandi Morgunengil eftir Árna Þórarinsson," útskýrir Kristrún. „Þar er Einar, blaðamaður á Síðdegisblaðinu, mættur til leiks á ný og ég er ekki ein um þá skoðun að þetta sé besta bók Árna til þessa. Alveg hörkuspennandi en með beittum broddi líka." Hún kveðst hlakka til að sjá Einar sjálfan lifna við á sjónvarpsskjánum því unnið er að þáttaröð byggðri á einni af fyrri bókum Árna, Tíma nornarinnar.

Bókin Mörg eru ljónsins eyru eftir Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur er óvenjuleg spennusaga að sögn Kristrúnar. „Ég varð alveg óð í þessa bók. Hún daðrar svo við mann í stílnum og frásögnin er svo lifandi og skemmtileg." Þórunn skrifar nútímalegt plott sitt um ástarþríhyrning og blóðugan glæp en baklandið er í sjálfri Laxdælu. „Það skrifar enginn um samskipti kynjanna eins og Þórunn," bætir hún við, „þetta er rosalega djúsí saga. Þarna eru Bolli og Kjartan og kvendið Guðrún sem veit ekki hverjum hún er verst – eða best. Algjört lestraræði."

Það hefur vart farið fram hjá neinum að spennusagan Furðustrandir eftir Arnald Indriðason er komin út. „Hann klingir inn jólin," segir Kristrún sposk. „Það er reglulega gaman að upplifa stemninguna sem skapast í kringum bækurnar hans Arnaldar. Hann á sér svo marga dygga aðdáendur."



„Hún daðrar svo við mann í stílnum og frásögnin er svo lifandi og skemmtileg," segir Kristrún um bók Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur, Mörg eru ljónsins eyru.

Sjálf segist hún ekki geta stillt sig um að lesa bækurnar hans strax. „Þessi nýja bók er algjört dúndur, ég fer ekki ofan af því. Erlendur snýr aftur og rannsakar mál austur á fjörðum sem tengist fortíð hans. Þessa verða allir að lesa."

Fjórða bókin, Martröð millanna eftir Óskar Hrafn Þorvaldsson, kemur út 11. nóvember. „Ég má ekkert segja," segir Kristrún laumulega. „Þetta er bók sem á eftir að skekja suma – spennusaga um íslenska sturlun og persónurnar eru sumar býsna kunnuglegar. Þetta er flottasta uppgjörið við góðærið sem ég hef lesið hingað til."

# Horft upp í himinhvolfið

Vinsældir stjörnuskoðunar hafa aukist mjög hérlendis á undanförnum árum, ekki síst fyrir tilstilli Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness sem gengist hefur fyrir námskeiðum og ýmis konar fræðslustarfi um stjörnuskoðun.

Nú er komin út ný og glæsileg bók í ritröð sem kennd er við „Leiðsögn í máli og myndum" en í henni er fjallað vítt og breitt um alheiminn í allri sinni dýrð. Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, segir bókina vera fróðleiksnámu um allt sem viðkemur stjörnufræði. „Þetta er aðgengileg bók um undur alheimsins, skrifuð á mannamáli."



Bókinni er skipt í þrjá meginhluta. Í inngangi er að finna yfirlit yfir grundvallarhugtök stjörnufræðinnar sem nýst getur byrjendum jafnt sem lengra komnum. Í kaflanum Vegvísir um alheiminn er síðan fjallað um sólkerfið, vetrarbrautina okkar og þá hluta himingeimsins sem liggja handan hennar. Loks er í þriðja hlutanum, Næturhimninum, vegvísir um himingeiminn fyrir áhugastjörnufræðinga. Bókina prýða þúsundir ljósmynda, skýringarmynda og stjörnukorta.

Aðalritstjóri bókarinnar er Martin Rees en hann er prófessor í heimsfræði og stjarneðlisfræði og rektor við Trinity College í Cambridge-háskóla á Englandi. Karl Emil Gunnarsson þýddi.




Fjallað er vítt og breitt um alheiminn í bókinni og hana prýðir fjöldi ljósmynda, korta og skýringarmynda.

## SPENNANDI ÞÝÐINGAR

● Sænski glæpatryllirinn Dávaldurinn er einhver mest selda bók síðari ára í Svíþjóð og ef Stieg Larsson einn er undanskilinn hefur enginn höfundur selt þar fleiri bækur en Lars Kepler. Enda linntu sænskir fjölmiðlar ekki látunum fyrr en búið var að komast að því hver sá kappi væri. Í ljós kom að bak við höfundarnafnið voru rithöfundahjónin Alexandra og Alexander Ahndoril, sem voru hvort í sínu lagi allþekktir höfundar margra bóka. Og þau eru nú mesta spútnikpar hinnar norrænu krimmakreðsu. Dávaldurinn er saga sem auðveldlega heldur vöku fyrir lesendum og hefur hún hlotið einróma lof gagnrýnenda víða um heim.




● Rithöfundurinn Mario Reading er einn helsti sérfræðingur heims í spádómum Nostradamusar. Í bókum sínum hefur hann sett fram nýja túlkun á spádómunum sem sýnir þá í algjörlega nýju ljósi. Hann er meðal annars höfundur spennusögunnar Spádómar Nostradamusar sem kveikja ætti áhuga lesenda sem hrifnir eru af skrifum Dan Brown og Raymond Khoury. Kenning Readings er sú að Nostradamus hafi ekki aðeins verið að segja fyrir um framtíðina og örlög mannkyns, heldur hafi tilgangur hans verið að vara okkur við, spá heimsendi en benda einnig á leið til að breyta gangi sögunnar og afstýra ragnarökum. Bókin hefur verið þýdd á 35 tungumál og klifið metsölulista víða – í Þýskalandi seldust til dæmis 60.000 eintök strax í fyrstu viku.




● Árið 2005 sagði Andrea Busfield upp vinnunni sinni og yfirgaf heimili og fjölskyldu til að byrja nýtt líf í Afganistan. Það reyndist henni afar heilladrjúg ákvörðun því dirfska hennar borgaði sig. Útgáfuréttinn á fyrstu skáldsögu hennar, sem hún byggir á eigin reynslu af veru sinni í landinu, var seldur á himinháu verði og auk þess keypti BBC útvarpsréttinn. Útgefandi hennar vonar að saga hennar, Fæddur í dimmum skugga, verði jafnvinsæl og aðrar bækur frá þessum heimshluta, til dæmis Flugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini og Bóksalinn í Kabúl eftir Asne Seierstad. Í bókinni segir Busfield áhrifamikla sögu Fawads, ellefu ára drengs, sem á sinni stuttu ævi hefur kynnst miklum sorgum. En þrátt fyrir allt þetta heldur hann ávallt í lífsgleðina og sagan er í raun vitnisburður um sigur lífsviljans.






*Lofuð* eftir metsöluhöfundinn Elizabeth Gilbert kemur í framhaldi af bókinni sívinsælu *Borða, biðja, elska.* Hér fjallar Elizabeth um samband hennar og ástmanns síns: Eldheit og vel skrifuð ástarsaga um fólk sem vill ekki giftast … en þó vera saman til eilífðar.




Ofurspennandi og vel skrifuð sakamálasaga eftir Anne Holt sem hefur fengið geysigóðar viðtökur um allan heim. Þessa er einfaldlega ekki hægt að leggja frá sér …



Metsölubókin eftir Mariu Ernestam er loksins komin út á íslensku. Á fullorðinsárum neyðist Eva til að líta til baka, til bernskunnar hjá sjálfhverfri móður sem gerði líf hennar að helvíti.

„ … dásamleg eins og dökkt súkkulaði.“
*Nerikes Allehanda*






Salka
Forlag með sál

# Stefnir á skuttogara

**Bókaforlagið Salka er tíu ára um þessar mundir. Hildur Hermóðsdóttir, stofnandi Sölku, lítur yfir ferilinn.**



„Fyrsta ár Sölku vorum við tvær og gáfum út tíu bækur. Nú erum við átta starfsmenn og gefum út rúmlega 40 titla í ár,“ segir Hildur Hermóðsdóttir, stofnandi Sölku, stolt á tíu ára afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Datt þér í hug fyrir tíu árum að Salka hefði þá stöðu sem hún hefur á íslenskum bókamarkaði í dag tíu árum síðar?*

„Jú, veistu, ég hugsaði alltaf hátt. Ég hafði lengi unnið við bókaútgáfu og taldi mig kunna til verka. Svo er ég þannig gerð að það þarf mikið til að ég gefist upp. Þó að stundum hafi gefið á bátinn hjá Sölku hefur alltaf tekist að ná landi og smátt og smátt höfum við stækkað kænuna. Með mínu góða fólki stefni ég á skuttogara. Fyrsta ár Sölku vorum við tvær og gáfum út tíu bækur. Nú erum við átta starfsmenn og gefum út rúmlega 40 titla í ár.“

*Þið hafið lagt áherslu á bækur um og eftir konur. Hvernig hefur það mælst fyrir?*

„Það hefur mælst mjög vel fyrir, kvennabækurnar okkar eru mjög vinsælar, þar verð ég sérstaklega að nefna dagatalsbókina Konur eiga orðið, sem á breiða skírskotun til kvenna á öllum aldri. Í ár erum við með fjórar þýddar bækur eftir konur sem náð hafa gríðarlegum vinsældum, hér sem erlendis, Lofuð eftir Elizabeth Gilbert er nýkomin út og fylgir eftir bókinni hennar sívinsælu, Borða, biðja, elska. Þetta eru bækur sem allar konur hreinlega verða að lesa. Sama má segja um bók sem kom út í gær og heitir Eyru Busters eftir sænska metsöluhöfundinn Maríu Ernestam. Það sem mér ber, eftir norska sakamálahöfundinn Anne Holt, var lengi í fyrsta sæti metsölulista í sumar og framhald af henni kemur út eftir áramót. Ekki megum við gleyma íslensku spennusögunni Hlustaranum eftir Ingibjörgu Hjartardóttur sem nú er verið að endurprenta en nýlega seldum við útgáfuréttinn á henni til Þýskalands.“

*Hefur Salka komið með einhverjar nýjungar inn á íslenskan bókamarkað?*

„Ég tel að Salka hafi komið með ferskan andblæ inn á karlmiðaðan bókamarkað og aðra nálgun. En auðvitað haldast slíkar breytingar í hendur við tíðarandann. Meðal fyrstu stórvirkja sem Salka gaf út var bókin Já, ég þori, get og vil eftir Hildi Hákonardóttur, hana gáfum við út til að minnast þess að þrjátíu ár voru liðin frá kvennafrídeginum mikla. Við höfum gefið út fjölmargar sjálfsræktarbækur sem ekki voru margar á árum áður en eru nú gríðarlega vinsælar og við höfum oft á tíðum haldið námskeið tengd bókunum okkar. Þannig náum við persónulegum tengslum við markhópinn okkar og fáum beint í æð hvað hann vill. Við höfum líka verið duglegar að gefa út íslenskar handbækur til að mæta þörfum minnihlutahópa, þar má nefna bækur um einelti, átröskun, ættleiðingar og nú erum við að undirbúa bók um ófrjósemi.“

*Hvað ber hæst í útgáfunni á afmælisárinu?*

„Flaggskipið okkar í ár er tvímælalaust Foreldrahandbókin eftir Þóru Sigurðardóttur, fróðleiksbrunnur og reynslusögur fyrir alla foreldra og ætti í rauninni að fylgja hverju barni. En ég verð líka að nefna stórvirkið Andlit – íslenskir listamenn, ljósmyndabók eftir Jónatan Grétarsson sem er væntanleg í lok mánaðarins. Meðal mikilvægra tíðinda á afmælisárinu er líka árangurinn sem við höfum náð með bók Auðar Övu Ólafsdóttur, Afleggjaranum, en okkur hefur tekist að selja hana til fimm landa og fjögur lönd í viðbót bíða eftir svari. Það er ótalmargt fleira spennandi sem við höfum gefið út í ár og á teikniborðinu er fjölmargt, bæði bækur og útgáfa erlendis, enda er eitt af kjörorðum okkar „hið hugsanlega er mögulegt“.

# Ferskt, framandi og ógleymanlegt

Hrefna Rósa Sætran var ung að árum þegar hún var komin í landslið Íslands í matreiðslu og orðinn eigandi að einum vinsælasta veitingastað Reykjavíkur, Fiskmarkaðnum. Nýverið kom út samnefnd bók eftir hana hjá Sölku þar sem hún deilir með okkur leyndarmálum sínum og einfaldar uppáhaldsuppskriftirnar fyrir sælkerana sem vilja kalla fram hið ferska, framandi og ógleymanlega bragð sem réttir Hrefnu eru þekktir fyrir.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í eldhúsinu?*

„Mér finnst að sjálfsögðu gaman að matreiða alls kyns mat; en ég er sérstaklega hrifin af sushi. Þar er unnið með fáar bragðtegundir og allt þarf að vera fullkomið til að útkoman verði góð.“

*Hvernig valdirðu réttina í bókina þína?*

„Réttirnir þar endurspegla úrvalið á sjálfum veitingastaðnum en þeir eru aðgengilegri, bæði hvað varðar hráefni og tækjakost. Fyrst af öllu ákvað ég að setja mér það markmið að hafa matinn sem allra ferskastan. Ég var mikið búin að fást við fusion-matargerð þar sem allt er leyfilegt og ýmsum fæðutegundum og kryddum blandað saman. Ég reyni alltaf að ná fram því besta í hráefninu. Auk ferskleikans vildi ég líka leggja áherslu á að blanda íslensku og asísku hráefni saman og elda það á minn hátt.“

*Er önnur bók á leiðinni?*

„Já, já, ég er að bralla ýmislegt með Sölku. Fljótlega eftir áramót kemur Fiskmarkaðurinn út á ensku og svo er margt skemmtilegt í farveginum sem enn er leyndarmál …“




**Í bókinni Fiskmarkaðnum deilir Hrefna Sætran leyndarmálum sínum úr eldhúsi Fiskmarkaðarins með lesendum.**

**B&L og Ingvar Helgason** bjóða nú viðskiptavinum sínum upp á að koma með bíla í svokallaða léttskoðun, þar sem fagmaður framkvæmir endurgjaldslausa öryggis- og ástandsskoðun á bifreiðunum. Hægt er að panta tíma í léttskoðun á vefslóðinni www.lettskodun.is.





Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags- og þróunarsviðs Strætó bs, segir fyrirtækið ekki geta brugðist við auknum fjölda notenda vegna sparnaðaraðgerða sveitarfélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fleiri ferðast með strætó

**Farþegatalning Strætó sem fram fór nú í október sýnir að fjöldi þeirra sem kjósa að nota almenningssamgöngur hefur vaxið talsvert milli ára. Nokkrir samverkandi þættir liggi þar að baki.**

Farþegum í strætó á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 7,19 prósent frá því í fyrra eða úr 775.331 í 831.090 farþega. Þetta sýndu niðurstöður farþegatalningar sem fram fór nú í október síðastliðinn.

Talið var í og úr hverjum vagni fyrir allar brottfarir og fyrir hverja biðstöð í leiðakerfinu en þetta er í fjórða sinn sem slík talning er framkvæmd. Fjögur atriði eru talin liggja að baki auknum fjölda notenda: Kaupmáttur launa, þjóðfélagsumræðan, útlit og gæði vagna og nýr hópur notenda.

„Þó ekki liggi fyrir vísindaleg könnun að baki þá teljum við kaupmátt launa vera farinn að hafa áhrif,“ útskýrir Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags- og þróunarsviðs hjá Strætó bs. „Hér hefur allt hækkað ískyggilega síðustu þrjú ár. Þegar sverfur að í svo langan tíma losar fólk sig við heimilisbílinn og notar almenningssamgöngur. Umræðan um strætó er einnig orðin jákvæðari og fólk vill í dag bættar almenningssamgöngur en ekki bættar stofnæðar eins og var.“

Einar segir einnig að ekki megi vanmeta útlit og gæði vagnanna sjálfra. Viðbrögð farþega við breytingum sem gerðar voru í ágúst síðastliðinn á strætisvögnum að innan og utan hafi til að mynda verið mjög góð. Að lokum komi til nýir notendur strætó.

„Við töpuðum gríðarlega þegar erlendu farandverkamennirnir fóru úr landi, en í fyrstu ferðinni milli klukkan 6 og 7 á morgnana höfum við tapað 67 prósentum af notendum vagnanna. Það eru því annars vegar gamlir notendur sem nota strætó meira og hins vegar nýir notendur komnir inn sem hafa þá tekið ákvörðun að leggja bílnum. Nemendur eru ekki eins sterkur hópur inni í okkar farþegatölum eins og áður, en sá hópur sem notar nemendakortin var hátt í 40 prósent notenda en er nú rúm 20 prósent.“

Aukinn fjöldi farþega kallar á breytingar. Einstaka akstursleiðir anna ekki fjöldanum en þrátt fyrir það sér Einar ekki fram á að fyrirtækið geti brugðist við. „Við getum því miður ekki brugðist við á þann hátt sem við vildum. Við erum háð fjárframlögum frá okkar eigendum sem eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Sautján prósent af okkar rekstarkostnaði koma úr fargjaldasölu, hin 83 prósentin eru greidd úr sveitarfélagssjóðum. Við höfum komið á framfæri óskum um úrbætur við fulltrúa sveitarfélaga í stjórninni, en við vitum öll hvernig staðan er í þjóðfélaginu í dag.“

*heida@frettabladid.is*



Friðrik með brimbrettið í flæðarmálinu á Havaí.

Framhald af forsíðu

að ráða mig á staðnum. Ég byrjaði sem aðstoðarmaður hans, en fór svo að sjá um grunnkennslu á landi og seinna fór ég svo að fara út í með honum og nemendum.“

Friðrik var á Havaí í þrjá mánuði og segir þetta hafa verið ótrúlega skemmtilega upplifun. „Það fannst öllum mjög fyndið að ég væri Íslendingur. Kennarinn sem ég vann með gat ekki borið fram nafnið mitt, svo hann kallaði mig alltaf The Viking. Sumir kölluðu mig reyndar Fred en aðallega var ég bara The Viking.“

Friðrik keypti sér vespu og ferðaðist um eyjuna og kynntist mörgu nýju fólki sem hann heldur enn sambandi við. „Já, ég kynntist alveg hellingi af fólki og við eyddum oft kvöldunum við varðeld á ströndinni og grilluðum fisk sem strákarnir veiddu með spjótum. Þetta var algjör paradís,“ segir hann.

Spurður hvort hann hafi aldrei lent í vandræðum í kennslunni harðneitar Friðrik því. „Nei, en einu sinni kom flóðbylgjuviðvörun og maður varð hálf taugastrekktur að vera úti í sjó með fullt af nemendum, en svo var þetta blásið af, og við sluppum með skrekkinn. En annars gekk þetta allt ótrúlega vel. Auðvitað var maður oft að höggva gat á hnén á sér á rifjum og svona, þetta var stundum blóð, sviti og tár en ekkert alvarlegt.“

Friðrik dvaldi á Maui, næststærstu eynni á Havaí, í þrjá mánuði. En hví datt honum í hug að koma heim aftur? „Maður fær bara þriggja mánaða landvistarleyfi. En það er alltaf á dagskránni að fara aftur. Ég er bara í öðrum verkefnum akkúrat núna, en um leið og ég get fer ég aftur til Maui,“ segir Friðrik ákveðinn.

*fridrikab@frettabladid.is*

## Sportage valinn besti bíllinn

NÝR KIA SPORTAGE HEFUR VERIÐ KJÖRINN BÍLL ÁRSINS Í SKOTLANDI.

Kia Sportage varð nýverið hlutskarpastur í vali á bíl ársins í Skotlandi, þar sem samtök blaðamanna stóðu fyrir valinu.

Útlit bílsins, framleiðslugæði, mikill staðalbúnaður, hagstætt verð og síðast en ekki síst sjö ára ábyrgð réði því að Sportage lenti efstur á lista. Sportage kom fyrst á markað í ágúst með aldrifi og tveggja lítra bensín- og dísilvélum. Nú fæst hann líka með framhjóladrifi, 1,6 lítra bensínvél og 1,7 lítra dísilvél með forþjöppu. Bíll ársins er fyrsti titillinn sem Sportage hampar frá því að hann varð fáanlegur í öllum búnaðarútfærslum.



Kia Sportage var nýverið valinn bíll ársins af samtökum blaðamanna í Skotlandi.










## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilahollin.is



Honda CR-V 2.0 4WD Elegance, 10/2007 Ekinn 47þús. Ssk, Dráttarkrókur ofl. Ásett Verð 3.590.000.-



Suzuki Swift GL, 05/2007 Ekinn 57þús. Bsk 5gíra, Ásett Verð 1.490.000.-



Toyota RAV4 2WD 1.8 VVTi, 07/2003 Ekinn 85þús. Bsk. 5gíra, Ásett Verð 1.450.000.-



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilahollin.is

**Erum með mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

100bílar.is bílasala



Toyota Land cruiser 120 LX 35", árg. 5/2007, ek. 51þús.km, sjálfsk, 35" breyttur, rafmagn, dráttarbeisli, CD, omfl, Topp eintak og lítur út sem nýr!, Ásett verð 6990þús.kr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



### Honda Civic 1.8i

Árgerð ,04/2006, ekinn 56þ.km, sjálfskiptur, lítið ekið og fallegt eintak! Ástandsskoðun til. Verð 1.990.000kr. Raðnúmer 151188. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR



### KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bifreiðasalan



### SÖLULAUN AÐEINS 17.500KR

VILTU SELJA BÍLINN ÞINN EÐA EITHVAÐ ANNAÐ FYRIR LÍTIL SÖLULAUN FYRIR AÐEINS 17500KR EF BÍLLINN KOSTAR UNDIR 1MILLJÓN ÞÚ ÞARFT AÐEINS AÐ SKRÁ BÍLINN Á BIFREIDASALAN. IS OG SENDA MYNDIR AF BÍLNUM Á BIFREDASALAN@BIFREIDASALAN.IS MIKIL EFTIRSPURN AF BÍLUM UNDIR MILLJÓN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Chrysler Town and Country árg.2000 V6 3,8 , 7 manna, kapteinstólar, leðursæti, ekinn 98 þús.m., lítur mjög vel út, sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.280.000,- 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



### Ódýr

MMC Pajero sport 3,0 4x4 11/2000. Ek.158þkm, sjálfskiptur,dráttarkúla,nýskoðaður. Verð 750þús. S. 857 2696.



### Tilboð á stationbíl

Mitsubishi Galant ,99. Nýskr. 10.99 Ek. 138 þ. ssk. Góður og fallegur bíll. Verð. 490þ. Uppl. í síma 650 7066/898 8835.

## 0-250 þús.



### TILBOÐ 265 ÞÚS !!!

Skoda felicia 1.3 2000 ekinn 117þ. skoðaður sept. 2011 bsk, dráttarbeysli , cd m/mp3 tengi vetrardekk, uppl. s. 650-3646.

## 250-499 þús.



### Tilboð 450þús

Lancer árg. „99 4X4 nýsk. 2011 ek. 173þús. 5 gíra beinsk. Góð heilsársdekk, nýleg tímareim. Verð 450þús. Uppl. s. 659 3459.



Til sölu citroen Berlingo árg 2003 keyrður 98000 km. Vel með farinn bíll fæst á 495.000+VSK Uppl.í s: 862 0644.



### 100% LÁN !!!!!! RENALT KANGOO 379. stgr!

Til sölu Renalt Kangoo nýskráður 28.08.2001 ek. 155 þús. km sk. 2011. (Ath var notadur i blomaflutning!!) Verd 470.000kr eða 379.000 stgr. ath skipti. upplýsingar í síma 693-5053. ATH MÖGULEIKI Á 100% VÍSA EÐA EURO LÁNI Í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI.

Til sölu Mitsubishi Pajero Turbo diesel.ár 1999.ek180þ,km.Er á 32"góðum dekkum.Glæsilegt eintak.uppl í síma 8681825

## 500-999 þús.

M.Lancer. Árg 01. ssk. Ek 68000. Bíll í toppstandi. Verð 550000 S.6978885

## Bílar óskast

Mig vantar diesel bíl bara Japanska eða þýska. Ekki jeppa. Verð allt að 1m. Uppl : 842 6522.

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### !!! VANTAR BÍL STRAX !!!

Á allt að 250þús. má þurfa að laga eða vera óskoðaður en ekki eldri en 1998. uppl. s. 777-3077.

### Corolla, Yaris eða Avensis óskast

Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

### ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!

Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374

## Jeppar

Til sölu Land Cruiser 150 árg. 2010 ath. skipti á ódýrari sími 692 9422.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Kerrur



Til sölu Westfalia kerra á tveimur öxlum. Breidd 1.50*3m. Sterk yfirbygging. Hæð frá gólfi í topp 1.6m. Auðveld að breyta í hestakerru. Verð:490.000+VSK. Uppl. í s: 862 0644.



Hestakerra til sölu. Rúmar tvo hesta. Upplýsingar í síma 616-1170 & 698-1710




Vinnsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði stutt kr 179,999 löng kr 229,999 Hagkaup, sími 563-5000.

## Mótorhjól

MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. 561-8373 www.dslausnir.is




## Hjólbarðar

4.stk 185/70 14" á primeru felgum á 20þ 4.stk 175/70 13" á álf. á 20þ. 4.stk 185/65 14" á 5gata álfelgum á 20þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 20þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.2.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 10þ.Eitt stk. 255/55 18" á 5 þ. 4stk 175/70 13" á Sunny felgum á 10þ. 4 stk. 185/60 14" á álf á 30þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

### www.partaland.is

Notaðir varahlutir í Mitsubishi bíla, PARTALAND, Stórhöfða 18, Rvk

### partabílar.is 770-6400

Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, peugot 206 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

### VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

### Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

## ÞJÓNUSTA

## Sendibílaþjónusta

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pípulagnir

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Jólaskemmtanir

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms

Erum byrjaðir að taka niður pantanir 13. árið í röð. skygamur@skygamur.is

## Hreingerningar

GLERSÝN sf. gluggahreinsun Ingvars Berndsen

Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

### TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

### Trjáklippingar

Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðyrkjuvinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.







## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com







ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.






Gegnheil eik. 10mm stafirnir okkar loksins komnir aftur. verð aðeins 3.400 kr .vsk Parketlagnir og parketslípun frá 2.000 kr fm. Allir þröskuldar teknir frítt með.Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Visa Euro raðgreiðslur. simi 7728100




**Handriðaplast**
Efni og ásetning. 27 ára góð reynsla. Uppl. í síma 8408282 , www.pyrite.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

## Stífluþjónusta




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**Líkamsnudd !**
Frábær þjónusta. S. 693 0348 eða 6618272

NEW NEW NEW!!!LUXURY MASSAGE. IN DOWN TOWN ANYTIME!! S. 8924018 ALISIA

THE BEST!!! TANTRIC MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!8698602

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar




**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**LOFTNET**
**Ljósleiðari**
**Dyrasímar**
**Brunakerfi**
**Rafeindameistarinn ehf**
**898 4484**

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Gítarinn ehf ,Stórhöfða 27 Sími:552 2125 Vefsíða:www.gitarinn.is Netfang: gitarinn@gitarinn.is Gítarar í miklu úrvali, alltaf góð verð opið:mánudaga-föstudaga 10-18 laugardaga 11-16 Gítarinn.Stórhöfða 27.S:552-2125 www.gitarinn.is,netfang:gitarinn@gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18.



Glæsilegt Bohemia kristall ljósakrónur,vegljós til sölu. Bohemia Kristall, Glæsibær, S:571 2300




Til sölu 8 tommu Lx90 cassegrein telescope með autostar controler. Uppl. í s: 856-9646.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

## Bækur

Í tilefni 1 árs afmælis fornbókaverslunar Gvendar dúllara á vefnum bjóðum við 20% afslátt af öllum bókum 8.-19. nóv. Nýtt daglega

## Skotvopn

Óska eftir að kaupa góða haglabyssu einnig góðan skjávarpa. Uppl. í síma 892 2221.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Whole bode massage 841 8529.




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið




## Þjónusta



**Reykstopp með árangri**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Til sölu

**Saltker og saltdreifarar**



**Sýnum aðgát í hálkunni!**

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

## Atvinna

# Þjónustustjóri - UT

Fyrirtæki í upplýsingatækni leitar að starfsmanni í 100% starf þjónustustjóra.

Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á upplýsingatækni, s.s netkerfum, nauðsynleg.

Metnaður til að gera vel í starfi og hæfileiki til að stjórna og vinna með viðskiptavinum er lykilatriði.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og starfsferilskrá (CV) á netfangið: thjonustustjori@gmail.com

## Fundir / Mannfagnaður

BIFRÖST Hollvinasamtök

**Aðalfundur Hollvinasamtaka Háskólans á Bifröst verður haldinn á Grand Hótel miðvikudaginn 17. nóvember 2010.**

**Dagskrá:**

1. Fundarsetning og skipan fundarstjóra og ritara
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar Hollvinasamtaka Bifrastar
4. Skýrsla fulltrúa Hollvinasamtaka Bifrastar í stjórn Háskólans á Bifröst
5. Reikningar samtakanna
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar og endurskoðenda
8. Kosning fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst
9. Kynning á stöðu Háskólans á Bifröst
10. Önnur mál

Fyrir fundinum liggur tillaga að lagabreytingum sem finna má á vef Hollvinasamtakanna www.hollvinir.bifrost.is.

## Nám

# Nám í Danmörku

## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann **miðvikudaginn 10. nóvember 2010 kl. 20.00** í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Margmiðlunarhönnun
- Útflutningstæknifræði
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

**www.leiguherbergi.is**
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi til leigu í Álftamýri. Uppl. í s. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúð í hlíðunum**
3 herb. íbúð til leigu ca. 70 fm. 125 þús. á mánuði. Uppl. í síma 699 2816.

Til leigu stúdíóíbúð í 111. Uppl. í s. 557 8695 e. kl. 17:00.

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Til leigu 5 herb. 104fm íb. í breiðholti ásamt geymslu og bílsk. samtals 133 fm íb. er laus frá 1.12.10 íb. mikið endurnýjuð uppl: 895 0616 Bjarki.

## Húsnæði óskast

Ung kona með 3 lítil börn, óskar eftir íbúð, helst í lindahverfi í kópavogi sem fyrst. S. 898 9707.

**3.herb íbúð óskast**
Ung reglusöm móðir óskar eftir 3. herb íbúð helst í Breiðholti, Árbæ eða Grafarvogi. S. 849 8589 , elleni@visir.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 30fm iðnaðarrými á „Höfðanum". Uppl. 864 7292.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.
Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.
Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

## Fasteignir

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Þinghólsbraut 23- Kópavogi. Efri sérhæð ásamt bílskúr**

**Opið hús í dag**




Vel skipulögð 128,0 fm efri sérhæð auk 26,0 fm bílskúrs með tvennum svölum til suðurs. Hæðin skiptist í hol, samliggjandi stórar stofur, rúmgott eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Svalir er út af stofum og hjónaherbergi. Fallegt útsýni til sjávar, að Reykjanesi og víðar. Sér geymsla í kjallara. Hús að utan nýlega viðgert og málað. **Verð 29,9 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17-18. Verið velkomin.**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og einnig vönu fólki á bar og veitingastað Keiluhallarinnar.
Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni í dag milli kl. 17-20.

Harðduglegan einstakling vantar í sandblástur og fleira tilfallandi. Uppl. í síma 770 4477.

LR óskar eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Miklir tekjumöguleikar. Uppl: 773 6099

**Smiðir óskast!**
Vantar vana smiði á launaskrá. Ýmis verkefni í Reykjavík. Uppl. í s. 894 0048

Er að leita að sölufólki á frábærum þýskum vörum. Góð laun. Upplýsingar í síma 867 0677.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Skagfirðingafélagið í Reykjavík. Framhald af aðalfundi sem haldinn var 19. apríl sl. verður haldinn í Húnabúð skeifunni 11, 22. nóv nk. kl 20. Stjórnin.

## Tilkynningar

Ráðskona óskast. S. 822 8236.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Hæ strákar hringið í okkur.
Opið þegar ykkur langar.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



499
KERTI - 10 Í PK
499
SPRITTKERTI - 100 Í PK
299
JÓLASERVÍETTUR
2ja laga
33x33 cm
25 í pk
899
JÓLASERVÍETTUR
3ja laga
33x33 cm
50 í pk
599
SPRITTKERTI
18 í pk
599
JÓLASERVÍETTUR
2ja laga
75 stk
Rauðar og hvítar
frá 849
KÖKUBOX
Kökubox, hæð: 19 cm, kr 849
Kökubox, hæð: 20 cm, kr 990
1490
KÚSTUR
100 cm
1590
JÓLATRÉ
60 cm
Með 10 ljósum
pr. pk
2990
LUKTIR - 3 SAMAN
Úr málmi
1299
BÖKUNARSETT - BARNA
Föndurvörur
á lægra verði
pr. pk
599
JÓLASVEINN
Gerðu það sjálf(ur)
Jólastrákur/jólastelpa
599
SKAPALÓN
Tvö í pk
599
STJÖRNUR
Gerðu það sjálf(ur)
599
GJAFAÖSKJUR
6 stk
599
HUGMYNDABÓK
Tillögur og góðar
hugmyndir
599
PAPPÍR
A4
12 arkir
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!




**699** SÓLBLÓMAFRÆ - 2,5 KG

**199** HNETUR 250 gr

**990** MAÍSBOLLUR - 25 Í PK 25 x 90 gr

**659** SMÁFUGLAFÓÐUR 2,25 kg

**249** MAÍSBOLLUR 500 gr

**359** MAÍSBOLLUR 359 gr

frá **899** FUGLAFÓÐUR Í ÚRVALI



frá **7990** KULDAGALLAR
Bláir / rauðir
St M-XXL



pr. stk/par **599** HÚFA / VETTLINGAR
Thinsulate
Barna, dömu og herra



10 pör

**1590** SOKKAR
10 pör saman
St 36-46
Dömu og herra



2 pör saman

**990** ULLARSOKKAR, 2 PÖR
St 36/40, 41/45

## SENDUM UM ALLT LAND!

Pöntunarsímí í Reykjavík **511 3322**
Pöntunarsímí á Akureyri **466 2533**
Visa / MasterCard



pr. par **2490** AFASKÓR
St 40-46
Opnir



pr. par **1990** ÖMMUSKÓR
St 36-41
Lokaðir

## Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Glerártorgi, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366



2 saman

**199** ÚTIKERTI - 2 Í PK

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

Europris ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

Heilbrigðismál

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga



Ágæti ráðherra. Fyrirhugaður niðurskurður á grunnþjónustu á sjúkrahúsum á landsbyggðinni vekur upp áleitnar spurningar. Ljóst er að tillögurnar fela í sér kerfisbreytingu þar sem þungi niðurskurðarins lendir á stofnunum sem nú standa fyrir u.þ.b. 10% af útgjöldum til heilbrigðismála. Heildarniðurskurðurinn í heilbrigðiskerfinu nemur um 4,7 milljörðum króna, þar af 3 milljörðum á héraðssjúkrahúsunum. Af þessu leiðir að verkefni verða færð frá héraðssjúkrahúsunum til Landspítala - Háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og reyndar að öllum líkindum til einkalæknastofa í Reykjavík. Með þessum niðurskurði er því verið að ráðast í stórfellda kerfisbreytingu á fyrirkomulagi heilbrigðisþjónustunnar í landinu sem ekki hefur farið nein skipulögð umræða um.

Hvers vegna ráðfærðu starfsmenn ráðuneytisins sig ekki við forsvarsmenn héraðssjúkrahúsanna áður en tillögurnar komu fram. Þeir fengu fyrst að heyra af þeim degi áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram? Telur ráðherrann þetta skynsamleg vinnubrögð?

Hefur verið reiknað út hvaða kostnaðaraukning verður á LSH og FSA bæði hvað varðar rekstur og stofnkostnað sem leggja verður út í til að geta tekið við auknum verkefnum?

Hefur verið reiknaður út kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna flutnings sjúklinga frá dreifðari byggðum til Reykjavíkur og Akureyrar? Hefur kostnaður sem leggst á sjúklinga og aðstandendur þeirra vegna vinnutaps, ferða og dvalar í Reykjavík og á Akureyri verið metinn?

Látið hefur verið í veðri vaka, bæði af læknum á Landspítalanum og stjórnmálamönnum sem tekið hafa undir með þeim, að ástæðulaust sé að reka litla landspítala úti um allt land þar sem héraðssjúkrahúsin hafi ekki yfir nægilegri fagþekkingu að ráða og öryggi sjúklinga þeirra þar með ógnað. Er ráðherrann sammála þessum sjónarmiðum og að þess vegna sé rétt að færa verkefni frá héraðssjúkrahúsunum á Suðurlandi til Landspítalans? Er ekki ábyrgðarhluti að grafa undan trausti á héraðssjúkrahúsunum með þessum hætti og vekja upp tortryggni gagnvart þjónustunni sem þau veita?

Með tillögunum mun Landspítalinn verða umdæmissjúkrahús Sunnlendinga og taka við og sinna:

Öllum sjúklingum sem liggja banaleguna; krabbameinssjúklingum; öllum almennum lyflæknissjúklingum; aðgerðarsjúklingum frá LSH sem verða alla leguna á LSH í stað þess að liggja eftir aðgerð í heimabyggð; öllum sjúklingum með sýkingar sem þurfa innlögn; öllum fæðingum; öllum heimsóknum mæðra í aðdraganda fæðingar; sængurlegu mæðra sem geta ekki nýtt sér heimaþjónustu ljósmæðra.

Er ofantalin þjónusta byggð á tækni og fagþekkingu sem héraðssjúkrahúsin á Selfossi, Vestmannaeyjum og Hornafirði hafa ekki yfir að ráða? Er líklegt að þessi þjónusta verði ódýrari á Landspítalanum en á héraðssjúkrahúsunum á Suðurlandi? Í sumar sem leið fengu landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttur verkfræðing til að gera úttekt á skýrslu um endurskipulagningu sjúkrahúsþjónustu á suðvesturhorninu sem unnin var að tilhlutan heilbrigðisráðuneytisins sl. vetur. Samkvæmt úttekt Guðrúnar Bryndísar kom m.a. í ljós að sambærileg þjónusta var allt að tíu sinnum dýrari á Landspítalanum en á smærri sjúkrahúsunum. Ráðuneytinu var send úttektarskýrslan og jafnframt lýst yfir vilja til að ræða efni hennar við sérfræðinga ráðuneytisins. Engin svör bárust frá ráðuneytinu. Kann ráðherrann einhverjar skýringar á því?

Hver er skýring ráðherrans á því að framlög til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands lækka um 3% á sama tíma og þau lækka um 16-25% til heilbrigðisstofnana í Suðurkjördæmi? Bent skal á í þessu sambandi að framlög til HVE, skv. fjárlagatillögum, nema um 2.700 milljónum króna en til HSU um 1.700 milljónum þrátt fyrir að íbúar á svæði HVE séu um fjórðungi færri en á starfssvæði HSU. Einnig að tölvert styttra er til Reykjavíkur frá Akranesi en frá Selfossi og ekki um fjallveg að fara.

Hefur verið reiknað út hvað aukið álag hjá einkastofum í Reykjavík, sem leiðir af þessum breytingum, kostar heilbrigðiskerfið? Nú eru horfur á að Sjúkratryggingar Íslands sem fjármagna starfsemi einkastofanna muni fara um 1500 milljónir fram úr heimildum fjárlaga á þessu ári og fyrrverandi heilbrigðisráðherra Álfheiður Ingadóttir svaraði því aðspurð að ekki hefði tekist að fá lækna til að fara að fyrirmælum fjárlaga vegna samninga sem þeir hafa við Sjúkratryggingar. Telur heilbrigðisráðherrann líklegt að árangur við sparnað í rekstri heilbrigðiskerfisins náist með því að auka viðskipti ríkisins við einkastofur lækna?

> Er ekki ábyrgðarhluti að grafa undan trausti á héraðssjúkrahúsunum?

Að lokum. Er hugsanlegt að þessar breytingar séu fyrirhugðar til að réttlæta byggingu hátæknisjúkrahúss í Vatnsmýrinni? Væri ekki rétt áður en lengra er haldið að kanna rækilega hvort þau áform eru skynsamleg og réttlætanleg nú þegar ríkissjóður glímir við mikinn hallarekstur. Væri ekki nær að nýta þá fjárfestingu betur sem til staðar er á héraðssjúkrahúsunum áður en lagt er út í rándýrar framkvæmdir?

Með von um greinargóð svör.




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir.is

Málefni aldraðra frá ríki til sveitarfélaga 2012

- Er skynsamlegt að flytja málefni aldraðra til sveitarfélaganna?
- Hvernig miðar undirbúningi á þessu veigamikla máli aðeins einu ári fyrir flutning?
- Er líklegt að aldraðir njóti góðs af þessum flutningi?



Frummælendur:
**Guðbjartur Hannesson**, *félags-, tryggingamála- og heilbrigðisráðherra*
**Berglind Magnúsdóttir,** *forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur*
**Halldór Halldórsson**, *formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga*
**Gísli Páll Pálsson**, *forstjóri Mörk, hjúkrunarheimili*
**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**, *alþingiskona*

**Fundarstjóri:** *Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona*
**Setning:** Pétur Magnússon, *varaformaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu*
*Að lokinni framsögu verða pallborðsumræður*

AÐGANGUR ÓKEYPIS

**Ráðstefna á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á Grand hótel fimmtudaginn 11. nóvember kl. 13:30**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Gunnlaugsson**
Ölveri 41, Akranesi,

varð bráðkvaddur að heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 5. nóvember. Útför hans fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Jónína Björg Hilmarsdóttir**
**Hilmar Þór Harðarson** — **Hulda Heiðrún Óladóttir**
**Brynhildur Ásta Harðardóttir** — **Ólafur Brjánn Ketilsson**
**Elín Rut Harðardóttir**
**Katla Mist og Ottó Loki**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Borghildur Jakobsdóttir**
frá Hömrum í Reykholtsdal,

síðar búsett í Asparfelli 10, Reykjavík, lést miðvikudaginn 3. nóvember á Landspítalanum í Reykjavík. Útför fer fram frá Reykholtskirkju í Borgarfirði föstudaginn 12. nóvember kl. 14.00.

**Róbert Hamar**
**Ólafur Svanur Ingimundarson** — **Emma Gísladóttir**
**Sunna Hólm Kristjánsdóttir** — **Brynjar Bjarkason**
**Magnús Jakobsson** — **Valgerður Sigurðardóttir**
**Guðrún Jakobsdóttir** — **Sigurður Hallgrímsson**
**Katrín Jakobsdóttir** — **Guðmundur F. Gunnlaugsson**
**Þorsteinn Pétursson** — **Ólafur Jónsson**
**Ólafur Tryggvason**
**og barnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Friðrik Guðjónsson**
Efstalandi 24,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 7. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 15. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Hlíðabæjar, dagþjálfun fyrir þá sem þjást af Alzheimersjúkdómnum. Minningarsjóður Hlíðabæjar – sími 5621722 Banki 0336-26-062151 – Kt. 510486-3829.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Halldór Gunnar Hilmarsson** — **Sigríður Finnbjörnsdóttir**
**Eysteinn Smári Hilmarsson** — **Irena Dzielak**
**Óskar Árni Hilmarsson** — **María Ragnarsdóttir**
**Emil Hilmarsson** — **Hafdís Svavarsdóttir**
**Björgvin Hilmarsson** — **Satu Rämö**
**Guðný Hilmarsdóttir** — **Jordi Pujola**
**Aldís Hilmarsdóttir** — **Arnar Már Elíasson**
**afabörn og langafabörn**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Sigurðardóttir**
Hvassaleiti 58, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grensáskirkju fimmtudaginn 11. nóvember næstkomandi kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Samband íslenskra Kristniboðsfélaga.

**Konráð Ó. Kristinsson**
**Sigurður Konráðsson** — **Kristín Jóhanna Harðardóttir**
**Halldór Konráðsson** — **Þóra Þórhallsdóttir**
**Konráð Konráðsson** — **Bryndís Hinriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Móðir mín,*

**Kristrún Bjarnadóttir**
Skúlagötu 20, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 4. nóvember. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Andrés Sigvaldason.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Feilans Marinóssonar**
fyrrverandi bryta,
Háaleitisbraut 44, Reykjavík.

**Annalísa Jansen**
**Anna Margrét Ólafsdóttir** — **Pétur Gunnarsson**
**Sigrún Erla Ólafsdóttir** — **Ágúst Birgisson**
**Guðrún Birna Ólafsdóttir** — **Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson**
**Brynjar Marinó Ólafsson** — **Þórný Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Stefánsson**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 7. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Ingibjörg Guðleifsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Sigurðssonar**
frá Hjarðarási, við Kópasker.

**Sigurður Árnason** — **Bryndís Alda Jónsdóttir**
**Ingunn Árnadóttir** — **Sighvatur Arnarsson**
**Helgi Árnason** — **Sigurlína Jóhannesdóttir**
**Daníel Árnason** — **Sigurhanna Sigfúsdóttir**
**Gylfi Árnason** — **Guðrún Vala Elísdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Okkar bestu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar eiginkonu, móður, ömmu og langömmu okkar,*

**Ingibjargar Tryggvadóttur**

sem jarðsungin var frá Akureyrarkirkju sl. föstudag 5. nóvember.

**Hartmann Eymundsson**
**Hannes Hartmannsson**
**Jóhanna Hartmannsdóttir**
**Dóra Hartmannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**





**SJÁLFSTÆÐUR ÁHÆTTUÞÁTTUR** Mígreni með áru er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma en er samt mun vægari en áhættuþættir eins og reykingar, sykursýki og háþrýstingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÁRUS GUÐMUNDSSON: VER DOKTORSVERKEFNI VIÐ LÆKNADEILD

## Mígreni tengt hjartasjúkdómum

Lyfja- og faraldsfræðingurinn Lárus Steinþór Guðmundsson ver doktorsritgerð sína „Tengsl mígrenis, blóðþrýstings og bólgusvars við dauða vegna hjarta- og æðasjúkdóma“ við Læknadeild Háskóla Íslands á föstudag. Helstu niðurstöður verkefnisins eru þær að fólk á miðjum aldri sem þjáist af mígreni höfuðverkjum ásamt áru deyr frekar vegna hjarta- og æðasjúkdóma en þeir sem ekki þjást af slíkum höfuðverk. Einstaklingar með mígreni án áru eru hins vegar ekki í aukinni hættu. Ára lýsir sér sem sjóntruflanir, svimi eða dofi fyrir mígrenikast.

Niðurstöðurnar byggja á gögnum úr hóprannsókn Hjartaverndar sem hófst árið 1967. Í henni var 18.725 þátttakendum af báðum kynjum fylgt eftir að meðaltali í 26 ár eftir að þeir höfðu svarað spurningum um ýmsa þætti tengda hjarta- og æðasjúkdómum. Í rannsókninni voru einnig gerðar ýmsar klínískar mælingar eins og blóðþrýstings- og blóðfitumælingar. Með úrvinnsluaðferðum í faraldsfræði var hægt að meta dánarlíkur tengdar mígreni með og án áru og leiðrétta jafnframt fyrir áhrifum annarra áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma. Við það kom í ljós að mígreni með áru er sjálfstæður áhættuþáttur. Hann er hins vegar mun vægari en þekktir áhættuþættir eins og reykingar, sykursýki og háþrýstingur. Ekki fannst samband milli mígrenis og háþrýstings og bólgusvar var ekki hærra meðal einstaklinga með mígreni samanborið við aðra.

En hver er skýringin á þessum tengslum mígrenis með áru við hjarta- og æðasjúkdóma? „Það eru ýmsar kenningar til og sumir hallast að því að skýringuna sé að finna í æðaveggjunum. Fyrri rannsóknir benda til þess að samband sé á milli mígrenis og heilablóðfalls en hingað til hefur það verið meira á reiki hvort það hafi áhrif á hjartað. Okkar niðurstöður benda til þess að það sé samband á milli mígrenis með áru og bæði heilablóðfalls og kransæðastíflu. Mígrenið virðist því ekki bara tengt við höfuðið heldur er allt æðakerfið undir,“ segir Lárus.

Hann segir hefðbundnum áhættuþáttum eins og reykingum, sykursýki og háþrýstingi hægt að stýra og að ýmislegt bendi til þess að það sama eigi við um mígreni. „Það þyrfti hins vegar að rannsaka það frekar hvort ákveðin íhlutun dragi úr líkum á því að fólk sem er með mígreni með áru deyi úr hjarta- og æðasjúkdómum. Það sem við þó vitum er að það er hægt að hafa áhrif á tíðni mígrenikasta með bæði lyfjagjöf og lifnaðarháttum.“

Doktorsvörn Lárusar fer fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands í Aðalbyggingu. Hún er öllum opin og hefst klukkan 10.

vera@frettabladid.is



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Edda Snorradóttir**
frá Þórshöfn, Núpalind 4, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 28. október, verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Þorkell Guðfinnsson**
**Snorri Hafsteinn Þorkelsson** — **Björg Skúladóttir**
**Guðfinnur Helgi Þorkelsson** — **Jóhanna Þorkelsdóttir**
**Edda Björg Snorradóttir**
**Elín Salka Snorradóttir**
**Guðrún Helga Guðfinnsdóttir**
**Þorkell Máni Guðfinnsson**

CANDY

HOOVER

# CANDY heimilistækin og HOOVER ryksugurnar fást nú hjá Einari Farestveit



**Í tilefni af fyrstu sendingunni bjóðum við öll CANDY heimilistæki og allar HOOVER ryksugur með 25% afslætti í nóvember.**





**Þvottavélar**
**Þurrkarar**
**Sambyggðar þvottavélar og þurrkarar**

**Uppþvottavélar**
**Kæliskápar**
**Ofnar**
**Helluborð**
**Ryksugur**



*Lítið við og skoðið úrvalið*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. plat, 6. í röð, 8. fjór, 9. stansa, 11. á fæti, 12. vegahótel, 14. gerir við, 16. tveir eins, 17. æxlunarkorn, 18. drulla, 20. 49, 21. íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
1. torveld, 3. frá, 4. beiningamaður, 5. yfirbragð, 7. drykkjar, 10. óhreinka, 13. skörp brún, 15. leiktæki, 16. kóf, 19. guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gabb, 6. lm, 8. fer, 9. æja, 11. tá, 12. mótel, 14. lagar, 16. kk, 17. gró, 18. aur, 20. il, 21. fram.

**LÓÐRÉTT:** 1. slæm, 3. af, 4. betlari, 5. brá, 7. mjólkur, 10. ata, 13. egg, 15. róla, 16. kaf, 19. ra.









# N1 bjargar jólunum

**BAKÞANKAR**
Sifjar Sigmarsdóttur



Þegar forstjóri olíurisans N1 lýsti því yfir á dögunum að íslenski bókamarkaðurinn væri staðnaður fór um okkur sem gutlum við fagið skjálfti svo ryklagið á herðunum þyrlaðist upp og köngulóarvefirnir í handarkrikunum gengu í bylgjum. Ekki reyndist þó ástæða til að örvænta yfir stöðu mála. Hugsjónafólk leynist á ótrúlegustu stöðum og hyggst bensínsalinn gerast bjargvættur bókabransans og laga ástandið. Ég sem hafði í einfeldni minni talið bissness-jöfra eins og hann einungis hafa áhuga á ljóðstöfum kauphallarinnar og hrynjandi hagnaðartalna; í stað hjarta hefðu þeir posa og í stað heila Excel-forrit. Ég roðnaði niður í tær yfir eigin fávisku og fordómum.

**TIL AÐ** stemma stigu við stöðnun bókamarkaðarins hyggst N1 taka þátt í jólabókaflóðinu í ár. Innan um eldsneyti, tóbak, síríuslengjur og pulsur hvílir heill bókaheimsins: Ævisaga Jónínu Benediktsdóttur. Fyrirtækið hefur tryggt sér einkarétt á sölu og dreifingu bókarinnar og gangi allt að óskum verður hún eingöngu fáanleg á bensínstöðvum N1. Ástir og örlög, glæpur og refsing; ein með öllu öðlast nýja merkingu um leið og olíuforstjórinn og detox-drottningin dusta af bókabransanum sem í kjölfarið bætist í þann fjölbreytta hóp sem kjarnakonan Jónína hefur orðið til sáluhjálpar og innri hreinsunar.

**ÞAÐ ER** þó eitt sem fer fyrir brjóstið á mér varðandi þessa tiltekt alla. Forstjóri N1 lætur sér ekki nægja að umbreyta aðeins bókamarkaðnum. Hann er kominn í umbótaham og næsta fórnarlamb hans eru neytendamálin. Í frétt um herlegheitin í Fréttablaðinu kom fram að skilarétti á bókum Jónínu verður öðruvísi háttað en íslenskir bókakaupendur eiga að venjast. Þar segir: „Ekki verður skilaréttur á bókunum en á móti kemur að þær verða allar númeraðar. Eftir jólin verður svo dregið úr seldum eintökum og hinir heppnu hljóta vinninga.“

**AÐ HAPPDRÆTTUM** ólöstuðum leyfi ég mér að efast um ágæti þessarar nýbreytni. Þegar kemur að neytendavernd á borð við skilarétt höfum við Íslendingar löngum búið við verri kjör en nágrannaþjóðir okkar. Og enn er gengið á það þegar er naumt skammtað. Hvað verður það næst? „Við tryggjum ekki að pulsan sem þú kaupir hjá okkur sé ekki komin fram yfir síðasta söludag en á móti kemur að þú færð Happaþrennu með í kaupbæti sem gæti gengið upp í reikninginn frá slysavarðstofunni þurfir þú að leita til hennar með matareitrun“? Ekki veit ég hvað drottning detoxins segði við því.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Sitthvað bitastætt!

***Ný matreiðslubók eftir***
***NÖNNU RÖGNVALDARDÓTTUR***



Ætlarðu að halda veislu, saumaklúbb eða matarboð? Vantar þig hugmyndir og uppskriftir að einföldum réttum?




Hér er bókin sem þig vantar, uppfull af girnilegum pinnamat, snarli, smáréttum, ídýfum og sætmeti sem hentar við alls kyns tækifæri.



IÐUNN
www.forlagid.is

Við fögnum útgáfu bókarinnar
í Bókabúð Máls og menningar að **Laugavegi 18 kl. 17 í dag**.

*Komdu og kitlaðu bragðlaukana!*

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
DE NIRO NORTON STONE SPENNUMYND AF BESTU GERÐ JOVOVICH
MACHETE
Úti er Ævintýri 2
AULINN ÉG

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STONE | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| MACHETE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 | L |
| SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |


# Órafmögnuð og mjúk partí

„Þetta er orðinn fastur liður og einn af okkar stærstu viðburðum á hverju ári,“ segir Heiðar Austmann, dagskrárstjóri FM 957. Hin árlegu Eldhúspartí hefja göngu sína á fimmtudagskvöld á skemmti- og veitingastaðnum Austur. Þar koma fram Friðrik Dór, Blaz Roca, Bjarki og félagarnir Steindi Jr. og Ásgeir.

„Þetta er fyrsta kvöldið af þremur. Við ætlum að fá ýmsa flóru af listamönnum og bjóða upp á ólíkar tónlistarstefnur,“ segir Heiðar. Aðrir sem koma fram næstu fimmtudagskvöld eru Páll Óskar, Dikta, Haffi Haff og Jón Jónsson. Ekki er hægt að kaupa sig inn á Eldhúspartíin en hlustendur geta freistað þess að fá boðsmiða á FM 957.

Eldhúspartíin hófu göngu sína um síðustu aldamót og hafa þau flakkað á milli ýmissa staða í gegnum árin. Í fyrra var viðburðurinn haldinn á Sódómu Reykjavík þar sem krafturinn var í fyrirrúmi. Núna verður aftur farið í gömlu, góðu stemninguna í líkingu við órafmagnaða tónleika MTV-stöðvarinnar. „Þetta verður berstrípaðra og meira í órafmagnaðri stemningu,“ segir Heiðar. „Við ætlum að reyna að fara í mjúku hliðina á þessu en samt hafa rosa gaman.“

Aðspurður segir hann Eldhúspartíin mjög eftirsótt hjá tónlistarmönnum, enda góður vettvangur til að kynna sig. „Það hefur aldrei verið vandamál hjá okkur að fá fólk til að spila í Eldhúspartíum. Þetta er orðinn þannig viðburður að hann er með ákveðinn stimpil á sér.“ - fb



**HEIÐAR AUSTMANN** Dagskrárstjóri FM 957 býst við skemmtilegum Eldhúspartíum í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rokk sem stenst tímans tönn

Tónlist ★★★★

**Black Box**

XIII

Hljómsveitin XIII hefur verið starfandi í mismunandi myndum síðan 1993. Aðalsprauta hennar allan tímann hefur verið gítarleikarinn og söngvarinn Hallur Ingólfsson. XIII á að baki þrjár plötur. Salt kom út föstudaginn 13. maí 1994, Serpentyne föstudaginn 13. október 1995 og Magnifico Nova 13. janúar 2002. Fyrstu tvær plöturnar komu út á vegum erlendra fyrirtækja eftir útgáfu hérlendis, en Magnifico Nova var gefin út af franska plötufyrirtækinu XIIIbis Records. Eftir að franska fyrirtækið hafnaði fjórðu plötunni árið 2005 virtust dagar XIII taldir, en í fyrra fór sveitin af stað aftur og í maí og júní 2010 hljóðritaði hún nýja plötu, Black Box.

Platan Black Box sem hér er til umfjöllunar er samt ekki bara nýja platan, heldur er þetta tvöfaldur geisladiskur sem inniheldur 26 lög af öllum fjórum plötum sveitarinnar. Sjö laganna eru ný, en eldri lögin eru endurhljóðblönduð. Diskarnir tveir koma í innbundinni harðspjaldabók sem rekur sögu sveitarinnar í texta, myndum og úrklippum. Og það er ekki allt. Auk diskanna og bókarinnar fylgja kóðar með sem gera eiganda pakkans kleift að hala niður öllum plötunum í fullri lengd.




Tónlist XIII var í byrjun kraftmikið, goth-litað og þétt ofið gítarrokk og þó að hún hafi þróast nokkuð og orðið aðeins léttari með árunum hefur grunnurinn haldið sér. Hljómsveitin hefur alltaf lagt mikið í hljóminn og þetta þykka rokksánd er eitt af aðaleinkennunum. Áður en Hallur stofnaði XIII var hann trommuleikari í Ham og þessar tvær hljómsveitir eiga ýmislegt sameiginlegt.

Black Box pakkinn gefur góða mynd af hljómsveitinni og sýnir að tónlist XIII hefur staðist tímans tönn og á ekki síður erindi við íslenska rokkáhugamenn í dag heldur en þegar hún kom fyrst fram. Útgáfan sjálf er sérstaklega glæsileg. Ein flottasta yfirlitsútgáfa sem komið hefur út á Íslandi. Eina spurningin er: Af hverju var hin útgefna Wintersun ekki látin fylgja með í pakkanum?

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Glæsileg yfirlitsútgáfa sem allir íslenskir rokkhundar ættu að eiga í safninu.

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN
ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
ROBERT DOWNEY JR. OG ZACH GALIFIANAKIS EIGA EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON
RED ★★★★ HOLLYWOOD REPORTER ★★★ EMPIRE
BRUCE WILLIS, MORGAN FREEMAN, JOHN MALKOVICH OG HELEN MIRREN ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGU GRÍNMYND
ÆVINTÝRI SAMMA Leynigöngin 3D
THE SWITCH
14.000 gestir ★★★★ H.S. MBL ÓRÓI
LET ME IN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| RED | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 3.55 og 6.15 | L |
| DUE DATE | kl. 4 - 5.45 - 8 - 8.20 og 10.15 | 10 |
| RED | kl. 3.45 - 6 - 8.05 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 10:20 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10,40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | L |
| THE TOWN | kl. 10:20 | 16 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO (14) | 18:00, 20:00 |
| HÖLLIN (L) | 18:30, 19:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L) | 18:10, 20:30 |
| ÁFRAM STELPUR! (L) | 18:20 |
| NORÐ VESTUR (L) | 20:20 |
| ARNARHREIÐRIÐ: MÍNUS (14) | 20:30 (1000 KR. MIÐINN) |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIÐI.IS
MEÐ HANGANDI HENDI
ARNARHREIÐRIÐ
HIN GOÐSAGNAKENNDA OG NÆR ÓSÝNDA HEIMILDAMYND „MÍNUS“
SUBMARINO EFTIR THOMAS VINTERBERG
NORÐ VESTUR

NÝTT Í BÍÓ!
Woody Allen You Will Meet A Tall Dark Stranger
★★★ -H.S.S., MBL LÚXUS MACHETE
Úti er Ævintýri 2 750 kr. ÍSLENSKT TAL
ANNETTE BENING JULIANNE MOORE MARK RUFFALO THE KIDS ARE ALL RIGHT MIA WASIKOWSKA JOSH HUTCHERSON
BALTASARS KORMÁKS INHALE ★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -J.V.J, DV ★★★★ -S.V., MBL
BRIM
★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -T.V., kvikmyndir.is ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 10 | 12 |
| INHALE | kl. 6 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 8 - 10 | 16 |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

Ertu orkulaus?
Viltu lifa lífinu lifandi?
Fyrirlestur um pH lífsstíl – mikilvægi basískrar næringar
Súr eða basísk / ur?
Hátt eða lágt pH gildi?
Fyrirlesturinn er haldinn
á *Maður lifandi* Borgartúni 24
Fimmtudaginn 11. nóv. kl. 19.00
Fyrirlesarar eru:
Hanna Laufey Elísdóttir, Guðrún Helga Rúnarsdóttir
næringarráðgjafar og microscopistar
Aðgangur kr. 1500
maður lifandi

# Dásamleg skáldverk



## Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson

Hinir hálfsjötugu vinir Örn og Jón sigla til Englands til að sækja arf eftir föður Arnar, sjómann í Hull. Í farangri þeirra eru drög að kvikmyndahandriti.

Kostuleg lýsing á brokkgengu lífi listamanna og ástandi þjóðar eftir Braga Ólafsson.




**3.980 kr.**
~~5.690 kr.~~




**3.980 kr.**
~~5.690 kr.~~

## Ljósa



**Hrífandi skáldsaga um gleði og sorgir einstakrar konu eftir Kristínu Steinsdóttur**

„Þetta er vel skrifuð saga sem kemur við hjartað í lesandanum …"
*Kristín Heiða Kristinsdóttir / Morgunblaðið*

„… grípandi, falleg og skrifuð af djúpu innsæi. Af þeim íslensku skáldsögum sem ég hef lesið í haust þá hefur Ljósa tvímælalaust vinninginn."
*Jenný Anna Baldursdóttir / blog.eyjan.is*

Tilboðin gilda til og með 22. nóv.

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# sport

sport@frettabladid.is



**STEFÁN LOGI MAGNÚSSON**, markvörður norska úrvalsdeildarliðsins Lilleström, var í gær valinn í íslenska A-landsliðshópinn í fyrsta sinn í tuttugu mánuði. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tók Stefán inn í Ísraelshópinn þar sem Árni Gautur Arason er meiddur. Steinþór Freyr Þorsteinsson kom einnig inn í hópinn vegna meiðsla Rúriks Gíslasonar.


EIMSKIPS BIKARINN
EIMSKIP
16-LIÐA ÚRSLIT
HANDBOLTI KVENNA
LEIKIR Í DAG:

ÍBV – HAUKAR
kl. 18:00
Vestmannaeyjum

VALUR 2 – ÍR
kl. 19:10
Vodafonehöllinni

GRÓTTA – HK
kl. 19:30
Seltjarnarnesi

ÖRUGG SENDING – EIMSKIP


# VILJUM VINNA ALLA LEIKI

**Dregið var í riðla í úrslitakeppni EM U-21 liða í gær og er Ísland í A-riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi. Tómas Ingi Tómasson aðstoðarþjálfari er ánægður með hlutskiptið en leikir Íslands fara fram í Álaborg og Árósum.**



**FAGNA ÞEIR NÆSTA SUMAR?** Íslenska 21 árs landsliðið fagnar hér sigurmarki Almars Ormarssonar í fyrri umspilsleiknum á móti Skotum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÓTBOLTI** Óhætt er að segja að Ísland hafi fengið flestar sínar óskir uppfylltar þegar dregið var í riðla fyrir úrslitakeppni EM í flokki U-21 landsliða í gær. Mótið fer fram í Danmörku í júní á næsta ári.

Ísland lenti í A-riðli með heimamönnum sem og liðum Sviss og Hvíta-Rússlands.

B-riðilinn skipa lið Tékklands, Spánar, Englands og Úkraínu. Ísland gat ekki dregist í sama riðil og Spánn en Tékkar náðu besta árangri allra liða í undankeppninni og Englendingar komust í úrslitaleikinn síðast þegar þetta mót var haldið. Á hinum margfræga pappír verður B-riðill því að teljast sterkari en íslenski riðillinn.

„Við erum mjög sáttir," segir aðstoðarþjálfarinn Tómas Ingi Tómasson við Fréttablaðið en hann var viðstaddur dráttinn í Álaborg í gær.

Áður en dregið var í riðlana var ljóst að Danmörk yrði í A-riðli en Tékkland í B-riðli. Ísland og Tékkland voru saman í riðli í undankeppni mótsins og unnu Tékkar báðar viðureignirnar gegn Íslandi. „Við vildum frekar fá Dani en Tékkana. Þar að auki fáum við að spila okkar leiki í Álaborg og Árósum sem er sérstaklega ánægjulegt fyrir mig þar sem ég er hálfur Árósingur," segir hann í léttum dúr en Tómas Ingi spilaði um árabil með AGF, knattspyrnuliði bæjarins. „Það verður skemmtilegt að fá leiki á mínum gamla heimavelli."

Hann segir að það hafi einnig verið á óskalistanum að vera í riðli með Hvíta-Rússlandi. „Ég held að það lið sé í svipuðum styrkleikaflokki og við. Öll hin liðin eru mjög sterk og því skipti það litlu máli hvort við fengjum Sviss eða eitthvert annað lið," bætir hann við.

Mótið er einnig undankeppni fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum árið 2012 en þrjú efstu liðin á mótinu, auk Bretlands, öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikunum.

„Það þýðir að það er okkur í hag að fá England í undanúrslitin. Það var því gott að England lenti í hinum riðlinum," segir Tómas Ingi en komist lið Englands í undanúrslit fá hin þrjú liðin sem þangað komast sjálfkrafa farseðilinn til Lundúna. Að öðrum kosti þarf að spila sérstakan aukaleik um ólympíusætið.

Hann segir að nú geti undirbúningsvinna þjálfaranna hafist af fullum krafti. „Nú fer allt af stað hjá okkur þegar við vitum hverjum við munum mæta. Við höfum hingað til unnið okkar heimavinnu mjög vel og það verður engin breyting á því," segir Tómas Ingi. „Við höfum aldrei verið hræddir við að segja að við ætlum okkur að vinna alla leiki og það mun ekki breytast næsta sumar."

Ísland hefur á að skipa afar sterkum leikmannahópi en átta leikmenn úr þessum aldurshópi voru valdir í A-landsliðið sem mætir Ísrael í vináttulandsleik í næstu viku. „Það eru kynslóðaskipti í landsliðinu og þessir strákar eru tilbúnir til þess að spila með A-landsliðinu. Oft vilja kynslóðaskipti reynast erfið en þannig er það ekki hjá okkur. Þessir strákar eru einfaldlega framtíð íslenskrar knattspyrnu," segir Tómas Ingi.

eirikur@frettabladid.is

## Fiðrildin orðin að pelikönum



Tómas Ingi Tómasson, aðstoðarþjálfari íslenska U-21 landsliðsins, var viðstaddur í Álaborg í gær þegar dregið var í riðla í úrslitakeppni EM í Danmörku. Hann segir að stærð atburðarins hafi verið yfirþyrmandi.

„Þetta er svo stórt að það er ómögulegt að gera sér grein fyrir öllum umsvifunum fyrr en maður upplifir það sjálfur," segir hann. „Þegar dregið var í umspilið og við fengum Skotana sat ég heima fyrir framan tölvuskjá með fiðrildi í maganum. Nú er ég með pelikana og ekki pláss fyrir fleiri fugla í maganum," bætti hann við og hló. „Þetta er ótrúleg upplifun."

Hann segir viðbrögðin hjá þeim sem hann ræddi við ytra góð. „Við skoruðum flest mörk allra í undankeppninni og menn eru greinilega mjög hrifnir af okkar liði. Við þykjum djarfir og hugaðir enda vöðum við yfirleitt í sókn með 4-6 leikmenn. Það hefur gengið vel og engin ástæða að breyta því."

## EM U-21 liða í Danmörku

| A-riðill: | B-riðill: |
|---|---|
| Danmörk | Tékkland |
| Sviss | Úkraína |
| Hvíta-Rússland | Spánn |
| Ísland | England |

**Leikir Íslands:**

| | |
|---|---|
| 11. júní: Hvíta-Rússland - Ísland | Árósar |
| 14. júní: Sviss - Ísland | Álaborg |
| 18. júní: Ísland - Danmörk | Álaborg |

**Undanúrslit:**

| | |
|---|---|
| 22. júní: B1 - A2 | Viborg |
| 22. júní: A1 - B2 | Herning |

**Úrslitaleikur:**

| | |
|---|---|
| 25. júní | Árósar |











Tveir leikir í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi:

# Stoke vann án Eiðs



**LANGÞRÁÐUR SIGUR** Robert Huth fagnar sigri Stoke í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Stoke endaði fjögurra leikja taphrinu sína í ensku úrvalsdeildinni með 3-2 sigri á Birmingham í gær en Tottenham náði hins vegar aðeins 1-1 jafntefli á heimavelli á móti Sunderland.

Robert Huth kom Stoke í 1-0 rétt fyrir hálfleik og Ricardo Fuller jók muninn á 72. mínútu. Það tók Birmingham þó aðeins fjórar mínútur að jafna leikinn. Varamaðurinn Keith Fahey skoraði fyrst eftir sendingu frá Nikola Zigic og Cameron Jerome jafnaði síðan eftir fyrirgjöf frá Sebastian Larsson.

Stoke-menn tryggðu sér hins vegar öll þrjú stigin á 84. mínútu þegar Dean Whitehead skoraði en þetta var fyrsta mark Whitehead í þrjú ár og í 85 leikjum.

Eiður Smári Guðjohnsen kom ekki við sögu hjá Stoke og er þetta þriðji leikurinn í röð þar sem hann fær ekkert að spreyta sig.

Tottenham hefur ekki náð að vinna í síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni eftir 1-1 jafntefli á móti Sunderland á White Hart Lane. Raphael van der Vaart kom Tottenham í 1-0 á 64. mínútu eftir skallasendingu frá Peter Crouch en Asamoah Gyan tryggði Sunderland stig með sínu þriðja marki í síðustu tveimur leikjum. - óój

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

**LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN**
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK



**4995**
HANGANDI LJÓS



**18.495**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**12.495**
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA, GYLLT OG STÁL



**9995**
5 LJÓSA
**7990**
3 LJÓSA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



**19.995**
5 LJÓSA
**12.995**
3 LJÓSA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**7495**
5 LJÓSA
**5995**
3 LJÓSA



**5995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



**7495**
5 LJÓSA
**4995**
3 LJÓSA



**9995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**5995**
3 LJÓSA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



**> Ellen Pompeo**

„Sambandið á milli leikara er afskaplega mikilvægt. Við í Grey's erum eins og fjölskylda og berum virðingu hvert fyrir öðru. Við höfum það líka gaman saman, sem gerist ekki oft á tökustöðum."

***Ellen Pompeo kann vel við sig í leikaraliði Grey's Anatomy, en þættirnir eru á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld klukkan 21.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **HORFÐI Á BORGARSTJÓRANN NENNA ÞESSU EKKI**

## *Tortímandinn í Kastljósinu*

Brynja Þorgeirsdóttir ætlaði ekki að láta Jón Gnarr komast upp með neitt kjaftæði í Kastljósinu á mánudagskvöld. Heill þáttur var lagður undir viðtalið sem var ekki í beinni útsendingu og augljóst var að það hafði verið klippt hér og þar. Jón Gnarr lét eins og hann nennti ekki að vera þarna. Ekki lái ég honum. En Brynja lét eins og hann bæri höfuðábyrgð á því að höfuðborgin væri í djúpum skít, eins og önnur sveitarfélög landsins.

Það hlýtur að vera svolítið *trikkí* að sauma að manni sem lofaði að svíkja öll kosningaloforðin sín. Í því felst að sjálfsögðu að það verður svikið eins og annað og Jón lagði þunga áherslu á að Besti flokkurinn væri búinn að láta til sína taka í mörgum góðum málum, meðal annars endurreisn hinnar skuldum vöfðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Það má ýmislegt segja um Jón Gnarr, en þegar hann viðurkenndi að hann væri ekki alvitur og leitaði ávallt ráðgjafar frá fólki með betri þekkingu á málunum læsti hann gamaldagspólitík ofan í kistu og henti lyklinum. Um allan heim neyðist fólk til að hlusta á froðusnakkandi pólitíkusa tjá sig um málefni sem þeir hafa ekki hundsvit á, en kunna að tala í kringum það. Brynja hlustaði ekki á neitt múður, sem var bæði kostur og galli. Kosturinn var sá að pólitíkusar eiga að sjálfsögðu ekki að komast upp með neitt, en gallinn var að hún hlustaði ekki, punktur. Ef Jón sagði eitthvað var eins og önnur spurning væri tilbúin á blaði, í staðinn fyrir að fara lengra með umræðuefnið.

Hápunktur viðtalsins var þegar Jón sagðist vera Tortímandinn – geimvera sem enginn ræður við. Brynja sagði að það væri della – hugsanlega eitt af fáu sem hún las ekki af blaði. „Neei… Þetta er ekki della," sagði Jón. „Þetta er staðreynd."



### SJÓNVARPIÐ

**16.15 Drög að bíómynd** Gunnar Eyjólfsson leikari kann þá list að segja sögur. Í Drögum að bíómynd er brugðið upp sýnishorni af þessari einstöku frásagnargáfu.
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (12:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (7:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (7:42)
**18.30 Gló magnaða** (7:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (83:85) (Ugly Betty)Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Mendelsohn, nasistarnir og ég** (Mendelsohn, the Nazis and Me) Bresk heimildamynd
**23.20 Landinn** (e)
**23.50 Hófsöm rjúpnaveiði** (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**10.00 Journey to the Center of the Earth**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**16.00 Journey to the Center of the Earth**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Leatherheads**
**22.00 The Hoax**
**00.00 Into the Wild**
**02.25 The Nun**
**04.05 The Hoax**
**06.00 Man About Town**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (11:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (2:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (11:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (21:23)
**14.40 E.R.** (2:22)
**15.30 iCarly** (12:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Ofurhundurinn Krypto
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (5:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (6:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (2:20)
**20.10 Gossip Girl** (1:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa á Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**21.00 Grey's Anatomy** (7:22) .
**21.45 Medium** (7:22) .
**22.30 Nip/Tuck** (6:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**23.15 Sex and the City** (6:18)
**23.50 NCIS: Los Angeles** (12:24)
**00.35 Human Target** (3:12)
**01.20 The Forgotten** (16:17)
**02.05 X-Files** (24:24)
**02.50 Sjáðu**
**03.20 Joshua**
**05.05 Grey's Anatomy** (7:22)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### 2 SPORT *besta sætið*

**19.15 Meistaradeild Evrópu: Milan - Real Madrid**
**21.00 24/7 Pacquiao - Margarito** Hitað upp með 24/7 fyrir bardaga Manny Pacquiao og Antonio Margarito.
**21.30 Monte Carlo 3** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.



**22.20 Gunnar Nelson í BAMMA 4** Sýnt frá bardaga Gunnars Nelson í BAMMA 4.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Tottenham - Sunderland**
**16.35 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin í skoðuð.
**17.05 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
**18.05 Stoke - Birmingham** Útsending frá leik Stoke og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**19.50 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 19.40: Wigan - Liverpool
**22.00 Wigan - Liverpool**
**23.45 Chelsea - Fulham**
**01.30 Wolves - Arsenal**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 The Marriage Ref** (9:12) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (8:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (7:23) .
**19.45 Matarklúbburinn** (1:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.
**20.10 Spjallið með Sölva** (8:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**20.50 Parenthood** (6:13) .
**21.35 America's Next Top Model** (6:13) .
**22.25 CSI: New York** (7:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**23.15 Jay Leno**
**00.00 CSI: Miami** (7:24) (e)
**00.50 CSI: Miami** (14:25) (e)
**01.35 Premier League Poker II** (14:15) (e)

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.30 Golfing World** (e)
**12.20 Golfing World** (e)
**13.10 World Golf Championship 2010** (4:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour Yearbooks** (6:10) (e)
**19.35 LPGA Highlights** (6:10)
**20.55 European Tour - Highlights 2010** (5:10) (e)
**21.45 Golfing World** (e)
**22.35 The Open Championship Official Film 2010**
**23.30 Golfing World**
**00.20 ESPN America**

### 2 EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.40 Falcon Crest** (22:22) .
**20.30 Little Britain USA** (4:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cougar Town** (22:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**23.00 The Shield** (9:13) S.
**23.45 Daily Show: Global Edition.**
**00.10 Little Britain USA** (4:6)
**00.40 The Doctors**
**01.20 Falcon Crest** (22:22)
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Gamli allaballinn fer á kostum.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.30 Stjórnarskráin** Er eitthvað að eða ekki að, Jón Kristinn og Sigurður Líndal.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Gossip Girl

Ungmennin í Gossip Girl snúa aftur í glænýrri þáttaröð. Þetta er fjórða þáttaröðin um líf forsdekruðu unglinganna á Manhattan sem hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástalíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Ingibjörg Þorbergs **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Fawlty Towers **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** New Tricks **21.20** Fawlty Towers **21.55** QI **22.25** Harry and Paul **22.55** Come Dine With Me **23.20** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Lad tømmeret flyde **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag på Nordfyn **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Skæg med bogstaver **16.50** Laban det lille spøgelse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.20** OBS **23.25** Mission Ledelse **23.55** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Joanna Lumley: Draumen om Nilen **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** Viggo på lørdag

### SVT 1

**12.05** Harry - med pappa i köket **12.35** Paris, je t'aime **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Brottet **21.00** Nurse Jackie **21.30** Nurse Jackie **22.00** Våra vänners liv **23.00** Vem tror du att du är? **00.00** Ebbas stil





LAUGARDALSHÖLL 13. NÓVEMBER 2010
LÖG AF GLÆNÝRRI PLÖTU
Í BLAND VIÐ ÞEKKT SÁLARLÖG FRÁ ÝMSUM TÍMUM
AÐEINS ÞESSIR EINU TÓNLEIKAR • MIDI.IS • TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 21

BYLGJAN 989 - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Carlsberg

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN
Meiri Vísir.
vísir.is

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTADAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



*„Mér finnst Serrano voða gott. Ég fæ mér taílenskan burrito. Ég er mjög fastheldin á það og þori aldrei að skipta um.“*

Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir, Evrópumeistari í fimleikum.

# Hrafninn hefur menninguna til flugs

„Kiljan er elítu-þáttur þar sem er djúpt tekið á málunum og bækurnar gagnrýndar. Þátturinn okkar heitir Segðu mér frá bókinni þinni. Hver rithöfundur hefur sex mínútur til að segja frá verkinu sínu og kynna sig,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson, sjónvarpsstjóri ÍNN. Menningin sem umlykur yfirleitt aðdraganda jólanna verður hafin til vegs og virðingar á sjónvarpsstöðinni í nýjum bókmenntaþætti á sunnudögum sem verður stjórnað af fjölmiðlamanninum góðkunna, Sigurði G. Tómassyni. Sigurður kveðst ætla að lesa bækur rithöfundanna áður en hann tekur viðtöl við þá. „Mér finnst það vanvirða við þá að gera það ekki,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið.

Ingvi, sem var sjálfur nýkominn heim frá Ameríku þegar Fréttablaðið náði tali af honum, sagði augljóslega mikla eftirspurn eftir svona þætti miðað við þau viðbrögð sem þeir hefðu fengið. „Við sendum út boð til áttatíu höfunda og ef allir vilja mæta þá verðum bara að fjölga þáttunum en þetta er bara okkar leið til að koma til móts við okkar áhorfendur,“ segir Ingvi. Hann segir þættina ekki vera kostaða af bókaforlögunum en þau hafi hins vegar sýnt þessu mikinn áhuga.

Þetta verður hins vegar ekki eina menningartengda efnið sem er að hefjast á dagskrá ÍNN. Því nýr tónlistarþáttur lítur dagsins ljós á fimmtudagskvöldum klukkan hálf tíu. Þar munu íslenskir tónlistarmenn og lagahöfundar fá tækifæri til að kynna sig og sína tónlist. „Þátturinn heitir Rokk og tja, tja, tja. En ég man ekki hvað þáttastjórnandinn heitir, ég hef ekki einu sinni hitt hann enn þá.“ **- fgg**



**NÝR MENNINGARVITI** Ingvi Hrafn hefur fengið Sigurð G. Tómasson til að stjórna bókmenntaþætti á ÍNN sem hefur göngu sína á sunnudaginn.

# Hundruð prjóna fyrir vökudeild

„Ég eignaðist fyrirbura í fyrra og mundi eftir því hvað það var mikið vesen að fá húfu sem passaði á hana,“ segir Hafdís Priscilla Magnúsdóttir, sem nýlega auglýsti á samskiptasíðunni Facebook að hún ætlaði að prjóna fyrirburahúfur handa vökudeild Barnaspítala Hringsins. „Ég vissi að það vantaði húfur svo ég ætlaði bara sjálf að prjóna. Svo datt mér í hug að auglýsa hjá vinum mínum, hvort þeir myndu vilja vera með mér í þessu og svo vatt þetta bara upp á sig. Núna vilja mörg hundruð manns prjóna húfur,“ segir Hafdís, en hægt er að finna prjónaviðburðinn á Facebook og má hver sem er taka upp prjónana og vera með.

Hafdís og maðurinn hennar eignuðust dóttur í fyrra og ætla að gera það að hefð að gera eitthvað fyrir vökudeildina á afmælisdegi stelpunnar og á jólunum. „Á jólunum í fyrra komum við með ótrúlega margar tertur fyrir starfsfólk vökudeildarinnar. Núna langaði okkur að gera eitthvað sem myndi gagnast deildinni.“

Harpa segist ekki vera með miklar kröfur varðandi húfurnar, eina sem skiptir máli er að garnið erti ekki. „Þær verða að vera úr 100% bómull og að þola 60 gráðu þvott. En það má prjóna í öllum litum og allar gerðir eru velkomnar.“ Hafdís segist ekki vita með vissu hversu margar húfur hún muni geta afhent en að hún sé virkilega ánægð með viðtökurnar. „Það er bara byrjun nóvember og ég stefni að því að afhenda á aðfangadag. Svo vonandi get ég komið með góðan poka handa þeim, eða tvo,“ segir Hafdís. **- ka**



**ÖFLUGAR MÆÐGUR** Hugmyndin að húfunum spratt upp þegar Hafdís dvaldi á vökudeild Barnaspítalans með nýfædda dóttur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÆÐRI ÖÐRUM
LÖGUM

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er nú fáanleg í kilju.

Rit sem allir Íslendingar ættu að þekkja.




IÐUNN
www.forlagid.is

**GESTUR VALUR:** VINNUR MEÐ ARNARI GUNNLAUGS OG CASPER ÚR KLOVN

# Hætti sem vallarvörður og ákvað að gera gamanþætti

„Ég var svolítið svekktur með þá og fannst þeir fara illa með mig. Ég ákvað hins vegar að horfa fram á veginn, segja upp vallarstjórastarfinu á Vodafone-vellinum og fara í skóla til að læra sjálfur hvernig á að skrifa handrit,“ segir Gestur Valur Svansson leikstjóri. Tríó er heiti á nýrri gamanþáttaröð sem fer í sýningar eftir áramót á RÚV en Gestur skrifar bæði handritið að þeim og mun leikstýra þáttunum. Gestur Valur vakti mikla athygli fyrir þremur árum þegar hann lýsti því í samtali við Fréttablaðið að hann væri hugmyndasmiður Næturvaktarinnar, en nú er sá tími liðinn og Gestur hyggst hasla sér völl í kvikmyndagerðinni sjálfur.

Gestur er þegar búinn að ráða aðalleikara í þættina en það eru þau Steinn Ármann Magnússon, Þórhallur Sverrisson, Bergur Þór Ingólfsson og María Guðmundsdóttir og leikaraparið Tinna Hrafnsdóttir og Sveinn Geirsson. Þættirnir fjalla um nágrannaerjur íbúa í þriggja íbúða raðhúsi. Þættirnir verða teknir upp í Mosfellsbæ en tökur hefjast í næstu viku.

Að sögn Gests Vals var handritið að Tríói tilbúið fyrir tveimur árum en þá hrundi allt fjármálakerfið. „Ég lét því þýða tvo þætti yfir á dönsku og sendi til Caspers Christiansen,“ útskýrir Gestur en Casper er annar af Klovn-tvíeykinu. Þeir tveir hittust síðan í Los Angeles þar sem Casper, að sögn Gests, lýsti yfir mikilli ánægju með handritið. „Hann útskýrði fyrir okkur hvernig þeir hefðu staðið að sínum málum, hvað þeir hefðu átt lítinn pening og svo framvegis og svo framvegis. Við ætlum að gera þetta á svipaðan hátt og þeir, taka þetta upp hratt og hrátt.“

Gestur bætir því við að samstarfi hans og Caspers sé síður en svo lokið, þeir ætli sér að skrifa handrit að Hollywood-kvikmynd saman og eru þegar búnir að leggja línurnar fyrir það.

Framleiðslufyrirtækið Clear River Production sér um framleiðsluna á Tríói en Garðar á það ásamt Arnari B. Gunnlaugssyni sem kannski er þekktastur fyrir afrek sín á knattspyrnuvellinum. „Ég hafði samband við hann fyrir um ári síðan og eftir nokkur fundarhöld lét hann slag standa. Við höfum háleitar hugmyndir og stefnum langt, ætlum alla leið til Hollywood.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STJÖRNULIÐ**

**Gestur Valur Sveinsson** segist njóta aðstoðar **Caspers Christiansen**, Klovn-stjörnu, við að útfæra hugmynd að nýrri gamanþáttarö sem verður sýnd á RÚV eftir áramót. **Arnar B. Gunnlaugsson** knattspyrnukappi rekur framleiðslufyrirtækið Clear River Production ásamt Gesti Val en það framleiðir þættina.

# Töff tískusýning í Tjarnarbíói

„Sýningin verður lokaviðburðurinn í viku Unglistar, listahátíðar unga fólksins,“ segir María Nielsen, nemandi Tækniskólans í Reykjavík en hún er einn af skipuleggjendum tískusýningar sem haldin verður í Tjarnarbíói á laugardaginn. Alls taka 33 nemendur á fataiðnbraut Tækniskólans þátt í tískusýningunni og sýna þar hönnun sína og hæfni í handverki.

„Við erum búin að vera að vinna að sýningunni í allt haust,“ segir María og því ljóst að undirbúningurinn er mikill. „Stelpur sem eru að læra förðun hjá Airbrush & Makeup School hjálpa okkur að farða módelin og hárgreiðslunemar Tækniskólans sjá um hárgreiðsluna. Svo fáum við líka nemendur á ljósmyndabrautinni í skólanum til að taka myndir.“ Það er því ljóst að ansi margar deildir Tækniskólans koma að sýningunni. Fyrirsæturnar sem sýna hönnunina eru allar þaulvanar og tóku flestar þeirra þátt í Elite Models-fyrirsætukeppninni sem haldin var á dögunum. „Þetta er í fyrsta skipti sem við fáum alvöru módel til að vera með,“ segir María.

Spurð hvað hönnuðirnir ætli að sýna segir María það vera misjafnt eftir hverjum og einum. „Sumir nemendurnir eru að læra kjólasaum, aðrir klæðskerann og enn aðrir sérsaum, svo það verður hægt að sjá ansi margt frá okkur. En ég get sagt það að sýningin hefur aldrei verið jafn vegleg.“

Tískusýningin verður í Tjarnarbíói á laugardagskvöldið og hefst hún klukkan átta, en aðgangur er ókeypis. **-ka**



**FATAHÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR** Helga Jóakimsdóttir, Elísabet Maren Guðjónsdóttir, María Nielsen og Björg Gunnarsdóttir munu allar sýna hönnun sína á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Merki Myllunnar tryggja minna en 1% transfitu!*

MYLLAN

ALLTAF NÝ BAKAÐ

MYLLAN

# Allar framleiðsluvörur Myllunnar eru transfitusnauðar. Allar!

Engin framleiðsluvara Myllunnar inniheldur meira en 1% af transfitu. Engin! Ekki þarf að setja lög til að segja Myllunni að halda transfitu í lágmarki. Þróun transfitusnauðra vara hófst 2006 hjá Myllunni.

**Myllan skarar framúr.** Allar framleiðsluvörur Myllunnar eru transfitusnauðar - innihalda minna en 1% af transfitu! Myllan er brautryðjandi í þróun og framleiðslu á heilnæmum bökunarvörum á Íslandi. Leitaðu eftir merkjum Myllunnar.

Rannsóknir hafa sýnt að neysla á transfitu auki líkur á hjarta- og æðasjúkdómum, einkum vegna áhrifa þeirra til hækkunar á LDL- kólesteróli í blóði (slæma kólesterólinu) og lækkunar á HDL-kólesteróli (góða kólesterólinu).

Ráðleggingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hljóða upp á að magn transfitusýra fari ekki yfir 2g á dag. Samkvæmt heilsustefnu Myllunnar, sem mörkuð var **árið 2006**, er magni transfitu haldið í algjöru lágmarki í öllum framleiðsluvörum Myllunnar. Sýnum frumkvæði.

***Þú getur treyst því að vara merkt Myllunni innihaldi undir 1% af transfitum.***

ÍSLENSKT já takk!

Skoðaðu myllan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Conan og íslenska eldfjallið

Spjallþáttastjórnandinn **Conan O'Brien** sneri aftur í sjónvarp vestanhafs í vikunni eftir nokkurra mánaða hlé. Mikla athygli vakti þegar O'Brien var hrakinn af NBC-sjónvarpsstöðinni, eftir að hann tók við þætti Jay Leno. Conan O'Brien var að vonum hress þegar hann sneri aftur og grínaðist með að ýmislegt hefði gerst í fjarveru sinni og hann vonaðist til að geta farið yfir það í einum brandara. Hann áttaði sig loks á því að það væri eins og að reyna að halda íslensku eldfjalli frá því að klæðast kjötkjól Lady Gaga á meðan námumaður frá Chile reynir að hreinsa upp olíuleka BP.



### Góðar fréttir?

Oft er slegið fram á samskiptavefnum Facebook margvíslegum staðhæfingum í hálfkæringi. Líklegt er að þannig sé um viðbrögð **Guðmundar Ólafssonar** hagfræðings við frétt af meintum fjársvikum íslenskrar konu og kærasta hennar vestan hafs. „Loksins góðar fréttir, íslensk kona féflettir hálfvita,“ skrifar hann. **Jónas Kristjánsson** ritstjóri leggur í athugasemd út af fréttinni á annan máta: „Mistök hjá konunni, hún fer í fangelsi. Hefði heldur átt að nýta hugmyndaflugið hér heima.“

- afb, óká



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Var „lífvörður“ erfingjans á tónleikum
2. „Þær eru á höttunum eftir peningum“
3. Sakaði fréttakonu RÚV um heimsku og vanþekkingu
4. Íslensk kona ákærð fyrir milljóna dollara fjárkúgun
5. Faðir Helgu: „Ég trúi á sakleysi hennar“





TAL

HEIMASÍMI GSM INTERNET

Á VEITINGASTÖÐUM ÞYKIR SJÁLFSAGT AÐ VELJA ÞAÐ SEM MAÐUR VILL. OG NÚ LÍKA Í SÍMAÞJÓNUSTU.

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ VILT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.